



Ástand friðlýstra svæða

skýrsla Umhverfisstofnunar

2014

Suðvesturland

Álafoss	Náttúruvætti
Friðlýst	Auglýsing nr. 461/2013 í Stjórnartíðindum B.
Stærð km	13,7 km ² Stærð ha
Landvarsla	Er í þéttbýli og almennt eftirlit í höndum Mosfellsbæjar.
Samningur	Samningur er á milli sveitarfélagsins og Umhverfisstofnunar varðandi umsjón með náttúruvættinu.
Fræðsluáætlun	Fræðsluskilti frá Mosfellsbæ um svæðið. Fræðsluskilti frá Umhverfisstofnun um náttúruvættið ekki enn komið.
Skilti	Ekkert skilti um friðlýsingu. Fræðsluskilti eru um Álafoss og Álanes sem eru öll útkrotuð.
Stígar	Aðgengi að svæðinu ágætt frá Álafossvos, skipulagður stígur liggur meðfram Varmá að hluta sem veitir ágætis útsýni yfir fossinn. Engir skipulagðir stígar að fossinum sjálfum, aðeins grófir slóðar, og mætti bæta úr því.
Framkvæmdir	Engar en heppilegt að bæta aðgengi að fossinum
Vöktun	Mosfellsbær sér um daglega umsjón og rekstur náttúruvættisins. Dagleg umsjón felur t.d. í sér að sveitarfélagið sjái um að svæðið líti vel út, fjarlægji rusl, hafi eftirlit með því að verndargildi svæðisins rýrni ekki, bregðist við raski o.s.frv.
Rannsóknir	Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis hefur eftirlit með mengun í Varmá og hefur gert reglulegar mælingar á gæðum vatns í ánni.

Ástjörn	Friðland
Friðlýst	Auglýsing nr. 189/1978 í Stjórnartíðindum B. Friðland.
Stærð km	0,3 km ² Stærð ha 28,5
Lokunarákvæði	Óheimilt er að fara um svæðið frá 1. maí til 15. júlí. Enginn er þó á svæðinu til að framfylgja því banni.
Landvarsla	Á vegum Hafnafjarðarbæjar.
Samningur	Enginn formlegur samningur er til.
Fræðsluáætlun	Fræðsluskilti.
Skilti	Hafnafjarðarbær hefur komið upp fræðsluskiltum við Ástjörn.
Stígar	Stígur liggur umhverfis tjörnina. Svæðið er afar vinsælt til útivistar. Viðhald göngustíga hefur verið á vegum Hafnafjarðarbæjar.
Framkvæmdir	Viðhald stíga og brúa.
Alþjóðasamningar	Bernarsamningur (viðauki II)
Válistategundir	Flórgoði (VU), en tegundinni hefur fækkað til muna frá því sem var á fyrri hluta 20. aldar, hrunið hófst um miðbik 20. aldar. Flórgoða hefur einnig fækkað í Skotlandi, Noregi og Finnlandi en hann verpir á norðlægum slóðum. Flórgoði er alfriðuð tegund. Nokkur pör sáust sumarið 2012 við Ástjörn.
Vöktun	Vöktun á ref og mink.
Annað	Uppræta þarf framandi plöntutegundir á svæðinu. Annars er svæðið í ágætu ástandi.

Friðlýst	Auglýsing nr. 658/1996 í Stjórnartíðindum B. Fólkvangur		
Stærð km	0,6 km ²	Stærð ha	56,9
Lokunarákvæði	Óheimilt er að beita búpeningi innan fólkvangsins.		
Landvarsla	Umhverfis og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar hefur umsjón með framkvæmd friðlýsingar í umboði Umhverfisstofnunar og bæjarstjórnar.		
Samningur	Enginn formlegur samningur hefur verið gerður þess efnis en er í vinnslu		
Fræðsluáætlun	Fræðsluskilti		
Skilti	Fræðsluskilti		
Stígar	Stígur liggur umhverfis tjörnina. Svæðið er afar vinsælt til útivistar. Viðhald göngustíga hefur verið á vegum Hafnarfjarðarbæjar.		
Framkvæmdir	Viðhald stíga og brúa.		
Alþjóðasamningar	Bernarsamningur (viðauki II). Leggja ber áherslu á vernd flórgoða og búsvæða hans (í samningnum er ákvæði um búsvæðavernd). Þarfnast endurskoðunar.		
Válistategundir	Flórgoði (VU), en tegundinni hefur fækkað til muna frá því sem var á fyrri hluta 20. aldar, hrunið hófst um miðbik 20. aldar. Flórgoða hefur einnig fækkað í Skotlandi, Noregi og Finnlandi en hann verpir á norðlægum slóðum. Flórgoði er alfriðuð tegund. Nokkur pör sáust við Ástjörn sumarið 2012		
Vöktun	Engin gæsla hefur verið við vatnið síðan sumarið 2010. Starfsmenn þjónustumiðstöðvar og vinnuflokkar við stígaviðhald höfðu eftirlit eftir því sem aðstæður leyfðu. Garðyrkjustjóri fylgist með svæðinu. Landvörður á vegum Umhverfisstofnunar sumarið 2013.		
Annað	Viðhald göngustíga er á vegum Hafnarfjarðarbæjar. Gera þarf úttekt á ástandi svæðisins.		

Friðlýst	Auglýsing nr. 889/2000 í Stjórnartíðindum B. Friðland.		
Stærð km	0,1 km ²	Stærð ha	14,9
Lokunarákvæði	Á varptíma, 1. maí til 1. júlí, er umferð um friðlandið næst Bakkatjörn takmörkuð.		
Landvarsla	landvörður heimsótti ekki svæðið 2014		
Samningur	Enginn formlegur samningur um umsjón.		
Fræðsluáætlun	Umhverfisstofnun áætlað að setja upp upplýsingaskilti árið 2014. Umhverfisstofnun hefur heimilað byggingu fuglaskoðunarskýlis á vegum Seltjarnarnesbæjar. Áætlað er að bygging skýlisins hefjist eftir 15. júlí 2013 þegar varptíma lýkur.		
Skilti	Fræðsluskilti um fugla er við tjörnina. Skilti þar sem fólk er beðið um að gefa fuglum ekki brauð var sett upp árið 2013. Umhverfisstofnun setti upp vegvísi við göngustíg að tjörninni 2012. Þar er einnig skilti sem sýnir að umferð með hunda er bönnuð frá 1. maí til 15. júlí.		
Stígar	Stígar eru á vegum bæjarins.		
Rannsóknir	Í mars 2009 var unnin skýrsla og gerðar grunnrannsóknir á lífríki Bakkatjarnar af Náttúrustofu Kópavogs fyrir umhverfisnefnd Seltjarnarnesbæjar. Lífríki tjarnarinnar er einkar gróskumikið. Magn blaðgrænu er það mesta sem mælst hefur í ferskvatni hérlendis. Mikil mergð hornsíla finnst í tjörninni. Í Bakkatjörn hefur fundist vatnafló sem ekki hefur verið greind hér á landi áður, <i>Daphnia magna</i> , en einnig hafa fundist götungar sem ekki hafa áður fundist í ferskvatni hérlendis. Skýrsluna er að finna hér http://www.seltjarnarnes.is/media/skyrslur-utgafur/Bakkatjorn_Lokaskyrla.pdf Fuglar á svæðinu eru taldir annaðhvert ár.		
Annað	Skýra þarf betur ákvæði í auglýsingu um friðlandið hvað átt er við með því að umferð um friðlandið eigi að vera takmörkuð. Starfsmenn Umhverfisstofnunar fóru á svæðið sumarið 2011. Gera þarf úttekt á ástandi og endurmeta verndargildi svæðisins. Skýra þarf betur ákvæði í auglýsingu um friðlandið, hvað átt er við með því að umferð um friðlandið eigi að vera takmörkuð. Ekki bárust upplýsingar frá Seltjarnarnesbæ um ástand svæðisins fyrir 1. nóv 2014.		

Friðlýst	Auglýsing nr. 173/1985 í Stjórnartíðindum B. Fyrst fólkvangur 1973.		
Stærð km	90,4 km ²	Stærð ha	9.035,3
Landvarsla	Enginn á vegum Umhverfisstofnunar en starfsmenn eru á skíðasvæðinu í Bláfjöllum.		
Samningur	Samvinnunefnd sveitarfélaganna (stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og Bláfjallafólkvangs) fer með stjórn fólkvangsins og er hún skipuð einum fulltrúa frá hverjum aðila. Umhverfisstofnun er ekki með áheyrnarfulltrúa.		
Fræðsluáætlun	Bæklingur um skíðasvæðið gefinn út af stjórn fólkvangsins.		
Skilti	Skilti á vegum skíðasvæðisins. Skilti á vegum Þríhnúka ehf. um Þríhnúkagíg.		
Stígar	Reykjavegur er stíkuð leið gegnum fólkvanginn. Skipulagt gönguskíðasvæði á veturna. Stígur liggur frá skíðasvæðinu að Þríhnúkagíg.		
Framkvæmdir	Kanna þarf sumarið 2015 hver áhrif ferðamennsku inn á svæðið verða. 3H Travel fengu leyfi fyrir tímabundinni mannvirkjagerð í tengslum við ferðir í Þríhnúkagíg. Til að lagfæra skemmdir á stíg sem liggur að Þríhnúkagíg var grús borin í stíginn þar sem gróður hafði traðkast niður og myndast moldarflag.		
Vöktun	Þríhnúka ehf. fékk heimild Umhverfisstofnunar árið 2012 til að setja niður dúk í botn Þríhnúkagígs til að kanna hvort hrun sé sýnilegt í hellinum.		
Rannsóknir	Rannsóknir á Þríhnúkagíg á vegum Þríhnúka ehf, t.d. rannsóknir á hrunhættu í hellinum og rannsóknir á lífríki hellisins.		
Annað	Bláfjallafólkvangur er um margt merkilegt svæði. Bláfjöllin eru móbergshryggur og umhverfis þau hafa runnið hraun. Fjölmarga gíga, gígabyrpingar og hraunhella er að finna á svæðinu. Þríhnúkar eru þrjár hnúkar inni í Bláfjallafólkvangi. Þeirra merkilegastur er Þríhnúkagígur en hann er tæmt kvikuhólf eldstöðvar undir norðaustasta hnúknunum. Þríhnúkagígur er í 550 m hæð og er dýpt gígsins 120 metrar. Gígurinn hefur að geyma fallegar fíngerðar hraunmyndanir sem haldist hafa óskaddaðar í þau 3-4 þúsund ár sem liðin eru síðan gígurinn myndaðist. Árið 2005 var félagið Þríhnúkar ehf. stofnað með það að markmiði að gera Þríhnúkagíg aðgengilegan almenningi og um leið að vernda gíginn og umhverfi hans. Mikil vinna hefur farið fram við rannsóknir og hugmyndavinnu síðastliðin ár en árið 2009 kom út greinargerðin Aðgengi Þríhnúkagígs – Frumathugun og fjallar hún um afrakstur og niðurstöður vinnu undanfarinna ára. Í kjölfar aukinnar umferðar fólks um svæðið sem hafði leitt til átroðnings og skemmda, sem og þeirrar hættu sem fólki er búin við gígopið, var í samráði við Kópavogsbæ og Umhverfisráðuneytið ákveðið að stíka eina leið til uppgöngu, útbúið var skilti um Þríhnúkagíg og öryggisgirðing var reist umhverfis gígopið.		

	Borgir	Náttúruvætti
Friðlýst	Auglýsing nr. 269/1981 í Stjórnartíðindum B. Náttúruvætti.	
Stærð km	0,0 km ²	Stærð ha 4,1
Landvarsla	Svæði ekki heimsótt 2014.	
Samningur	Náttúruverndarnefnd Kópavogs hefur eftirlit með framkvæmd friðlýsinga í umboði Umhverfisstofnunar og bæjaryfirvalda.	
Skilti	Fræðsluskilti á vegum Kópavogsbæjar er á svæðinu.	
Stígar	Engir stígar eru á svæðinu.	
Framkvæmdir	Garðyrkjustjóri sinnir því að halda í skefjum trjágróðri og öðrum plöntum, sem hafa náð að sá sér í holtinu, enda er markmið friðlýsingarinnar að vernda jökulrispuðu hnullungana. Spornað er við óheftu flæði sjálfsáins gróðurs inn á 80-90% af holtinu, en það er ekki gert á jaðarsvæðunum.	
Válistategundir	Blátoppa (VU) er skráð í Borgarholti, fylgjast þarf með þessari tegund á svæðinu.	
Annað	Upplýsingar um ástand svæðis bárust ekki frá Kópavogsbæ fyrir 1. nóvember	

	Bringur	Fólkvangur
Friðlýst	20. maí 2014	
Stærð km	0,0 km ²	Stærð ha
Samningur	Milli Umhverfisstofnunar og Mosfellsbæjar, ótímasettur en hægt að óska eftir endurskoðun á samningi hvenær sem er, uppsagnarfrestur samnings er 6 mánuðir.	
Fræðsluáætlun	Fræðsluskilti frá Mosfellsbæ um svæðið. Fræðsluskilti frá Umhverfisstofnun um náttúruvættið ekki enn komið.	
Skilti	Fræðsluskilti frá Mosfellsbæ um svæðið. Fræðsluskilti frá Umhverfisstofnun um náttúruvættið ekki enn komið	
Stígar	Stígar og slóðar veita ágætis aðgengi að svæðinu og útsýni yfir fossinn. Stígar grófir og æskilegt að lagfæra stíga, akslóða og bílastæði.	
Framkvæmdir	Engar, en fyrirhugað er að gera aðgerðaráætlun um uppbyggingu svæðisins m.t.t. aðgengis.	
Vöktun	Mosfellsbær sér um daglegt eftirlit, umsjón og rekstur með fólkvanginum. Dagleg umsjón felur t. d. í sér að sveitarfélagið sjái um að svæðið líti vel út, fjarlægi rusl, hafi eftirlit með því að verndargildi svæðisins rýrni ekki, bregðist við raski o.s.frv.	

Friðlýst	30. apríl 2014	
Stærð km	2,7 km ²	Stærð ha
Lokunarákvæði	Enginn, en aðeins ætlað fótgangandi. Bönnuð umferð hesta og bíla.	
Landvarsla	Umhverfisstjóri Garðabæjar.	
Samningur	Umsjónarsamningur til 10 ára var undirritaður 30. apríl 2014.	
Fræðsluáætlun	Útivistarkort í vasabroti sýnir leiðina á svæðið, útg. umhverfisnefnd 2010.	
Skilti	Upplýsingarskilti vegna Gjáaréttar sem er á fornminjaskrá frá 1964.	
Stígar	Útivistarstígur er frá bílastæði að Búrfellsgjá, eftir gjánni er gönguslóði upp á Búrfell.	
Framkvæmdir	Bílaplan við aðkomu gönguleiðar upp í Búrfellsgjá og á Búrfell var lagfært á árinu ásamt vegabótum á Hlíðarvegi í Heiðmörk.	
Vöktun	Engin.	
Rannsóknir	Engar.	

Friðlýst

Auglýsing nr. 121/1974 í Stjórnartíðindum B. Náttúruvætti. Fyrst friðlýst

Stærð km

0,3 km²

Stærð ha

34,8

Samningur

Enginn formlegur samningur hefur verið gerður.

Fræðsluáætlun

Fræðsluskilti á staðnum.

Skilti

Fræðsluskilti sett upp af UST haustið 2013 við bílastæði. GPS: -21,6314/63,9982. Í góðu ástandi.

Stígar

Stígur frá bílastæði upp á gíg úr austri, meðfram norðurbrún gígs og niður af gíg í norðri og aftur í austur uns sameinast upprunalegum stíg. Lengd ca: 500 m. Ástand þokkalegt en þörf á að skilgreina stíg betur og afmarka.

Sjálfbóðaliðar

Umhverfisstofnun í samstarf við tvo framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu, Menntaskólann við Hamrahlíð og Fjölbautarskólann við Ármúla stefnuðu að vinnað á svæðinum 1. helgi í Október. "Græna helgin" var haldin þann 5. og 6. október síðastliðin. Skýra þarf betur ákvæði í auglýsingu um friðlandið hvað átt er við með því að umferð um friðlandið eigi að vera takmörkuð. Starfsmenn Umhverfisstofnunar fóru á svæðið sumarið 2011. Gera þarf úttekt á ástandi og endurmeta verndargildi svæðisins. Skýra þarf betur ákvæði í auglýsingu um friðlandið, hvað átt er við með því að umferð um friðlandið eigi að vera takmörkuð.

Ekki bárust upplýsingar frá Seltjarnarnesbæ um ástand svæðisins fyrir 1. nóv 2014. n og tóku nemendur frá báðum skólunum þátt í henni í ár. Laugardaginn 5. október var fyrirhugað að vinna að framkvæmdum við Eldborg í Bláfjöllum. Búið hefur verið að sérsmíða keðjustíg sem setja á í bratta brekku svo göngufólk renni ekki til eða færi sig í nærliggjandi mosagróður. Þá er einnig búið að ferma mól og grjót á svæðið til að afmarka betur bílastæði og bera í göngustíg þar sem hafa myndast djúpar kvosir og pollar. Þá er fyrirhugað að stika leiðina í kringum fjallið Drottningu og tengja gönguleiðina á milli fjallsins og Eldborga. Vegna óvænt snjócoma verkefni var klárað að hluta viku seinna. Myndir á www.facebook.com/icv.is

Framkvæmdir

Dreift var úr mól við bílastæði og fyrrihluta stígarins að svæðinu. Sérsmíðaðir voru sérstakir keðjustigar sem stóð til að leggja í stíginn þar sem hann er brattastur til að koma í veg fyrir að gestir svæðisins renni til í jarðvegi og freistist til að fara út fyrir stíginn. Vegna veður og snjóalaga tókst ekki að koma stígnum fyrir þegar fara átti í framkvæmdirnar. Verkið verður klárað 2015

Vöktun

starfsmenn USKR og UST fylgjast með svæðinu.

Annað

Svæðið er á appelsínugulum lista Umhverfisstofnunar yfir þau svæði sem þarf að fylgjast sérstaklega með að tapi ekki verndargildi sínu. Aðgerðir sem fara átti í haustið 2014 en ekki var hægt að framkvæma vegna veðurs/snjóalaga er ætlað að veða á móti því raski sem orðið hefur á svæðinu.

Friðlýst	Auglýsing nr. 622/1987 í Stjórnartíðindum B. Náttúruvætti.		
Stærð km	1,0 km ²	Stærð ha	100,5
Landvarsla	Landvörður Reykjanesfólkvangs hefur litið eftir svæðinu enda innan fólkvangsmarka.		
Fræðsluáætlun	Umhverfisstofnun áætlað að setja upp upplýsingaskilti árið 2015.		
Skilti	Gönguleiðarskilti við bílastæði.		
Stígar	Stígur liggur frá bílastæði upp á Eldborg.		

Annað Með tilkomu Suðurstrandarvegur hefur álagið á Eldborg minnkað til muna. Áfram þarf þó að huga að heildarlausn fyrir svæðið. Afmarka þarf bílastæði og göngustíga og setja þar upp upplýsingaskilti þar sem skýrt er kveðið á um að svæðið sé náttúruvætti. Eldborg er eina náttúruvætti innan fólkvangsins, ein af þeim stærstu á landinu og sennilega sú sem minnst hefur verið raskað. Eldborg er innan Reykjanesfólkvangs og því á rauðum lista.

	Eldey	Friðland
Friðlýst	Auglýsing nr. 119/1974 í Stjórnartíðindum B. Friðland. Fyrst friðlýst með sérstökum lögum árið 1940, lýst friðland 1960.	
Stærð km	0,0 km ²	Stærð ha 3,0
Lokunarákvæði	Óheimilt er að fara í eyna án leyfis Umhverfisstofnunar. Til verndar fuglalífi er meðferð skotvopna bönnuð nær eyinni en 2 km.	
Samningur	Eldey er ein af stærstu súlubyggðum í heimi (þær stærstu eru á Bretlandseyjum), en súlan verpir beggja vegna Atlantshafs.	
Skilti	Fræðsluskiltum um Eldey og súlubyggðina þar hefur verið komið fyrir við Valahnjúk á Reykjanesi á vegum Reykjanesbæjar, ásamt upplýsingum um aðrar tegundir sjófugla.	
Framkvæmdir	Vefmyndavél var komið fyrir í eyinni 2008 og hafa verið farnar fimm ferðir til viðhalds og lagfæringa á búnaði, síðast í janúar 2013.	
Alþjóðasamningar	Eldey er ein af stærstu súlubyggðum í heimi (þær stærstu eru á Bretlandseyjum), en súlan verpur beggja vegna Atlantshafs.	
Válistategundir	Súla (VU). Stór súlubyggð er í Eldey. Súlubyggðir eru tiltölulega fáar en oftast stórar og er tegundin talin þarfnast sérstakra verndaraðgerða og eftirlits. Súla er friðuð tegund (SPEC-2 og Bernarviðauki III).	
Vöktun	Líffræðistofnun Háskóla Íslands (Arnþór Garðarsson) hefur annast fuglatalningar. Fulltrúi Umhverfisstofnunar mældi sprungu í eyjunni í eftirlitsferð árið 2011 og er æskilegt að mæla sprunguna í hvert skipti þegar farið er í eyna til að fylgjast með gliðnun hennar.	
Rannsóknir	Hægt er að fylgjast með súlunni í Eldey á vefsíðunni www.eldey.is .	
Annað	<p>Farið var út í Eldey í desember 2011 vegna bilunar í vefmyndavél. Fulltrúi Umhverfisstofnunar fór með í ferðina. Mikið var um netadræsur, netabúta og plastbönd sem fuglinn safnar í hreiðrin. Athuga þarf hvort ástæða er til að hreinsa svæðið.</p> <p>Viðhaldsferð vegna vefmyndavélar var farin í janúar 2013. Mikið um netadræsur og plastbönd. Nokkrir fuglar fundust dauðir eftir að hafa flækst í ruslinu. Torkennilegur hlutur sem hugsanlega gæti verið sprengja fannst í eyinni. Landhelgisgæslunni var gert viðvart og myndir teknar til að greina um hvaða hlut væri að ræða. Ekki tókst að fara aftur út í eyna til að skoða hann nánar og bíður það betri tíma.</p> <p>Bronsskúlpturn af geirfugli hefur verið komið fyrir skammt frá fræðsluskiltum til minningar um tvo síðustu geirfluglana í heiminum sem drepnir voru í Eldey 3. júní 1844.</p>	

Friðlýst

Auglýsing nr. 326/1999 í Stjórnartíðindum B. Náttúruvætti.

Stærð km

0,2 km²

Stærð ha

17,8

Landvarsla

Umhverfis- og samgönguráð Reykjavíkur hefur umsjón með hinu friðlýsta svæði í umboði Umhverfisstofnunar og borgarstjórnar.

Samningur

Umsjónarsamningur í vinnslu.

Fræðsluáætlun

Fræðsluskilti á staðnum, fræðsla á vef Reykjavíkurborgar, 4 fræðsluviðburðir á svæðinu sumarið 2014.

Skilti

Tvö fræðsluskilti, eitt inni á miðju svæði og annað í vesturenda svæðisins, baughnit: -21,9261/64,1215 og -21,9062/64,1204. Bæði ný skilti í góðu ástandi.

Stígar

Nýlegir malbikaðir hjóla- og göngustígar rétt norðan við svæðið. Innan svæðisins er malarstígur nálægt setlögum á tveimur stæðum, vestast á svæði (lengd 635 m), og á austurhluta svæðisins (560 m og heldur áfram utan friðlýsta svæðisins), auk smærri malarstíga sem tengja malbikaða göngustíginn við malarstíginn. Ástand stíga er gott.

Öryggi

Á Fossvogsbökkum eru skilti sem vara fólk við að fara ekki of nálægt klettabrúninni.

Sjálfbóðaliðar

Umhverfisstofnun í samstarf við kennara frá grunnskóli í New York State hefur unnið á svæðinu. 16 sjálfbóðaliðar, þar af meðal 3 kennara og 3 liðsstjórar á vegum Umhverfisstofnunar unnu í upprætun lúpinu.

Verkefni hefur verið unnið í samstarfi við Reykjavíkuborg.

Framkvæmdir

Fræðsluskilti sett upp í janúar 2014

Vöktun

Starfsmenn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur heimsækja öll svæðin reglulega.

Rannsóknir

Umfangsmikil úttækt var gerð á ástandi og náttúrufari svæðisins sumarið 2013.

Annað

Svæðið er á appelsínugulum lista Umhverfisstofnunar. Fylgjast þarf sérstaklega með því að svæðið tapi ekki verndargildi sínu.

	Gálgahraun	Friðland
Friðlýst	Auglýsing nr. 877/2009 í Stjórnartíðindum B. Náttúruvætti.	
Stærð km	1,1 km ²	Stærð ha 108,2
Lokunarákvæði	Engin.	
Landvarsla	Er á vegum Garðabæjar. Reglulega er tínt rusl úr hrauninu, sérstaklega af sumarstarfsfólki, en mikið rusl safnast í fjörur. Hópar sjálfboðaliða félagasamtaka og skóla hafa tínt rusl í hrauninum í maí, (átaksverkefni umhverfisverndar) og fá hvatningarstyrki að launum.	
Samningur	Umsjónar og rekstrarsamningur er í gildi milli Umhverfisstofnunar og Garðabæjar dags. 6. okt. 2009.	
Fræðsluáætlun	Útivistarkort – Gönguleiðir í Garðabæ 2010. Þar eru merktar inn fornar leiðir.	
Skilti	Fræðsluskilti um fornar leiðir í Gálgahrauni voru reist 2011, annað við austuraðkomu af strandstíg við Hraunsvík, hitt sunnan hraunsins við Garðastekk.	
Stígar	Einungis fornir slóðar. Viðhaldið með merkiahælum við fornar leiðir í hrauninu.	
Öryggi	Helst þarf að verjast árás sílamáva yfir varptíma þeirra í hrauninu.	
Framkvæmdir	Framkvæmd við lagningu nýs Álftanesvegar meðfram suðurmörkum friðlandsins. Áætlun verklok haustið 2015.	
Alþjóðasamningar	Fjölskrúðugt fuglalíf með hraunjaðri, mófuglar í hrauninu.	
Vöktun	Landvörður á vegum Umhverfisstofnunar sumarið 2013.	
Rannsóknir	Fuglatalning gerð 2013 af Jóhanni Óla Hilmarssyni og Ólafi Einarsyni	
Annað	Verndargildi svæðisins byggir m.a. á því að verndarsvæðið í Gálgahrauni er að mestu ósnortið, fallett vel gróið hraun með ríka sögutengingu. Mikil og almenn útivist er stunduð í Gálgahrauni. Þekktar fyrirmyndir úr myndum Kjarvals, sem málaði þar mörg verk.	
	Landvörður fór um svæðið sumarið 2013. Mikill mávur á svæðinu í lok júlí, lítið um annan fugl.	

	Garðahraun, Vífilstaðarvatn og Maríuhellar	Fólkvangur
Friðlýst	30. apríl 2014	
Stærð km	1,6 km ²	Stærð ha
Landvarsla	Umhverfisstjóri Garðabæjar	
Samningur	Umsjónarsamningur til 10 ára undirritaður 30. apríl 2014	
Fræðsluáætlun	Útivistarkort í vasabroti útgefið af umhverfisnefnd 2010	
Skilti	Fræðsluskilti eru um Búrfellshraun og Maríuhella.	
Stígar	Útivistarstígar og malbikaðir göngustígar eru á svæðinu.	
Vöktun	Engin	

	Gróttu	Friðland
Friðlýst	Auglýsing nr. 13/1984 í Stjórnartíðindum B. Lýst friðland árið 1974.	
Stærð km	0,4 km ²	Stærð ha 39,6
Lokunarákvæði	Vegna fuglaverndar er óheimilt að fara um svæðið frá 1. maí til 15. júlí.	
Landvarsla	Umhverfisnefnd Seltjarnarness hefur umsjón með friðlandi Gróttu í umboði Umhverfisstofnunar og bæjarstjórnar Seltjarnarness.	
Samningur	Enginn formlegur samningur er til.	
Fræðsluáætlun	Fræðsluskilti um fuglalíf, á vegum Seltjarnarnesbæjar, eru á Snoppu. Einnig eru þar skilti sem sýna að umferð með hunda sé bönnuð allt árið og skilti sem banna alla umferð í Gróttu á auglýstum lokunartíma. Bæklingur er til frá 2002. Á vegum Seltjarnarnesbæjar er fræðslumiðstöð í Gróttu og er sérstakt samkomulag um aðgengi að miðstöðinni á lokunartíma. Öflug fræðsla er á svæðinu og margs konar fræðslustarf.	
Skilti	Seltjarnarnesbær kom upp fræðsluskiltum um fuglalíf á svæðinu við Snoppu. Þar er einnig skilti sem sýnir að umferð með hunda er bönnuð allt árið sem og skilti (á íslensku og ensku) sem banna umferð í Gróttu á auglýstum lokunartíma. Sett var upp skilti (vegvisir) á vegum Umhverfisstofnunar og jafnframt var eldra skilti frá tíma Náttúruverndar ríkisins fjarlæggt.	
Stígar	Steinlagður stígur liggur frá fjöru áleiðs að húsum, unninn með leyfi Umhverfisstofnunar árið 2008. Stígur liggur upp að flaggstöng. Hringsjá er uppi á Hamrinum.	
Alþjóðasamningar	Krían er í viðauka III við Bernarsamninginn.	
Vöktun	Talning/rannsókn á fuglalífi er í höndum Seltjarnarnesbæjar, sem fengið hefur sérfræðing (Jóhann Óla Hilmarsson) til verksins. Talning er framkvæmd annað hvert ár.	
Annað	Kríuvarp er í Gróttu og er krían alfriðuð. Á hverju ári stendur sveitarfélagið fyrir Gróttudegi þar sem almenningi er boðið í Gróttu til að kynnast lífríki og náttúru staðarins. Tekið er á mótí skólahópum yfir vetrartímann. Fræðsluferðir eru farnar til að kynna lífríki fjörunnar, menningarsögu vitans, sjósókn og útræði. Gerð var úttekt á svæðinu á vegum Almennu verkfræðistofunnar fyrir Umhverfisstofnun árið 2012.	

Upplýsingar bárust ekki frá Seltjarnarnesbæ fyrir 1 nóv 2014.

	Hamarinn	Náttúruvætti
Friðlýst	Auglýsing nr. 188/1984 í Stjórnartíðindum B. Náttúruvætti.	
Stærð km	0,0 km ²	Stærð ha 2,1
Landvarsla	Umhverfis og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar hefur umsjón með framkvæmd friðlýsingar í umboði Umhverfisstofnunar og bæjarstjórnar.	
Samningur	Ekki hefur formlegur samningur verið gerður vegna umsjónar. Er í vinnslu.	
Skilti	Á svæðinu er ekkert skilti sem bendir til friðlýsingar.	
Stígar	Stígur liggur upp að flaggstöng. Hringsjá er uppi á Hamrinum. Einnig var gerður stígur upp frá Flensborgarskóla fyrir nokkrum árum.	
Annað	Stíga og aðkomu að svæðinu mætti bæta. Ekkert skilti er á svæðinu og enginn bekkur. Gera þarf úttekt á ástandi og endurmeta verndargildi svæðisins.	
	Háubakkar	Náttúruvætti
Friðlýst	Auglýsing nr. 347/1983 í Stjórnartíðindum B. Náttúruvætti.	
Stærð km	0,0 km ²	Stærð ha 2,1
Landvarsla	Umhverfis- og samgönguráð Reykjavíkur hefur umsjón með hinu friðlýsta svæði í umboði Umhverfisstofnunar og borgarstjórnar.	
Samningur	Vinna hafin við gerð umsjónasamnings	
Fræðsluáætlun	Fræðsluskilti á staðnum, fræðsla á vef Reykjavíkurborgar	
Skilti	Eitt skilti, við bílastæði, baughnit: Lengd: -21,8449, Breidd: 64,1298 og nýtt skilti í góðu ástandi	
Stígar	Einn malarstígur, frá bílastæði að setlögum í botni vogs, lengd: 55 m, ástand: þokkalegt, stígur eilítið uppgróinn.	
Öryggi	Varast skyldi hrun úr bökkunum.	
Framkvæmdir	Fræðslukilti sett upp í janúar 2014	
Vöktun	Starfsmenn Reykjavíkurborgar heimsækja svæðið reglulega.	
Rannsóknir	Umfangsmikil úttekt var gerð á ástandi svæðis og náttúrufari sumarið 2013.	
Annað	Svæðið er á appelsínugulum lista Umhverfisstofnunar yfir þau svæði sem þarf að fylgjast sérstaklega með að tapi ekki verndargildi sínu.	

	Hleinar	Fólkvangur
Friðlýst	Auglýsing nr. 399/2009 í Stjórnartíðindum B	
Stærð km	0,3 km ²	Stærð ha 32,3
Landvarsla	Umhverfis- og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar hefur umsjón með framkvæmd friðlýsingar í umboði Umhverfisstofnunar og bæjarstjórnar.	
Samningur	Enginn formlegur samningur hefur verið gerður varðandi umsjón en er í vinnslu.	
Fræðsluáætlun	Aðgengi að svæðinu er gott og það er því ákjósanlegt til fræðslu og útikennslu. Svæðið er 28,2 hektarar að stærð og er hluti af friðlýsingu búsvæða fugla við Álftanes og Skerjafjörð í samræmi við náttúruverndaráætlun 2004-2008.	
Skilti	Ekkert skilti sem segir til um friðlýsingu.	
Stígar	Gert er ráð fyrir merktum og stikuðum gönguleiðum í samræmi við deiliskipulag.	
Annað	Almennt ástand gott. Talsvert rusl sem tínt er upp. Bekkur á bílaplani krotaður.	
	Hlið	Fólkvangur
Friðlýst	Auglýsing nr. 549/2002 í Stjórnartíðindum B. Fólkvangur.	
Stærð km	0,4 km ²	Stærð ha 39,6
Landvarsla	Umhverfisstjóri Garðabæjar	
Samningur	Umsjónasamningur um Hlið er ekki til staðar.	
Skilti	Skilti er til staðar.	
Stígar	Götuslóði liggur inn á svæðið	
Öryggi	Á upplýsingaskiltum er varað við hálu fjörugrjóti og sjávarföllum.	
Framkvæmdir	Engar framkvæmdir hafa verið frá árinu 2011.	
Alþjóðasamningar	Margæs, æðarfugl, rauðbrystingur, sendlingur og tildra eru ábyrgðartegundir á svæðinu. Tegundirnar eru í Bernarviðaukum II og III.	
Vöktun	Margæs er vöktuð á Álftanesi á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands.	
Rannsóknir	Fuglatalning ráðgerð 2014.	
Annað	Þarna er hrossabeit innan rafmagnsgirðinga?	

Hvaleyrarlón og Hvaleyrarhöfði	Fólkvangur
---------------------------------------	-------------------

Friðlýst	Auglýsing nr. 397/2009 í Stjórnartíðindum B. Fólkvangur.		
Stærð km	0,4 km ²	Stærð ha	39,9
Lokunarákvæði	Umferð vélknúinna farartækja, þ.m.t. sjópotna (jet-ski), er óheimil í friðlandinu. Þó er eigendum bátaskýla við Hvaleyrarlón heimilt að sigla að skýlunum, en þeim ber að tryggja að ekki hljóttist af mengun vegna spilliefna. Í samræmi við samþykkt um hundahald er óheimilt að hafa hunda án fylgdar í fólkvanginum.		
Landvarsla	Umhverfis og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar hefur umsjón með framkvæmd friðlýsingar í umboði Umhverfisstofnunar og bæjarstjórnar.		
Samningur	Enginn formlegur samningur hefur verið gerður varðandi umsjón en er í vinnslu		
Stígar	Gönguleið samkvæmt aðalskipulagi.		

Kaldárhraun og Gjárnar	Náttúruvætti
-------------------------------	---------------------

Friðlýst	Auglýsing nr. 396/2009 í Stjórnartíðindum B. Náttúruvætti.		
Stærð km	2,1 km ²	Stærð ha	208,9
Landvarsla	Umhverfis- og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar hefur umsjón með framkvæmd friðlýsingar í umboði Umhverfisstofnunar og bæjarstjórnar.		
Samningur	Ekki hefur formlegur samningur verið gerður um umsjón en hann er í vinnslu.		
Fræðsluáætlun	Fræðsluskilti frá Rotarýklúbbi Hafnarfjarðar stendur rétt fyrir utan mörk náttúruvættisins.		
Stígar	Göngustígar og akstursvegur eru innan svæðisins. Kaldárstígur er gömul gata sem tengist selbúskap.		
Annað	Vatnsverndarsvæði.		

	Kasthúsatjörn	Friðland
Friðlýst	Friðland.	
Stærð km	0,0 km ²	Stærð ha 4,2
Lokunarákvæði	Á varptíma, frá 1. maí til 1. júlí, er umferð fólks um friðlandið við Kasthúsatjörn takmörkuð	
Landvarsla	Umhverfisstjóri Garðabæjar	
Samningur	Ekki hefur verið gerður formlegur umsjónarsamningur, en umhverfisnefnd Garðabæjar hefur umsjón með friðlöndum í Garðabæ.	
Fræðsluáætlun	Umhverfisstofnun hefur látið útbúa upplýsinga- og fræðsluskilti í samræmi við skilti á öðrum friðlýstum svæðum. Ekki hefur fengist leyfi frá sveitarfélaginu til þess að setja það upp.	
Skilti	Upplýsingaskilti er á svæðinu um umhverfi Kasthúsatjarnar og um fuglalíf	
Stígar	Malarstígar á milli tjarnarsvæðis og grjótnargarðs ofan fjöru. Skammt frá er malarbílaplan.	
Alþjóðasamningar	Margæs, æðarfugl, rauðbrystingur, sendlingur og tildra eru ábyrgðartegundir á svæðinu. Tegundirnar eru á Bernarviðaukum II og III.	
Vöktun	Engin formleg vöktun er í gangi. Samkvæmt greinargerð Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen um endurheimt votlendis hefur tjörnin breytt sér nokkuð eftir tilkomu sjóvarnargarðs. Gæti þurft að setja rás þar til að viðhalda lífríki. Grunnvatnsstaða landsins lækkar og efstu jarðvegslög þorna. Við það verða gróðurfarsbreytingar þar sem votlendistegundir hopa og þurrlendistegundir sækja á.	
Rannsóknir	Rannsókn fuglalífs á Álftanesi 2014, framkvæmd af Jóhanni Óla Hilmarssyni og Dr. Ólafi Einarssyni, með skýrslu í árslok.	
Annað	Umferð er stýrt með leiðbeiningum en skýra þarf betur hvað það þýðir að umferð manna sé takmörkuð á tímabilinu 1. maí til 1. júlí. Lausaganga hunda er ekki leyfð á svæðinu. Samþykkt bæjarstjórnar Álftaness um kattahald tekur á lausagöngu og lagt er til að leggja út lífgildirur fyrir ketti og minka. Vegna nábylis við byggð er hætt á að framandi og jafnvel ágengar gróðurtegundir nái sé á strik s.s. skógarkerfill og lúpína. Slíkar tegundir þarf að uppræta jafnóðum. Svæðið er lítið og aðþrengt með beitarhólf hrossa niður að tjörninni sem veldur traðki á viðkvæmum bökkum hennar á tvo vegu; er á eignarlandi.	

Friðlýst

Auglýsing nr. 663/2002 í Stjórnartíðindum B. Friðland og Fólkvangur.

Stærð km0,2 km²**Stærð ha**

21,6

Lokunarákvæði

Á varptíma, frá 1. maí til 1. júlí, er umferð fólks um aðliggjandi friðland takmörkuð.

Landvarsla

Er á vegum Garðabæjar. Sér bærinn um ruslatíslu sem aðallega er unnin af sumarstarfsfólki. Hópar sjálfboðaliða félagasamtaka hafa tekið að sér að tína rusl í fjörum í maí og fá hvatningarstyrki að launum, en það er vorverkefni umhverfisnefndar.

Samningur

Enginn umsjónarsamningur, en umhverfisnefnd Garðabæjar hefur umsjón með friðlöndum í Garðabæ.

Fræðsluáætlun

Umhverfisstofnun hefur látið útbúa upplýsingaskilti í samræmi við skilti á öðrum friðlýstum svæðum. Ekki hefur fengist leyfi frá sveitarfélaginu til að setja það upp.

Skilti

Engin.

Stígur

Malarstígur sem er gönguleið er jafnframt reiðstígur og liggur innan grjótnargarðs ofan fjörunnar.

Öryggi

Sjóvargarður hefur skemmst en honum er viðhaldið. Á garðinum eru merki sem vara við flæðihættu.

Alþjóðasamningar

Margæs, æðarfugl, rauðbrystingur, sendlingur og tildra eru ábyrgðartegundir. Tegundirnar eru í Bernarviðaukum II og III.

Vöktun

Margæs er vöktuð á Álftanesi á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Rannsóknir

Fuglatalning 2014.

Laugarás		Náttúruvætti	
Friðlýst	Auglýsing nr. 41/1982 í Stjórnartíðindum B. Náttúruvætti.		
Stærð km	0,0 km ²	Stærð ha	1,5
Landvarsla	Umhverfis- og samgönguráð Reykjavíkur hefur umsjón með hinu friðlýsta svæði í umboði Umhverfisstofnunar og Reykjavíkurborgar.		
Samningur	Vinna hafin við gerð umsjónarsamnings.		
Fræðsluáætlun	Fræðsluskilti á staðnum, fræðsla á vef Reykjavíkurborgar.		
Skilti	Eitt skilti inni á miðju svæði, baughnit: Lengd: -21,8667, Breidd: 64,1439 og nýtt skilti í góðu ástandi.		
Stígur	Einn malarstígur og nokkrir slóðar, úr SV horni að malbikuðum göngustíg NV við friðlýsta svæðið, lengd: 205 m, ástand: á eftir að klára að bera mól í stíginn.		
Framkvæmdir	Fræðsluskilti sett upp í janúar 2014		
Vöktun	Starfsmenn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur heimsækja svæðið reglulega.		
Rannsóknir	Umfangsmikil úttekt var gerð á ástandi og náttúrufari svæðisins sumarið 2013.		
Annað	Svæðið er á rauðum lista Umhverfisstofnunar. Á þeim lista eru svæði sem eru undir miklu álagi og bregðast þarf við strax með einhvers konar aðgerðum til að svæðin tapi ekki verndargildi sínu.		

Litluborgir		Náttúruvætti	
Friðlýst	Auglýsing nr. 395/2009 í Stjórnartíðindum B. Náttúruvætti.		
Stærð km	0,1 km ²	Stærð ha	10,6
Landvarsla	Umhverfis- og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar hefur umsjón með framkvæmd friðlýsingar í umboði Umhverfisstofnunar og bæjarstjórnar.		
Samningur	Enginn formlegur samningur hefur verið gerður um umsjón svæðisins en er í vinnslu		
Skilti	Engin skilti vísa á svæðið.		
Vöktun			
Annað	Verndun sérstæðra jarðmyndana		

	Rauðhólar	Fólkvangur
Friðlýst	Auglýsing nr. 185/1974 í Stjórnartíðindum B. Fólkvangur. Fyrst friðlýst sem náttúruvætti 1961	
Stærð km	1,3 km ²	Stærð ha 130,2
Landvarsla	Umsjón með fólkvanginum er í höndum Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar (Heilbrigðiseftirlitsins) þar sem um vatnsverndarsvæði er að ræða.	
Samningur	Engin samningur hefur verið gerður.	
Fræðsluáætlun	Fræðsluskilti á staðnum. Fræðsluviðburður sumarið 2014.	
Skilti	Tvö fræðsluskilti. Eitt við bílastæði við Heiðmerkurveg, annað við hestagirðingu nálægt brú yfir Bugðu vestast á svæðinu. GPS: --21,7491/64,0930 og 21,7709/64,0943. Hið fyrra var skemmt með kroti, verið að vinna að endurnýjun þess. Hitt er í góðu ástandi.	
Stígar	Reiðleið gegnum svæðið frá vestri til austurs. Göngustígar víða um svæðið, einn malbikaður sunnarlega í svæðinu en fleiri smærri malarstígar um mitt svæðið. Lítið um stíga austan við Heiðmerkurveg en þó vegaslóði sem er lítið notaður. Ástandsmat liggur ekki fyrir.	
Framkvæmdir	Girðing löguð veturinn 2013-2014. Verið að laga eitt fræðsluskilti sem skemmdist.	
Vöktun	Starfsmenn USKR og Skógræktarfélags Reykjavíkur fylgjast með svæðinu. Starfsmenn Reykjavíkurborgar heimsækja svæðið reglulega.	
Rannsóknir	Vinna er hafin við úttekt á ástandi og náttúrfari svæðisins.	
Annað	<p>Rauðhólar er nýtt svæði á appelsínugulum lista Umhverfisstofnunar. Á þeim lista eru svæði sem eru undir töluverðu álagi, fylgjast þarf vel með þeim og bregðast við eftir atvikum. Starfsmenn á vegum Umhverfisstofnunar fóru um svæðið sumarið 2012. Svæðið var gengið og kaðlar lagaðir. Víða eru reið- og gönguleiðir illa afmarkaðar. Brýnt er að gera heildarúttekt á svæðinu.</p> <p>Rusl er nokkuð á svæðinu. Girðing meðfram veginum við friðlandið er brotin, ruslatunna við girðinguna er illa farin og þyrfti að mála hana. Spýtnarusl er á svæðinu sem þarf að fjarlægja. Vinna þarf á lúpínu og bjarnarkló.</p>	

	Reykjanesfólkvangur	Fólkvangur
Friðlýst	Auglýsing nr. 520/1975 í Stjórnartíðindum B. Fólkvangur. Aðildarferli sveitarfélagsins Voga lokið , breyting á auglýsingu í stjórnartíðindi í undirbúningi.	
Stærð km	292,6 km ²	Stærð ha 29.262,7
Lokunarákvæði	Vegagerðin lokaði Djúpavatsleið, (F - vegur). Sett var upp skilti haustið 2012.	
Landvarsla	Landvörður með landvarðaréttindi sinni landvörslu sumarið 2014 á vegum stjórnar Reykjanesfólkvangs. Landvarðarskýrsla ekki tilbúin þegar ástandskýrsla var rituð.	
Fræðsluáætlun	Upplýsingaþjónusta á vegum landvarðar í Seltúni á viðverutíma hans. Vefsíða var opnuð árið 2012.	
Skilti	Lagfært var aðvörunarskilti við Krísuvíkurbjarg. Sett voru upp fimm ný skilti þar á meðal um lokun vegaslóða og bann við losun á sorpi.	
Stígar	Allar þjóð/gönguleiðir innan fólkvangs eru stikaðar og upphafsmerktar á vegum Ferðamálasamtaka Suðurnesja. Reykjavegur er stikuð leið í gegnum fólkvanginn.	
Öryggi	Öryggisskilti eru við hverasvæðið við Seltún. Lögreglan á Suðurnesjum sinni útköllum á svæðinu og tilfallandi eftirlitsferðum.	
Sjálfbóðaliðar	Fimm sjálfbóðaliðar á vegum Umhverfisstofnunar hafa unnið á Seltúni í eina viku. Helstu verkefni: afmörkun göngustíga og lagfæring palla. Myndir á www.facebook.com/ICV.IS	
Framkvæmdir	<p>Fylgst er með utanvegaakstri og höfð afskipti af skipulögðum ferðum t.d. á vegum ferðaþjónustuaðila. Kerfisbundið hefur verið unnið að því að fjarlægja rusl. Hitaveita Suðurnesja hóf framkvæmdir við lagningu rafmagns frá Vatnsskarði til Krísuvíkur í byrjun desember 2013 og lauk framkvæmdunum 2014.</p> <p>Vegagerðin hélt áfram með framkvæmdir á Krísuvíkurvegi og lauk þeim framkvæmdum 2014. Deiliskipulag gert fyrir Seltún.</p> <p>Seltún: palla- og göngustígasmíði, sett upp ný skilti og stígar afmarkaðir. Keyrt efni í planið. Endurbætur á salernum og aðstöðu fyrir starfsmenn.</p> <p>Miklar vegabætur á svæðinu.</p> <p>Rusl fjalægt úr námu á svæðinu í tengslum við kvikmyndatökur.</p>	
Válistategundir	Naðurtunga er talin í nokkurri hættu (LR) skv. válista NÍ, talsvert útbreidd við hverri norðan Trölladyngju.	
Vöktun	Í.S.O.R landsig/ris mælingar, jarðskjálftavöktun. Veðurstofa fylgist með Kleifarvatni.	
Annað	<p>Svæðið flokkast á rauðan lista Umhverfisstofnunar. Gífurlegur fjöldi ferðamanna fer um svæði á hverju ári og er brýn nauðsyn að grípa til aðgerða vegna álagsskemmda af völdum aukinnar umferðar og landnotkunar af ýmsu tagi.</p> <p>Leiðarendi þarf að fara í gjörgæslu vegna átroðnings Höskuldvellir mikil ásókn með tilheyrandi átroðningi</p> <p>Göngustíga víða troðnir og farnir að láta á sjá innan svæðisins</p> <p>Húshólmi og Selatangar að fara að láta á sjá</p> <p>Utánvegakstur minnkað við vegbætur við Kleifavatn. Hefur minnkað ár frá ári en hann er samt til staðar en hefur færst til og orðið afmarkaðri</p>	

Skerjafjörður innan Garðabæjar	Búsvæði
---------------------------------------	----------------

Friðlýst

Auglýsing nr. 878/2009 í Stjórnartíðindum B. Búsvæði.

Stærð km4,3 km²**Stærð ha**

427,6

Lokunarákvæði

Engin.

Landvarsla

Á vegum Garðabæjar. Rusl og reki tínt úr fjörum yfir sumartímann af sumarstarfsfólki Garðabæjar.

Samningur

Samstarfsamningur var undirritaður 06.10.2009 milli Umhverfisstofnunar og Garðabæjar um umsjón og rekstur svæðisins.

Fræðsluáætlun

Engin.

Skilti

Tvö skilti eru á svæðinu, sitt hvoru megin við fjöruna í Arnarnesvogi.

Framkvæmdir

Engar.

Alþjóðasamningar

Svæðið hefur alþjóðlegt verndargildi vegna fuglategunda, svo sem rauðbrystings og margæsar og einnig er svæðið mikilvægt vegna marhálms, en sú planta hefur takmarkaða útbreiðslu hér á landi og er ein aðalfæðutegund margæsar.

Vöktun

Reglulegar talningar fugla.

Rannsóknir

Landvörður á vegum Umhverfisstofnunar á svæðinu sumarið 2013.

Fuglatalning gerð 2013 af Jóhanni Óla Hilmarsyni og Ólafi Einarssyni

Annað

Fræðslugildi svæðisins er hátt með tilliti til lífríkis og aðgengi að svæðinu er gott. Strandlengjan er vinsæl til útivistar og fjörðurinn til skemmtisiglinga.

Skerjafjörður innan Kópavogs	Búsvæði
-------------------------------------	----------------

Friðlýst**Stærð km**4,3 km²**Stærð ha**

427,6

Samningur

Umsjónasamningur undirritaður 30 janúar 2012

Vöktun

Landvörður á vegum Umhverfisstofnunar á svæðinu sumarið 2013.

Annað

Ekki bárust upplýsingar frá Kópavogsbæ um ástand svæðis fyrir 1 nóv 2014

Stekkjahraun	Fólkvangur
---------------------	-------------------

Friðlýst

Auglýsing nr. 398/2009 í Stjórnartíðindum B. Fólkvangur.

Stærð km

0,2 km²

Stærð ha

15,9

Lokunarákvæði

Akstur vélknúinna farartækja er óheimill á stígum í fólkvanginum, nema til viðhalds stígakerfis.

Landvarsla

Umhverfis- og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar hefur umsjón með framkvæmd friðlýsingar í umboði Umhverfisstofnunar og bæjarstjórnar.

Samningur

Enginn formlegur samningur hefur verið gerður vegna umsjónar en er í vinnslu

Stígar

Stígar eru samkvæmt deiliskipulagi umhverfis Stekkjarhraunið. Leiksvæði er til staðar.

Annað

Horblaðka og starir eru fágætar tegundir sem vaxa í votlendisblettum í Stekkjarhrauni.

Tröllabörn	Náttúruvætti
-------------------	---------------------

Friðlýst

Auglýsing nr. 294/1983 í Stjórnartíðindum B. Náttúruvætti

Stærð km

0,0 km²

Stærð ha

4,7

Landvarsla

Umhverfisráð Kópavogs hefur umsjón með framkvæmd friðlýsingar í umboði Umhverfisstofnunar og bæjarstjórnar. Enginn samningur hefur verið gerður þess efnis.

Svæði ekki heimsótt af hálfu Umhverfisstofnunar 2014

Skilti

Fræðsluskilti á vegum Kópavogsbæjar er á svæðinu.

Stígar

Malarstígur 1,5 m breiður liggur um hluta svæðisins. Lítið bílaplan á svæðinu veitir aukið aðgengi.

Annað

Ekki bærust upplýsingar um ástand svæðis frá Kópavogsbæ fyrir 1 nóv 2014

Tungufoss í Köldukvísl	Náttúruvætti
-------------------------------	---------------------

Friðlýst	25 apríl 2013 Nr. í stj 462/2013		
Stærð km	14,2 km ²	Stærð ha	1,4
Landvarsla	Er í þéttbýli og almennt eftirlit í höndum Mosfellsbæjar.		
Samningur	Samningur er á milli sveitafélagsins og Umhverfisstofnunar varðandi umsjón með náttúruvættinu.		
Fræðsluáætlun	Fræðsluskilti frá Mosfellsbæ um svæðið. Fræðsluskilti frá Umhverfisstofnun um náttúruvættið ekki enn komið.		
Skilti	Engin skilti á svæðinu frá Umhverfisstofnun en fræðsluskilti frá bæjarfélaginu er á svæðinu		
Stígar	Stígar og slóðar veita ágætis útsýni yfir fossinn, en bæta mætti aðgengi alveg að fossi að sunnanverðu. Almennur göngustígur og reiðstígur ofan foss meðfram Köldukvísl innan friðlýsta svæðisins.		
Framkvæmdir	Engar, en heppilegt að bæta aðgengi að fossi, framkvæmdir líklegar í tengslum við uppbyggingu Ævintýragarðs.		
Vöktun	Mosfellsbær sér um daglega umsjón og rekstur náttúrvættisins. Dagleg umsjón felur t.d. í sér að sveitarfélagið sjái um að svæðið líti vel út, fjarlægji rusl, hafi eftirlit með því að verndargildi svæðisins ryrni ekki, bregðist við raski o.s.frv.		
Rannsóknir	Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis hefur eftirlit með mengun í Köldukvísl og hefur gert reglulegar mælingar á gæðum vatns í ánni.		

Valhúsa hæð	Náttúruvætti
--------------------	---------------------

Friðlýst	Auglýsing nr. 81/1998 í Stjórnartíðindum B. Náttúruvætti.		
Stærð km	0,0 km ²	Stærð ha	1,7
Landvarsla	Umhverfisnefnd Seltjarnarness hefur eftirlit með framkvæmd friðlýsingar.		
Skilti	Skilti er á svæðinu á vegum Seltjarnarnesbæjar og Lionsklúbbsins. Ekkert skilti er á svæðinu sem bendir til friðlýsingar.		
Stígar	Stígakerfi Seltjarnarnesbæjar. Hringsjá á vegum Seltjarnarnesbæjar.		
Annað	Gera þarf úttekt á ástandi og endurmeta verndargildi. Engar upplýsingar bárust frá Seltjarnarnesbæ fyrir 1. nóv. 2014.		

Friðlýst

Auglýsing nr. 506/1987 í Stjórnartíðindum.

Stærð km

0,1 km²

Stærð ha

9,6

Lokunarákvæði

Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf af ásetningi í friðlandinu. Búfjárbætt, þ.m.t. hrossabætt er óheimil innan friðlandsins. Óheimilt er að breyta straumskiptum í Leiruvogi. Umferð vélknúinna farartækja er óheimil innan marka friðlandsins. Óheimilt er að hafa hunda lausa innan friðlandsins. Öll meðferð skotvopna sem og veiðar eru bannaðar innan friðlandsins. Öll mannvirkjagerð svo og aðrar breytingar á landslagi eru bannaðar. Allt rask á jarðmyndunum er óheimilt á verndarsvæðinu, þ.m.t. efnistaka.

Landvarsla

Mosfellsbær sér um vöktun á svæðinu samkvæmt samningi.

Samningur

Formlegur samningur hefur verið gerður um umsjón Mosfellsbæjar með svæðinu. Samningur undirritaður þann 17. september 2012

Fræðsluáætlun

Fræðsluskilti sett upp 2012, vígt formlega þann 17. september 2012. Upplýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins: www.mos.is

Skilti

Fræðsluskilti sett upp 2012, vígt formlega þann 17. september 2012

Stígur

Göngustígur liggja að svæðinu að sunnan- og vestanverðu við fræðsluskilti. Svæði liggur að hesthúshverfi að austanverðu. 380 metra reiðstígur við suðurmörk svæðis, aðgengi ökutækja við SV mörk svæðis.

Alþjóðasamningar

Við endurskoðun friðlýsingarinnar 2012 var samningur um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979) og samningur um líffræðilega fjölbreytni (1992) hafðir til hliðsjónar.

Válistategundir

Fitjasef (CR), annar af tveimur fundastöðum á landinu.

Vöktun

Náttúrufræðistofnun Íslands vaktar náttúru svæðisins og lífríki og upplýsir Umhverfisstofnun og sveitarfélagið Mosfellsbæ um aðsteðjandi hættur eða um nauðsynlegar framkvæmdir í þágu verndar. Greinargerð Ní frá 2013 liggur fyrir. Mosfellsbær sér um daglega umsjón og rekstur friðlandsins. Dagleg umsjón felur t.d. í sér að sveitarfélagið sér um að svæðið líti vel út, fjarlægji rusl, hafi eftirlit með því að verndargildi svæðisins rýrni ekki, bregðast við akstri utan vega o.s.frv.

Rannsóknir

Á árinu 2013 var óskað eftir úttekt Náttúrufræðistofnunar Íslands á svæðinu þar sem könnuð yrði útbreiðsla og vistfræði fitjasefs, ásamt mati á hættu samfara því að leyfa hrossabætt í afmörkuðum beitarhólfum innan friðlandsins að sunnanverðu. Umsögn Ní liggur fyrir og umhverfisnefnd er með málið til skoðunar. Skv. umsögn Ní er fitjasef að finna á nýjum svæðum norðan við afmarkað friðland.

Annað

Fylgjast þarf með hestamennsku og reiðleiðum í nágrenni friðlýsta svæðisins, sérstaklega varðandi umgengi í hesthúshverfi, reiðleiðir og beitarhólf. Fylgjast mætti með útbreiðslu njóla innan friðlandsins.

Friðlýst

Auglýsing nr. 1064/2007 í Stjórnartíðindum B. Friðland.

Stærð km

1,9 km²

Stærð ha

188,3

Lokunarákvæði

Samkvæmt tilmælum umhverfisnefndar samþykkti bæjarstjórn bann við umferð hunda í friðlandinu um varptímann, þ.e. á tímabilinu 15. apríl til 15. júlí. Utan varptíma skulu hundar vera í taumi.

Landvarsla

Er á vegum Garðabæjar, felst í viðhaldi stíga og búnaðar í friðlandinu. Fylgja eftir hundabanni um varptímann. Fylgjast með veiðimönnum og almenningi og gæta þess að fuglar njóti friðhelgi. Mikil umferð fólks er um friðlandið.

Samningur

Samstarfsamningur undirritaður 06.10.2009 milli Umhverfisstofnunar og Garðabæjar um umsjón og rekstur svæðisins.

Fræðsluáætlun

Fræðsla um lífríki Vífilsstaðavatns og umhverfi þess. Árleg útikennsla fyrir sjötta bekk í grunnskólum Garðabæjar hefur verið í boði umhverfisnefndar. Nefndin gaf út kennslubók fyrir grunnskóla um lífríki vatnsins.

Útivistarkort í vasabroti er aðgengilegt í boxi við aðalbílaplan. Boxið nýtt,

Skilti

Fræðsluskilti um lífríki vatnsins, gróður og fugla.

Stígar

Útivistarstígar með malaryfirborði er umhverfis vatnið. Útivistarkort í vasabroti gefur upp göngu- og hlaupaleið sem er um 2,6 km. Göngubrú yfir stíflu tengir gönguleiðarhringinn saman. Þrjár aðkomuleiðir frá Elliðavatnsvegi eru að friðlandinu með misstórum bílaplönum.

Öryggi

Vatnið er grunnt.

Framkvæmdir

Útivistarstígnum er árlega viðhaldið, enda fjöldi drenröra sem hleypa yfirborðsvatni undir stíginn frá hlíðum umhverfis til vatnsins. Þessu þarf að fylgjast reglulega með og viðhalda. Sérstakt atvinnuáttak á vegum Garðabæjar hefur slegið og klippt lúpínu, innan friðlandsins og utan, til þess að hefta útbreiðslu hennar. Því verður haldið áfram 2013.

Válistategundir

Fiskar: Bleikju hefur fækkað síðari ár. Hornsíli Vífilsstaðavatns hafa þá sérstöðu að vera án kviðgadda. Gróður: Lúpínu er haldið í skefjum með slætti/klippingu og þar sem hún er að hopa vex upp í kjölfarið fjölbreyttur gróður. Skógarkerfill er vaktaður umhverfis friðlandið, eitrað á hann og tínt fræ. Fuglar: Flórógóðinn, sá sjaldséði fugl, er farinn að dvelja á Vífilsstaðavatni.

Vöktun

Vöktun fiska er árleg. Fuglatalningar hafa verið gerðar með nokkurra ára bili.

Rannsóknir

Fuglatalning var gerð 2013 af Jóhanni Óla Hilmarssyni og Ólafi Einarssyni.

Annað

Lúpína hefur breiðst hratt út um friðlandið undanfarin ár, unnið er á henni með slætti og klippingu. Skógarkerfill breiðist út frá Vífilsstöðum (jörð í ríkiseign), sem ógnar friðlandinu.

Friðlýst	Auglýsing nr. 778/1983 í Stjórnartíðindum B. Náttúruvætti.		
Stærð km	0,0 km ²	Stærð ha	1,4
Landvarsla	Svæði ekki heimsótt af hálfu Umhverfisstofnunar 2014		
Samningur	Umhverfisráð Kópavogs hefur umsjón með framkvæmd friðlýsingar í umboði Umhverfisstofnunar og bæjarstjórnar. Ekki hefur verið gerður formlegur samningur þess efnis.		
Fræðsluáætlun	Útikennslusvæði á vegum Kópavogsbæjar. Sjá samning frá 25. júní 2013.		
Skilti	Fræðsluskilti er á vegum Kópavogsbæjar.		
Stígar	Stígakerfi Kópavogsbæjar. Hringsjá á vegum bæjarins.		

Annað	Gera þarf úttekt á ástandi og verndargildi svæðisins. Ekki bárust upplýsingar um ástand svæðis fyrir 1 nóv 2014		
--------------	--	--	--

<i>Andakíll</i>	<i>Búsvæði</i>
-----------------	----------------

Friðlýst	Auglýsing nr. 338/2011 í Stjórnartíðindum B. Búsvæði fugla. Friðlýsingin tók gildi 2. febrúar þegar Hvanneyri, friðlýst árið 2002, var stækkað og hlaut nafnið Andakíll.		
Stærð km	30,9 km ²	Stærð ha	3.085,3
Lokunarákvæði	Óheimilt er að brenna sinu eftir 15. apríl.		
Landvarsla			
Samningur	Umhverfisstofnun og Landbúnaðarháskóli Íslands, 2. febrúar 2011.		
Fræðsluáætlun	Svæðið er notað töluvert mikið í kennslu við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Enn fremur er svæðið nýtt til fræðslu við grunnskóla og leikskóla á Hvanneyri, en báðir skólarnir eru með grænfána.		
Skilti	Skilti hefur verið gert fyrir Votlendissetrið og verndarsvæðið en því hefur ekki verið komið fyrir á endanlegum stað.		
Stígar	Reið- og göngustígar hafa verið lagðir innan Hvanneyrar, malarstígar. Sjá kort.		
Framkvæmdir	Árið 2014: var unnið að endurheimt votlendis, reið- og göngustígagerð. Fjarlægðir voru 3 km af gaddavírgirðingum sumarið 2011. Gönguleiðakort var hannað fyrir svæðið. Framkvæmdir hófust við fyrsta áfanga uppbyggingar á Votlendissetrinu sjálfu við Vatnshamravatn.		
Alþjóðasamningar	Ramsar-svæði.		
Válistategundir	Haförn, blesgæs, brandönd, gargönd, grafönd, brandugla, svartbakur. Tegundir í bráðri hættu; (CR): Brandönd Tegundir í hættu; (EN): Haförn. Blesgæs hefur verið friðuð ótímabundið frá 12. júní 2006.		
Vöktun	Veðurfarsþættir, fiðrildi, blesgæs að hluta til. Blesgæs hefur verið vöktuð árum saman af erlendum aðilum. Vetrartalningar fugla hafa staðið yfir í nokkur ár á svæðinu. Árið 2011 hófst undirbúningur að heildstæðri vöktunaráætlun fyrir verndarsvæðið og samþætting vöktunar og kennslu. veiðimálastofnun sinnir vöktun á veiði í Andakílsá og Hvítá og vaktar flundru í ósum Andakílsár og Hvítár.		
Rannsóknir	Rannsóknir á blesgæs (erlendir aðilar); rannsóknir á kolefnisbúskap mýrlendis (Lbhí).		
Annað	Göngustígakort hefur verið hannað af svæðinu, en gert er ráð fyrir að það verði prentað fljótlega eftir áramót 2012. Unnið er að undirbúningi verndaráætlunar fyrir svæðið. Votlendissetrið hefur skrifstofuaðstöðu í aðalbyggingu Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Verið er að standsetja stórt húsnæði við Vatnshamravatn sem framtíðaraðstöðu fyrir setrið, rannsóknir, kennslu og fyrir fræðslu fyrir almenning.		

Friðlýst

Auglýsing nr. 166/1999 í Stjórnartíðindum B. Lýst friðland 1977.

Stærð km

2,9 km²

Stærð ha

295,0

Lokunarákvæði

2. Almenningi er heimil för um svæðið og dvöl á því í lögmætum tilgangi enda sé góðrar umgengni gætt.
3. Friðlandið má nýta á sama hátt og tíðkast hefur, það er að segja til beitar og æðardúntekju.
4. Bæjarstjórn Akraness er heimilt, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun, að setja reglur varðandi nýtingu og umferð um hið friðlýsta svæði.
5. Umferð vélknúinna öku- og siglingatækja um friðlandið er því aðeins leyfileg að hún tengist eðlilegri nýtingu og í samræmi við 3. og 4. gr.

Landvarsla

Svæðalandvarsla á vegum Umhverfisstofnunar sumarið 2014.

Samningur

Samningsdrög eru til.

Fræðsluáætlun

Umhverfisstofnun áætlað að setja upp skilti árið 2015.

Skilti

Upplýsingaskilti um friðlandið vantar. Eingöngu er þar skilti þar sem fólk er bent á að fara með gát á varptíma og að lausaganga hunda og hestaferðir séu bönnuð á þeim tíma.

Stígar

Göngustígur liggur meðfram ströndinni. Troðningar hafa myndast út frá stígakerfi bæjarins út á Innstavogsnes. Leggja mætti göngustíga um Innstavogsnesið en taka þyrfti tillit til varpsvæða við lagningu stígsins.

Framkvæmdir

Lítið gert árið 2013 nema það sem tengist varpinu.s.s. stikur og veifur. Nauðsynlegt er að gera göngustíg út á nesið, sem mun beina umferð fólks um nesið í einn ákveðinn farveg. Einnig er nauðsynlegt að setja upp einhvers konar skilti við mörk friðlandsins, sem segir ferðafólki hverju það má eiga von á í friðlandinu, hvað beri að varast og hvað sé bannað (t. d. vegna varptíma).

Alþjóðasamningar

Margæsin er ábyrgðartegund og á Bernarviðauka III.

Vöktun

Á grannsvæði friðlandsins hafa margæsir verið veiddar til árlegra merkinga.

Annað

Merkja þarf svæðið, segja frá friðun og því sem skiptir máli. Einnig mætti leggja stíg um svæðið svo fólk sé ekki að villast inn á varpsvæðin þegar það er á göngu. Hreinsa mætti fjöruna. Það er ekki mikið drasl í henni en sumt er stórt og fyrirferðamikið og þarf sjálfsagt einhver tæki og mannskap til að hreinsa þarna. Baggar og steypa voru meðal þess rusls sem kom frá hesthúsasvæði niður á friðaða svæðið.

	Búðahraun	Friðland
Friðlýst	AUGLÝSING NR. 47/1977 Í STJÓRNARTÍÐINDUM B	
Stærð km	10,0 km ²	Stærð ha 1.002,9
Lokunarákvæði	Beit búfjár er óheimil á friðlandinu. Akstur utan vega og merktra slóða er óheimill.	
Landvarsla	Eftirlit landvarða frá Þjóðgarðinum Snæfellsjökli.	
Fræðsluáætlun	Umhverfisstofnun áætla að endurnýja aðkomuskilti á næstu misserum. Komið var fyrir ljóðastaur sumarið 2013 í tengslum við verkefnið "Ljóð í náttúru".	
Skilti	Þrjú skilti eru í friðlandinu með almennum upplýsingum um svæðið, göngu- leiðakorti og náttúrufarslýsingum. Vegpóstar eru til staðar sem vísa fólki á gönguleiðir.	
Stígar	Helstu gönguleiðir í friðlandinu eru merktar og eru gönguferðir skipulagðar undir leiðsögn landvarða frá Þjóðgarðinum Snæfellsjökli á sumrin. Göngustígar hafa verið lagfærðir lítillega en vinna þarf frekar í því.	
Framkvæmdir	Haustið 2014 var lagður 200 metra langur malarstígur frá bílastæðinu við Búðakirkju og meðfram kirkjugarðsveggnum að Búðahrauni og í áttina að strönd. Sumarið 2014 voru öll skilti í friðlandinu máluð. Stíkur voru endurnýjaðar frá Búðum að Frambúðum sumarið 2012. (leið 33 á göngukorti) Girðingar voru endurnýjaðar í Búðahrauni árið 2007 og verða endurbættar árlega, eða eftir því sem þurfa þykir.	
Annað	Árið 1703 var reist kirkja að Búðum og var hún endurreist árið 1848. Árið 1984 var kirkjan flutt í heilu lagi úr gamla kirkjugarðinum á núverandi grunn. Kirkjan var endurgerð í þeirri mynd sem hún var talin hafa verið í 1848. Hún var endurvígð 1987 og er friðuð safnkirkja í eigu Þjóðminjasafns Íslands en er í vörslu sóknarnefndar.	

	Einkunnir	Fólkvangur
Friðlýst	Auglýsing nr. 480/2006 í Stjórnartíðindum B. Fólkvangur.	
Stærð km	2,7 km ²	Stærð ha 265,9
Lokunarákvæði	Almenningi er heimil för um fólkvanginn, enda sé gætt góðrar umgengni. Óheimilt er að hafa hunda í fólkvanginum án fylgdar og tryggjar stjórnar. Akstur vélknúinna farartækja utan akvega er óheimill í fólkvanginum.	
Landvarsla	Umhverfisfulltrúi Borgarbyggðar sér um svæðið og fólkvangsnefnd er virk í starfi sínu. Sveitarfélagið hefur lagt fjármagn til svæðisins. Skátafélag sér um umhirðu um eldstæði o.fl. Sumarið 2014 fór landvörður í gönguferð um svæðið og það er verið að bæta við stígum og komið klósett.	
Samningur	Samningur er milli Umhverfisstofnunar og Borgarbyggðar um að umsjón og rekstur svæðisins verði á höndum sveitarfélagsins var staðfestur af umhverfisráðherra, 19. maí 2006.	
Fræðsluáætlun	Grunnskólinn í Borgarbyggð nýtir svæðið til fræðslu og Skógræktarfélag Borgfirðinga nýtir svæðið til fræðslu.	
Skilti	Skilti út við Þjóðveg og fræðsluskilti í friðlandinu.	
Stígar	Stígakerfið er allt á vegum Borgarbyggðar, bæði merktir reiðvegir og gönguleiðir. Meirihluti þessara stíga var kominn áður en svæðið var gert að fólkvangi. Leiðir voru stikaðar af nefndarfólki í umsjónarnefndinni árið 2008 og hefur nefndin haldið þeim við síðan. Árið 2009 var lagður 2,1 km af göngustíg. Framkvæmdir við tvö bílastæði, tvo áningastaði, hjólastólafæra gönguleið og bryggju við Álatjörn lauk sumarið 2009. Bætt var efni í gamla stíga sumarið 2010 og 2011. Í nokkur ár hefur verið sótt um styrki til að gera flotbrýr á nokkrum stöðum við göngustíginn yfir mýrarsvæðið þ.e. þar sem hann er blautastur. Ekki hefur fengist styrkur til þess verks en sú stígagerð verður sett í forgang um leið og fjármagn leyfir.	
Framkvæmdir	Bátabryggja sett við vatnið, bætt aðgengi að svæðinu. Einnig bætt aðgengi fyrir fatlaða um hluta svæðisins.	
Vöktun	Engin verndaráætlun er til fyrir svæðið. Deiliskipulag á vegum sveitarfélagsins er í vinnslu. Ræktunaráætlun, að beiðni Umhverfisstofnunar, er lokið.	
Annað	Áhersla er lögð á samstarf milli notenda (skátar, hestamenn og aðrir).	

Friðlýst

Auglýsing nr. 309/1974 í Stjórnartíðindum B. Náttúruvætti.

Stærð km

1,2 km²

Stærð ha

125,0

Lokunarákvæði

Umferð hvers konar ökutækja er óheimil.
Umferð ferðafólks með hross á svæðinu er háð leyfi og beit stranglega bönnuð.
Heimilt er að takmarka beit búfjár vegna gróðurs svæðisins, ef það þykir nauðsynlegt.

Landvarsla

Landvörður á vegum Umhverfisstofnunar sá um svæðalandvörslu sumarið 2014. Landvörður tindi mikið grjót úr stígnum og reyndi að loka nýjum stígum, en ferðamenn spörkuðu grjóti í burtu til að geta gengið áfram utan stígsins. Búnar voru til vatnsrásir þar sem því var viðkomið. Hann tindi eitthvað af drasli og var töluvert meira af salernispappír en vanalega, einnig voru tré klippt úr stígnum. Einnig voru teknar niður þó nokkrar vörður á toppi borgarinnar í byrjun tímabilsins höfðu þær flestar verið hlaðnar utan leyfilegs umferðarsvæðis með því að rífa upp grjót úr börmunum.

Skilti

Á bílastæði við Snorrastaði eru leiðbeiningar fyrir göngufólk og hestamenn. Einnig er skilti með loftmynd af svæðinu og upplýsingar frá Umhverfisstofnun.

Stígar

Stígurinn er að verða ansi tæpur á einum stað, eins og hann var fyrir nokkrum árum, og sennilega þarf að setja í hann mól eða eitthvað eins og gert var þá. Það efni sem er í göngustígnum er of gróft og þarf að setja fínna efni ofan á það sem fyrir er. Ef bera á í stíginn þarf að vanda valið á ofaníbundi.

Sjálfbóðaliðar

Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar voru í viku og löguðu tröppur, tíndu grjót úr stígnum og reyndu að afmarka hann betur. Landvörður tindi mikið grjót úr stígnum, eitthvað af drasli og klippti tré.

Framkvæmdir

Engar stærri framkvæmdir á árinu 2014.

Tillögur að framkvæmdum í framtíðinni:

Það er ennþá hægt að vinna í að tína grjót úr stígnum og bæta hann. Vegna mikilla rigninga í sumar var fólk ansi mikið að labba utan við stíginn. Það var greinilegt á öllu að meira máli skipti að ekki kæmi skítur á fínu gönguskónna en að hlífa gróðri. Þetta er orðið töluvert vandamál og hafa orðið miklar skemmdir þar sem þetta er annað árið í röð þar sem sumarið er svona blautt. Einnig er fólk að mæta mjög snemma á vorin þegar frost er að leysa úr jörðu og allur umgangur varasamur.

Það þarf að huga að því að laga göngustíginn þar sem hann fer af veginum niður brekku við hlið Kaldárbrúar. Spurning hvort það ætti að setja einhverslags tröppur. Einnig þyrfti að bæta við tröppum á tréstigann sem er yfir girðinguna. Það vantar aukatröppu neðst báðu megin.

Stígurinn er að verða ansi tæpur á einum stað eins og hann var fyrir nokkrum árum og þarf sennilega að setja mól eða eitthvað eins og gert var þá. Það efni sem er í göngustígnum er of gróft og þarf að setja fínna efni ofan á það sem fyrir er. Ef bera á í stíginn þarf að vanda valið á ofaníbundi. Bílar keyra mikið yfir brúnna og heim að bænum þrátt fyrir að það sé vel merk hvar bílastæðin eru. Vegna aukningar ferðamanna er ansi þröngt á þingi á stæðunum þegar mest er.

	Flatey	Friðland
Friðlýst	Auglýsing nr. 395/1975 í Stjórnartíðindum B. Friðland.	
Stærð km	0,8 km ²	Stærð ha 84,5
Lokunarákvæði	Vegna fuglaverndar er óheimilt að fara um friðlandið frá 15. apríl til 15. ágúst samkvæmt auglýsingu um friðlandið.	
Landvarsla	Engin landvarsla.	
Fræðsluáætlun	Áætlað er að setja upp ný skilti.	
	Skilti eru orðin gömul og upplituð og eru frá tíð Náttúruverndar ríkisins.	
Skilti	Skilti eru til staðar, tvö skiltanna voru sett upp af landeigendum með lokunarákvæði frá 15. maí - 15. júlí. Tvö aðkomuskilti í friðlandið með lokunarákvæðum Fjögur fræðsluskilti frá Náttúruvernd ríkisins.	
Stígar	Moldartroðningar liggja með fjörinni um svæðið.	
Öryggi		
Framkvæmdir	Endurnýja þarf öll skilti sem eru orðin upplituð og sum úrelt. Þörf er á að fara í minniháttar viðhald á göngustígum, sjálfbóðaliðar í 1 viku.	
Alþjóðasamningar	Samkvæmt Bernarsamningnum (viðauki II) ber að vernda búsvæði þórshana. Hér á landi hefur búsvæðum verið raskað vegna framkvæmda.	
Válistategundir	Þórshani (EN). Þórshana verpa á Íslandi, Svalbarða, Grænlandi, Rússlandi, Kanada og Alaska. Teista og kría.	
Vöktun	Arnþór Garðarsson vaktar fuglalíf í friðlandinu.	
Rannsóknir	Arnþór Garðarsson, fuglarannsóknir.	
Annað	Friðlandið fellur innan verndarsvæðis Breiðafjarðar sbr. lög nr. 54/1995. Gera þarf úttekt á ástandi og verndargildi svæðisins. Einnig þarf að gera verndaráætlun og öryggisáætlun. Endurskoða þarf auglýsingu um friðlandið þar sem lokunarákvæði stangast á við upplýsingar á skiltum.	

	Geitland	Friðland
Friðlýst	Auglýsing nr. 283/1988 í Stjórnartíðindum B. Friðland.	
Stærð km	122,8 km ²	Stærð ha 12.281,7
Lokunarákvæði	Óheimilt er að beita búfé innan friðlandsins. Umferð vélknúinna ökutækja er óheimil utan vega og merktra slóða.	
Landvarsla	Landvörður á vegum Umhverfisstofnunar sá um svæðalandvörslu í Borgarbyggð sumarið 2014 þ. m.t. í Geitlandi og var um að ræða hefðbundið eftirlit á svæðinu og tíndi landvörður allt það rusl sem hann fann.	
Skilti	Aðkomu- og fræðsluskilti sett upp 2011. Skiltið um svæðið er við vegastopp neðarlega á svæðinu og vantar tengingu eða annað skilti þar sem keyrt er inn á svæðið.	
Stígar	Þegar eru þekktar skemmtilegar gönguleiðar í Geitlandi sem hægt er að merkja ef þurfa þykir í framtíðinni. Kannski væri nóg að gefa út kort með upplýsingum um gönguleiðir um svæðið eins og Umhverfisstofnun hefur gert um ýmis önnur svæði.	
Sjálfbóðaliðar	Sjálfbóðaliðar unnu við eyðingu lúpínu um sumarið en henni hefur verið dreift víða á Kaldadal þar sem hún er nú þegar farin að dreifa sér ofan í Geitána. Margir þessara staða eru hærra en 400 m. y.sj. en útbreiðsla lúpinnar hefur aukist þarna gríðarlega og er hún á mörgum stöðum.	
Framkvæmdir	Sumarið 2014: Vegagerðin fjarlægði brúna sem var yfir Geitá en smíðaði aðra í staðinn mun stærri og er hún fær öllum bílum. Sumarið 2013: Þrír aðilar voru með þjónustu á jöklinum. Boðið var upp á hundasleðaferðir (10 sleðar). Einnig voru notaðir Man truckar sem fóru alla daga þegar komu farþegar í þá. Einn aðili var með tvo trucka á staðnum sem voru báðir notaðir þegar þess þurfti. Mountainers voru með vélsleða og líka Man truck sem þeir notuðu þegar ferðir voru pantaðar hjá þeim. Sumar 2012: Sett voru upp skilti sem banna umferð á slóða sem myndaðist eftir vatnsbíla sem voru á vegum Vegagerðarinnar að sækja vatn í Geitá til að bera á vegi á svæðinu. Vegagerðin fjarlægði tvö ræsi en á eftir að taka stóra járnbita sem eru í friðlandinu. Mikið magn af rusli var fjarlægt sl. sumar af svæðinu og voru þetta oft frekar stórir hlutir t.a.m. járnplötur og timburstaurar. Sumar 2013 - tillögur - Taka þarf svæðið allt í kringum Jaka til algjörar endurskoðunar en umgengni á svæðinu er í lamasessi. Fjarlægja þarf ónýta girðingu í friðlandinu sem er á mótis við Lambá. Vinna þarf að eyðingu lúpínu í nánd við Geitá til að sporna við að hún læði sér yfir á friðlandið.	
Vöktun	Náttúrustofa Vesturlands gerði gróðurfarsúttekt á Húsafellsskógi og Geitlandi árið 2010. Þar er lagst gegn breytingum á friðun svæðisins og lagt til að svæðið verði friðað fyrir beit eins og verið hefur. Fylgst verði með gróðurframvindu á svæðinu með vöktun, t.d. á 5 ára fresti, og endurmæld gróðursnið sem voru lögð út síðastliðið sumar.	
Annað	2014: Verið er að gera íshelli í Langjökli og verður umferð í hann um Geitland, taka þarf tillit til aukinnar umferðar í framtíðinni um svæðið vegna hans. Það eru vegir, bílastæði, wc, önnur svæði sem fólk vill sjá innan svæðisins þegar það er komið þangað upp eftir s. s. fossinn í Þjófakróki eða annað. Svæðið er á appelsínugulum lista Umhverfisstofnunar yfir þau svæði sem þarf að fylgjast sérstaklega með að tapi ekki verndargildi sínu. Samkvæmt gróðurfarsúttektinni er mikið áfok sands og stutt í gróðurmörk á alla kanta. Svæðið er því mjög viðkvæmt fyrir öllu álagi. Frekara álag vegna beitar getur auðveldlega valdið tjóni á landinu þar sem náttúrulegt rask er þegar mikið. Gróðursæl svæði innan friðlandsins eru takmörkuð að stærð, einangruð og fá, en þau eru mikilvæg fyrir fræframleiðslu á svæðinu í heild. Svæðið í kringum Jaka var í slæmu ásigkomulagi sumarið 2012. Ferðaklósett á stangli, nokkrir olútankar á hjólum, mikið af drasli og vinnuskúrar á víð og dreif. Nokkuð var um utanvegaakstur í sumar og eins fannst nokkuð af haglaskotum í friðlandinu. Nauðsynlegt er að efla samstarf á milli aðila sem að umsjón og rekstri koma með það að markmiði að bæta ástandið.	

Friðlýst

Auglýsing nr. 216/1975 í Stjórnartíðindum B. Fyrst lýst náttúruvætti

Stærð km

0,3 km²

Stærð ha

28,7

Lokunarákvæði

Tjalddvöl er háð leyfi.

Akstur á hinu friðlýsta svæði er aðeins heimill með leyfi Umhverfisstofnunar og landeigenda. Akstur utan vegar og merktra slóða er bannaður.

Landvarsla

2014: Landvörður á vegum Umhverfisstofnunar sinni eftirliti.

Landvörður talaði við eigendur svæðis og alla þá aðila sem komu að þeim málum er sneru að Grábrók. Einnig sat hann fund um svæðið sem hann var boðaður á. Tínt var gríðarlegt magn af rusli og klósettappír. Þetta sumar var mannaskítur og sóðaskapur í kringum bílaplan með eindæmum og var ekkert sem kom þegar leið á sumarið heldur var þetta strax frá upphafi tímabils og virtust ferðamenn á svæðinu ekki bera virðingu fyrir umhverfinu og varð sérstaklega umhverfi bílastæðis eins og drulluhaugur þar sem hvergi var hægt að stíga niður fyrir mannaskít.

Skilti

Skilti sem segir frá hlöðnu réttinni og jarðfræðinni er í vinnslu og stefnt er að því að koma því upp 2015.

Stígar

Það liggur stígur frá bílastæðinu og upp að gömlu réttinni, þaðan liggur svo stígur meðfram Grábrókinni og þaðan að Bifröst. Frá gömlu réttinni liggur einnig stígur upp á Grábrók. Þar sem er bratt hefur verið komið fyrir tréstigum til að auðvelda fólki aðgang. Sumarið 2013 var komið fyrir 70 metra löngum tréstiga sjá mynd.

Sjálfbóðaliðar

Árið 2013 hópur sjálfbóðaliða var í tvær vikur í vinnu við Grábrók. Haldið var áfram með mosaágræðslu í Grábrókarfelli þar sem fólk hafði skemmt mosann við að gera nafnið sitt og til að loka gömlum stígum og sárum. Þeir rökuðu saman stíg sem lá upp á Grábrókarfell og náðu að loka honum mjög vel. Einnig litlum aukastíg úr einum af þremur stórum stígum í Grábrók. Aðal verkefni þeirra var samt að gera tilraun til að loka gömlum stórum stíg sem er næst þjóðveginum Hreðavatnsskála megin. Þessi aðgerð tókst ekki sem skyldi en töluverð breyting til batnaðar varð þó á.

Framkvæmdir

2014: Verið er að smíða palla upp á grábrók (október) og mun sú framkvæmd bæta aðgengi og auka öryggi ferðafólks auk þess að verja náttúruna fyrir skemmdum.

Sumar 2013: Í september var byggður stigi upp á Grábrók sem er um 70 m langur (sjá myndir undir göng).

Hópur sjálfbóðaliða var í tvær vikur í vinnu við Grábrók. Haldið var áfram með mosaágræðslu í Grábrókarfelli þar sem fólk hafði skemmt mosann við að gera nafnið sitt og til að loka gömlum stígum og sárum. Þeir rökuðu saman stíg sem lá upp á Grábrókarfell og náðu að loka honum mjög vel. Einnig litlum aukastíg úr einum af þremur stórum stígum í Grábrók. Aðalverkefni þeirra var samt að gera tilraun til að loka gömlum stórum stíg sem er næst þjóðveginum Hreðavatnsskálamegin. Þessi aðgerð tókst ekki sem skyldi en töluverð breyting varð þó á til batnaðar. Vegagerðin tók í burtu gamalt skilti á bílastæði sem sýnir gamla gönguleið um svæðið sem er búið að loka.

Sumar 2012 - Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar unnu í vikutíma ásamt landverði við það að bera viðarolíu á göngupalla, settu niður 200 járnstaura, vír og kaðla til að afmarka enn frekar gönguleiðir um Grábrók og varna því að fólk gangi ekki utan stíga. Unnið var í því að laga mosaskemmdir á Grábrókarfelli, settur var upp veggur til að stoppa af sandskriðu og gönguleiðin frá Grábrók að Bifröst var merkt. Einnig voru sett upp skilti til að hindra það að fólk færi upp á Grábrókarfellið. Gríðarlega mikið af rusli var fjarlægð af svæðinu í sumar.

Vöktun

Ekki er til verndaráætlun fyrir svæðið en rík þörf er fyrir slíka áætlun þar sem gríðarlegur fjöldi heimsækir svæðið og átroðningur er mikill.

Annað

Tillögur að framkvæmdum í framtíðinni:

Halda þarf áfram mosa ágræðslum til að loka fleiri sárum og stígum.

Fólk er aftur farið að labba upp hliðar Grábrókarfells sem var lokað fyrir nokkrum árum og rökuð slétt 2013.

Svæðið við gömlu réttina er að verða sliðið og þó það beri mikla umferð er rétt að reyna að stýra henni áður en í óefni er komið.

Athuga þarf með að laga hlið inn á svæðið. Það þarf að setja skilti við veg inn á svæðið þar sem sagt er að gönguleið sé lengra í burtu svo fólk sé ekki að fara yfir lokanir og upp gömlu hliðarstíganna Hreðavatnsmegin, þar er skilti á íslensku en það vantar á ensku. Bera þarf á allt tréverkið sem fyrst utan háannatíma og þegar ekki rignir.

Lagt er til að UST skiltið verði fært niður alveg í byrjun gönguleiðarinnar við bílaplanið.

Mosi í kringum bílaplan er nánast að hverfa og ekkert ræðst við fólk enda fjöldinn gríðarlegur. Spurning hvort ekki vanti mörg leiðbeiningar og umvöndunar skilti sem leiði fólk inn á svæðið og kenni því umgengi við náttúrunna. Lagt er til að gert verði heildstæða áætlun um framtíð svæðisins. Passa þarf að Grábrókarfellið verði ekki eins og Grábrókin af of mikilli og slæmri umferð.

Lagt er til að verði sett upp teljara til að komast að því í raun hvað margir sækja svæðið heim. Ætti að hafa hann uppi í heilt ár þar sem svo virðist sem umferð um svæðið sé allt árið.

Lagt er einnig til að verði sett almennilega girðingu fyrir neðan gömlu stóru stíganna meðfram vegi að sumarústöðum til að stoppa endalega umferð upp þá stíga. Sú girðing yrði að ná frá járnhliði framhjá keðju hliði og út í gamla malarnámið sem snýr að Grábrókarfelli. Svoleiðis girðing er þörf líka fyrir Grábrókarfellsstíginn sem alltaf er genginn þrátt fyrir að honum sé eytt.

Einnig er mikilvægt að hafa rétt gönguleiðakort á netinu, í Hreðavatnsskála, Bifröst og öðrum stöðum í nágrenninu sem fólk er líklegt að labba á Grábrókina.

Grunnafjörður	Friðland
----------------------	-----------------

Friðlýst

Auglýsing nr. 548/1994 í Stjórnartíðindum B. Friðland.

Stærð km

13,9 km²

Stærð ha

1.393,2

Lokunarákvæði

Á tímabilinu 15. apríl til 15. júlí eru heimsóknir í eyjar og sker, aðrar en þær sem tengjast hefðbundnum nytjum, óheimilar.

Umferð vélknúinna ökutækja um friðlandið er því aðeins leyfileg að hún tengist eðlilegri nýtingu sbr. lið 5.

Landvarsla

Landvörður á vegum Umhverfisstofnunar sá um svæðalandvörslu sumarið 2014,

.

Fræðsluáætlun

Aðkomu- og fræðsluskilti var sett upp við Laxárbakka 2013 en þaðan er gott útsýni yfir Grunnafjörð.

Skilti

2013: Komið upp upplýsinga- og fræðsluskilti við Grunnafjörð.

Framkvæmdir

2013: Sett var upp skilti um svæðið á planinu við Laxárbakka.

Alþjóðasamningar

Ramsar-svæði. Mikilvægt svæði fyrir rauðbrysting og margæs sem eru ábyrgðartegundir og á Bernarvíðauka III.

Vöktun

Landvörður UST fór í eftirlitsferðir og fylgdist með fuglalífi.

Annað

Tillögur að framkvæmdum í framtíðinni: Skynsamlegt væri að safna gögnum frá sumri um fjölda og tegundir fugla á svæðinu. Gott væri að starfsmaður frá Náttúrustofu Vesturlands kæmi því af stað með því t.d. að velja talningastaði og tímabil.

Nauðsynlegt er að koma upp fuglaskoðunarstöðvum þar sem fólki er beint á ákveðna staði til að koma í veg fyrir að viðkvæmir staðir í firðinum verði fyrir of miklu álagi. Einnig væri spurning hvort ætti að búa til einhverjar valdar gönguleiðir sem fólki væri beint á, en í dag fer það út um allt.

Friðlýst	Auglýsing nr. 410/1987 í Stjórnartíðindum B. Náttúruvætti.
Stærð km	0,4 km ² Stærð ha 36,1
Lokunarákvæði	<ol style="list-style-type: none">1. Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á svæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.2. Umferð um friðlýsta svæðið er öllum heimil, enda sé góðrar umgengni gætt.3. Akstur utan vega og merktra ökuslóða er óheimill.4. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum.
Landvarsla	Landvörður á vegum Umhverfisstofnunar sá um svæðalandvörslu. Klippið var birki sem farið var að vaxa inn á stíga og bílaplan. Einnig voru söguð niður tré sem voru á bjargbrún sem var fyrir útsýni að fossi og mörg fyrir framann aðalútsýnisvallinn. Mokaði mól upp í stíginn og gerði annað viðhald sem til féll. Mikið var af rusli og klósettpappír á svæðinu sem var að sjálfsögðu tíndur upp og hent í ruslið.
Skilti	Skilti eru á svæðinu.
Stígar	Stígar eru á svæðinu.
Sjálfbóðaliðar	Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar voru í fimm daga á svæðinu að vinna. Settir voru ca. 60 tréstaumar. Svartur kaðall var settur á milli stauranna til að afmarka göngustíga. Lagaðar voru tröppur, gamlir staurar réttir af og hlaðið meðfram stígum og við brú. Kaðlar strekktir þar sem þurfa þótti. Mól var bætt í stíginn. Myndir á www.facebook.com/ICV.IS
Framkvæmdir	Sjálfbóðaliðar voru í fimm daga á svæðinu að vinna. Settir voru ca. 60 tréstaumar. Svartur kaðall var settur á milli stauranna til að afmarka göngustíga. Lagaðar voru tröppur, gamlir staurar réttir af og hlaðið meðfram stígum og við brú. Kaðlar strekktir þar sem þurfa þótti. Mól var bætt í stíginn. Verktaki úr sveitinni vann með sjálfbóðaliðum við stauranna og kom með mölina. Í haust smíðar verktaki úr sveitinni nýjan útsýnisvall og settur tröppur upp að hrauninu Gilsbakkamegin.
Rannsóknir	Rannsókn á vegum Háskóla Íslands var gerð á svæðinu í sumar. Var það um þolmörk ferðamanna og álag, þetta voru bæði doktors- og mastersverkefni.
Annað	Tillögur að framkvæmdum í framtíðinni Lagt er til að verði sett skilti sem segir að varðaða leiðin sé eingöngu gömul leið að Gilsbaka og að vörður séu friðaðar til að forðast því að fólk haldi að þetta sé leið að Hraunfossum þeim megin Hvítár. Landvörður setti upp mörg táknmyndir “bannað að ganga” í hraunið en voru sum þeirra rifin upp strax eins og það heimilaði fólk fyrir um svæðið. Margar táknmyndir hafa verið stólið! Loka þyrfti göngustígum á svæði niðri á klöppum við ána. Spennandi og fallegt að fara þangað en oft er fólk að þróa fram á klappir og jafnvel með ung börn með sér. Bera þarf á timburverk við fyrsta tækifæri hellst utan háannatíma . Það vantar að klippa fleiri tré á svæðinu við útsýnis staði. Í brekku við efri útsýnisstað hjá steinboga þarf að klippa eða taka tré en gera það þegar þau eru án laufs. Bílastæði eru orðin illa farin. Trédrumbar sem hafa afmarkað gangstétt við planið eru ónýtir. Lagt er til að að steypa eða setja hleðslustein þarna í staðinn. Malbik er ónýtt og holótt. Athuga þarf hvað gera eigi með umferð sauðfjár á svæðið sem eykst með hverju árinu. Stígar sem rollurnar gera leiða fólk út fyrir merкта stíga og út um allt.

	Hrísey	Friðland
Friðlýst	Auglýsing nr. 425/1977 í Stjórnartíðindum B. Friðland.	
Stærð km	0,3 km ²	Stærð ha 25,7
Lokunarákvæði	Vegna fuglaverndar er óheimilt að fara um svæðið frá 15. apríl til 15. júlí.	
Fræðsluáætlun	Útbúa þarf fræðslu- og upplýsingaskilti á landi með upplýsingum um eyna. Umhverfisstofnun áætlað að setja upp skilti árið 2014.	
Framkvæmdir	Stefnt er á eftirlitsferð vor 2015.	
Annað	Friðlandið fellur innan verndarsvæðis Breiðafjarðar sbr. lög nr. 54/1995.	

	Húsafellsskógur	Friðland
Friðlýst	Auglýsing nr. 606/2001 í Stjórnartíðindum B. Fyrst lýst friðland 1974.	
Stærð km	4,4 km ²	Stærð ha 436,7
Lokunarákvæði	Mannvirkjagerð, jarðrask og breytingar á landi eru háð leyfi Umhverfisstofnunar og landeigenda. Almennungi er heimil för um svæðið og dvöl þar í löglegum tilgangi, enda sé góðrar umgengni gætt. Bannað er að skerða gróður, skaða dýralíf, spilla vatni eða skemma jarðmyndanir að óþörfu. Akstur er leyfður á á vegum og merktum slóðum. Beit búfjár er óheimil í friðlandinu. Rekstur afréttarfjár gegnum friðlandið er bannaður.	
Landvarsla	Landvörður á vegum Umhverfisstofnunar sá um svæðalandvörslu sumarið 2014.	
Fræðsluáætlun	Sumarið 2014 fór hópur fléttufræðinga frá Bretlandi í fylgd með Starra Heiðmarssyni og landverði í Húsafellsskóg í leit að fléttum, þeir voru með aðstöðu á Hvanneyri og fóru víða um Vesturland.	
Skilti	Skilti hefur verið framleitt af Umhverfisstofnun en leyfi hefur ekki fengist til að setja það upp.	
Stígur	Reiðvegur liggur þvert í gegnum friðlandið. Ofan við skóginn liggur gamall vegslóði inn í mitt friðlandið. Hægt væri að gera göngustíg meðfram reiðstígum þar sem þeir liggja við fjallsræturnar. Auk þess væri hægt að merkja og gera fleiri en eina gönguleið um svæðið, sem og að gera gönguleiðina um Kaldárbotna skýrari.	
Framkvæmdir	Engar framkvæmdir. Hefðbundið viðhald á þeim staurum sem fyrir eru og klippt birki frá merkjum.	
Vöktun	Náttúrustofa Vesturlands gerði gróðurfarsúttekt á Húsafellsskógi og Geitlandi árið 2010.	
Annað	Tillögur að framkvæmdum í framtíðinni Verið er að bíða eftir skipulagi af svæðinu. Það þarf að fjarlægja gamla ónýta girðingu, hún hefur ekki tilgang ef aðrar afréttagirðingar eru í lagi, verkefni sem myndi henta hóp t.d. sjálfbóðaliðum. Ef ákveðið verður að það þurfi girðingu utan um svæðið þarf hvort sem er að girða alveg nýja girðingu enda hefur stærð og lögun svæðisins breyst frá því að það var friðað. Merkja þarf friðsvæði og skilgreina það svo fólk geri sér grein fyrir því, fyrir hvað friðlandið stendur og hvað má og hvað ekki. Einnig þarf að setja ný merki í stað gamalla og snjáðra bannmerkja sem banna akstur vélknúinna ökutækja um svæðið.	

Svæðið allt er að verða eins og beitarhólf fyrir sauðfé og þarf að koma girðingu í lag svo hægt sé að fylgja friðunarákvæðum svæðisins sem bannar algerlega alla beit. Spurning hvort ekki væri lag að leyfa friðuðum skógarsvæðum að þroskast án beitar og komast að því hvernig þau líta út þegar það tekst.

Kalmanshellir	Náttúruvætti
----------------------	---------------------

Friðlýst	Auglýsing nr. 851/2011 í Stjórnartíðindum B. Náttúruvætti.	
Stærð km	km ²	Stærð ha
Lokunarákvæði	Umferð um hellinn er háð sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 3. gr. og umsjónaraðila náttúruvættisins, sbr. 6. gr., og er eingöngu heimil í fylgd með og undir leiðsögn umsjónaraðila. Umferð um viðkvæmasta hluta hellisins, þ.e. hinn afmarkaða hluta sem þegar hefur verið lokað, og þar sem dropsteinsmyndanir eru viðkvæmastar er alfarið óheimil nema brýnir almannahagsmunir séu í húfi að mati Umhverfisstofnunar og umsjónaraðila.	
Landvarsla	Engin landvarsla.	
Samningur	Samningur um umsjón náttúruvættis, 19. ágúst 2011, milli Umhverfisstofnunar og landeigenda vottaður af umhverfisráðherra.	
Öryggi	Hellirinn er lokaður.	
Annað	Engar ferðir á vegum Umhverfisstofnunar voru farnar í hellinn árin 2012, 2013 og 2014.	

Melrakkaey	Friðland
-------------------	-----------------

Friðlýst	Auglýsing nr. 118/1974 í Stjórnartíðindum B. Lýst friðland 1971.	
Stærð km	0,6 km ²	Stærð ha 63,2
Lokunarákvæði	Um friðlandið gilda þessar reglur: Bannað er að fara í eyna án leyfis Umhverfisstofnunar eða umboðsmanns hennar. Skot eru bönnuð nær eyinni en 2 km. og netalagnir ¼ km frá stórstraumsfjörumáli. Umhverfisstofnun er heimilt að leyfa nýttjar æðarvarps og annarra hlunninda.	
Landvarsla	Eyjan var ekki heimsótt árið 2014 af Umhverfisstofnun.	
Vöktun	Eyjan var ekki heimsótt árið 2014 af Umhverfisstofnun	

Friðlýst	Friðlýst Auglýsing nr. 568/2001 Stjórnartíðindum B. Lýst þjóðgarður 2001.		
Stærð km	166,9 km ²	Stærð ha	16.693,7
Lokunarákvaði	Lausaganga hrossa er óheimil í þjóðgarðinum. Öll umferð með hesta um þjóðgarðinn er óheimil nema á merktum reiðleiðum og afmörkuðum áningarstöðum enda liggja leyfi þjóðgarðsvarðar fyrir. Öll umferð reiðhjóla er óheimil utan akvega, bílastæða og reiðhjólaleiða. Umferð á vélknúnum ökutækjum í þjóðgarðinum er ferðamönnum aðeins heimil á vegum og bílastæðum. Akstur vélknúinna ökutækja á jökli er háð leyfi þjóðgarðsvarðar.		
Landvarsla	Landverðir unnu í þjóðgarðinum í 48 vikur sumarið 2014. Var það fækkun um tvær vikur. Vikurnar áttu að verða 45, vegna niðurskurðar, en viðbótarfjármagn fékkst þannig að unnt var að hafa þær 48.		
Fræðsluáætlun	<p>Gefin var út sumardagskrá með upplýsingum um vikulegar fræðsluferðir, sérferðir, upplýsingum um ratleikinn Sögu og Jökul, ljóðaverkefnið Ljóð í náttúru og leiktækin á Malarrífi. Þau voru sett upp veturinn 2013-14 og eru hluti af afmælisgjöf umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til þjóðgarðsins á 10 ára afmæli hans. Eftir er að vinna fræðsluefni tengt tækjunum. Tilraun var gerð með að hafa föstu ferðirnar aðeins um helgar og var farið á laugardögum um Djúpalónssand og í Dritvík. Á sunnudögum var barnastund á Malarrífi og ganga frá Svalþúfu að Malarrífi. Göngurnar voru kl. 15, barnastund kl. 11. Alls komu í ferðirnar 66 manns og 99 manns í sérferðir. Reynslan var að nýting á vinnu landvarða varð betri, þeir voru lausir við á virkum dögum þegar fastir starfsmenn eru í vinnu.</p> <p>Talsverð fræðsla fer fram á vegum þjóðgarðsins bæði göngu- og hellaferðir og fræðsludagskrá. Einnig hefur verið samvinna við Grunnskólann í Snæfellsbæ. Nýr heildarbæklingur um þjóðgarðinn og friðlöndin var gefinn út 2009 og gönguleiðabæklingur árið 2010. Gefið var út viðburðadagatal sumarið 2012.</p>		
Skilti	<p>Ekki er búið að setja upp ný skilti í ár en skilti um uppsátur Öndverðarness er tilbúið. Það verður sett upp þegar búið er að laga skipagarðinn sem hrundi í óveðri 2012. Á lokastigi í vinnslu eru skilti um Eyrar og Beruvík, Rauðhól og Hólahóla, allt gönguleiðaskilti með korti. Einnig er nær tilbúið skilti um bæinn Saxhól. Aðvörunarskilti um Svalþúfu og Skálasnaga eru í vinnslu. Þessa dagana er verið að setja upp ný aðkomuskilti við innkomurnar í þjóðgarðinn.</p> <p>Sumarið 2013 var sett um skilti við brunninn Fálka á Öndverðarnesi. Sumarið 2012 voru settir upp göngupóstar víðsvegar um þjóðgarðinn. Fræðluskilti hafa verið á svæðinu síðan 2004. Aðkomuskilti beggja vegna þjóðgarðsins voru sett upp árið 2010 en auk þess eru kortaskilti á Djúpalóni, Svalþúfu og Hellissandi. Viðvörunarskilti við Djúpalónssand og</p>		
Stígar	<p>Stuttur stígur á milli Nautastígs og nýju göngubrautarinnar á Djúpalónssandi var lagður en fólk stytta sér þar leið. Stígar að Klukkufossi og Snekkjufossi voru lagaðir. Byrjað var að laga stíg niður hallann niður í Dritvík. Stígar að Vatnshelli lagaður.</p> <p>Sumarið 2013 var stígur kláraður upp á Svalþúfu en bætt var við um 130 m af ecogrids grindum sem voru 2m á breidd. Það voru verktakar og sjálfbóðaliðar sem sáu um verkið. Í þjóðgarðinum eru fornar götur sem haldið er við og nokkrar stuttar leiðir sem eru nýjar. Talsvert viðhald var á stígum og slóðum sumarið 2012. Lokið var við lagfæringu á stíg upp að Klukkufossi, stígar að Snekkjufossi var lagfærður sem og stígar á Djúpalónssandi. Stígar upp á Saxhól var lagfærður og bætt við þrepum. Hafist var handa við gerð göngustígs á Svalþúfu, frá bílastæði og</p>		
Öryggi	Unnið var að öryggisáætlun fyrir friðlýst svæði veturinn 2013-14. Eftir er að vinna svæðisbundna áætlun.		
Sjálfbóðaliðar	Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar störfuðu í fjórar vikur (4-5 í hóp). Verkefni: laga stíga að Klukkufossi og Snekkjufossi, dreifa úr mold til uppgræðslu gryfju við Malarrif, tína rusl við Útnesveg, hreinsa grjót í gönguleið í Skarðsvík og af túni á Öndverðarnesi, moka upp úr Írskarabrunni, laga hleðslur í Beruvíkurrétt og Írskarabyrgi, laga stíg að Vatnshelli og upp Saxhól, hreinsun á Hríshóllsvæðinu og Brimnesi, byrjað á stíg niður í Dritvík, styttingsstígar gerður á		

Djúpalónssandi, lagað eco-grids á Svalþúfu, unnið við stíg upp frá Hellnafjöru. Myndir á www.facebook.com/ICV.IS

Framkvæmdir

2014: Miklar framkvæmdir voru á árinu og er þeim ekki lokið þegar þetta er skrifað. Á Svalþúfu er búið að byggja tvo útsýnispalla. Bæta á við girðingu á milli þeirra og upp frá þeim efri. Einnig er búið að smíða áningarpall við bílastæðið og verður grjóthleðsla hlaðin í kringum hann. Setja á aðvörunarskilti upp í haust.

Djúpalónssandur: leggja átti varanlegan stíg niður Nautastíginn en það verk er ekki hafið. Búið er að teikna hann og ákveða efnisval. Vatnstankar voru hreinsaðir, hurðar lagaðar. Vatnshellir: borið var í bílastæðið og göngustíg. Salerni voru sett upp og timburskýli byggt í kringum þau.

Skálasnagi: lokið er við að byggja útsýnispall og leggja göngubraut frá vitanum að pallinum. Eftir er að setja upp grindverk við pallinn og handrið meðfram stígnum. Aðvörunarskilti í vinnslu.

Öndverðarnes: unnið er að smíði á göngubraut frá vitanum og áleiðis að Fálka. Lýkur á næstu dögum.

Skarðsvík: verið er að vinna deiliskipulag við Skarðsvík.

Fiskbyrgi: komnar eru tillögur um aðkomu að fiskbyrgjum og unnið að efnisvali.

Saxhóll: teikningar langt komnar af lagningu stiga upp hólinn. Járntróppur.

Eysteinsdalur: göngubrúin yfir Móðulæk í mynni Eysteinsdals gaf sig undan snjóþunga síðasta vetur. Búið er að smíða og setja upp nýja brú.

Malarrif: Búið er að skipta um þak, leggja vatnslagnir, múra að utan að hluta til, hreinsa út loftklæðningu í fjósi, brjóta upp flór og jafna gólf og flota fjós og mjólkurhús, steypa undir salernin, setja stórar hurðar fyrir flór og hlöðu.

Svalþúfa: Ecogrids lagt frá bílastæði (60 m) og einnig lagt ecogridsefni í hring á Þúfubjargsbrún eða um 50 m.

Malarrif: Borað eftir vatni, rafmagn lagt að húsi og ljósum komið upp, skipt um glugga og hurðir. Komið upp eldstæði og hreinsað til í Salthúsinu. Komið fyrir 11 leiktækjum á túninu við fyrirhugaða gestastofu.

Vatnshellir: Komið fyrir 10 m² þjónustuhúsi við bílastæðið og mold tekin upp úr hellinum af Hellavinum í sjálfboðavinnu.

Djúpalón: borað eftir vatni, upplýsingatafla smíðuð, áningarborð máluð, skipt um rúður á salernum og þau lögð.

Vöktun

2014:
Fiðrildavöktun og lúpína.
Sumarið 2013:
Síðan árið 2010 hefur þjóðgarðurinn tekið þátt í verkefni á vegum Náttúrufræðistofnunar um vöktun fiðrilda. Gildra er á Gufuskálum.

Vinna þarf vöktunaráætlanir skv. verndaráætlun og fylgja þeim eftir. Sumar 2011 tók þjóðgarðurinn þátt í að vakta fiðrildi og var gildra sett upp á Gufuskálum. Ellen Magnúsdóttir líffræðingur gerði úttekt á fuglalífi í þjóðgarðinum sumar 2011 og verða niðurstöður hennar nýttar til fræðslu m.a. fyrir bæklings fyrir fuglaskoðara. Aðkallandi er að gerðar verði rannsóknir á

Rannsóknir

2014: HÍ stóð fyrir þolmarkakönnun á meðal ferðamanna.
Meistararitgerð var unnin um landslagsgreiningu.

Annað

2014: Mikil fjölgun ferðamanna skilur eftir sig augljós spor. Einkum hefur álagið aukist utan sumartíma. Jarðvegurinn fær því ekki tíma til að jafna sig og sér víða á göngustígum. Það er því mjög mikilvægt að vinna áfram að lagningu góðra stíga á þeim svæðum sem ferðamenn sækja. Tvö ferðaþjónustufyrirtæki buðu upp á gönguferðir á Jökulinn í sumar.

Umgengni á Jöklinum og Jökulhálsi, sem er utan þjóðgarðsins, er mjög slæm og hefur verið um langan tíma. Gömul og ný för eftir utanvegaakstur eru greinileg. Þetta vandamál hefur fengið meiri og betri umfjöllun í fjölmiðlum á þessu ári en áður og fólk orðið meðvitaðra um afleiðingarnar. Er það gott þó að leitt sé að fjölgun brota og augljósari skemmdir hafi þurft til. Sumarið var hlýtt og blautt og gróður í miklum blóma.

Nokkuð urðu landverðir varir við tófu en ekki var boðið upp á ferð að greni þar sem hún hélt sig frá alfaraleið.

Friðlýst	Auglýsing nr. 218/1974 í Stjórnartíðindum B.		
Stærð km	0,0 km ²	Stærð ha	3,7
Lokunarákvæði	Bannað er að breyta náttúruvættinu á nokkurn hátt eða skaða gróður umhverfis það. Akstur er aðeins leyfður á vegi og á afmörkuðu bílastæði.		
Landvarsla	Svæðalandvörður Umhverfisstofnunar sá um hefðbundið eftirlit á svæðinu.		
Samningur	Enginn formlegur samningur hefur verið gerður.		
Skilti	Upplýsingaskilti sett upp 2010		
Stígar	Malarstígur liggur frá bílastæðinu og upp að Steðja.		
Framkvæmdir	Engar framkvæmdir 2014		
Vöktun	Landvörður á vegum Umhverfisstofnunar á svæðinu sumarið 2014.		
Annað	Steðji býr yfir fallegum landslagsþáttum og fjölbreytileika í landslagi sem býður upp á þó nokkra afþreyingarmöguleika. Einnig býr Steðji yfir menningarlegum og listrænum innblæstri en til eru sögusagnir um einbúa sem býr í Steðja og að auki má nefna vísinda- og menntunargildi fyrirbærisins en náttúruvættið hefur að geyma jarðvísindalega sögu ásamt því að vera tilvalið til notkunar fyrir skólaferðir og til vísindarannsókna. Þörf er á að laga nánasta umhverfi Steðja, gróðurpekja á í vök að verjast og nær ekki að loka sér. Landvörður fór á svæðið sumarið 2013 og var allt mjög snyrtilegt. Vegur upp að Steðja var góður. Bílplan, borð og bekkir í lagi. Stígur upp að Steðja finn. Lítið rusl.		

Friðlýst	Auglýsing nr. 284/1988 í stjórnartíðindum B. Friðland. Fyrst lýst friðland 1979.
Stærð km	1,3 km ² Stærð ha 134,4
Lokunarákvæði	Óheimilt er að tjalda í friðlandinu.
Landvarsla	Landverðir þjóðgarðsins sjá um landvörslu á svæðinu. Landverðir starfa í gestastofunni á Hellnum.
Samningur	
Fræðsluáætlun	<p>Sumarið 2013 var boðið upp á vikulegar fræðslugöngur sem landverðir þjóðgarðsins sáu um. Mæting var við höfnina á Arnarstapa og tók ferðin 1-2 tíma.</p> <p>Árið 2003 voru sett upp aðkomuskilti við Arnarstapa og Hellna auk skilta sem sýna gönguleiðir, fuglategundir og plöntur. Einnig voru settir upp vegvísar. Bæklingurinn <i>Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull og friðlönd í nágrenninu</i> kom út sumarið 2009. Gönguleiðabæklingur kom út árið 2010. Áætlað er að setja upp ný aðkomu- og fræðsluskilti árið 2013.</p>
Stígar	<p>Gönguleið á milli Arnarstapa og Hellna er afar vinsæl leið. Búið er að leggja stíg frá stytta að ströndinni og lagfæra stíginn frá bílastæði að stytta. Áætlað er að halda áfram í stígaframkvæmdum meðfram ströndinni og byggingu útsýnispalls sumarið 2013. Eigendur Amtmannshúsins á Arnarstapa hófu sumarið 2011 vinnu við að leggja gúmmígrindur (eco grids) í göngustíg neðan við húsið og áfram að bryggjunni. Því verki var fram haldið sumarið 2012 og 2013. Verkið var unnið í sjálfböðavinnu. Sumarið 2014 var lagður 110 metra langur (eco grids) göngustígur á Arnarstapa og liggur hann í áttina að Gatkletti. Frá Hellnafjöru var lagður 230 metra langur malarstígur í áttina að Nátthaga.</p>
Sjálfböðaliðar	<p>Sjálfböðaliðar frá Umhverfisstofnun unnu á Arnarstapa í nokkra daga en þeir færðu til efni (möl) ofan í eco grids göngustíginn sem lagður var sumarið 2013 auk þess að bæta efni í gönguleiðina sem liggur að Hellnum. Myndir á www.facebook.com/ICV.IS</p>
Framkvæmdir	<p>2014: Lagður var 110 metra langur (eco grids) göngustígur á Arnarstapa og liggur hann í áttina að Gatkletti og fyrirhugað er að smíða 27 m² útsýnispall í nóvember 2014 við ströndina fyrir neðan styttuna af Bárði Snæfellsáss. Frá Hellnafjöru var lagður 230 metra langur malarstígur í áttina að Nátthaga og fyrirhugað er að smíða 65 metra langan uppbyggðan göngupall í nóvember 2014 þar sem gönguleiðin liggur upp gilið við Hellnafjöru.</p> <p>2013: Landverðir máluðu trébrúna sem er á gönguleiðinni milli Arnarstapa og Hellna. Eco grids var lagt í göngustíg neðan við Amtmannshúsið og áfram að bryggju. Áætlað er að halda áfram með göngustígagerð meðfram ströndinni og byggingu útsýnispalls árið 2013. Gera þarf þessa framkvæmd í áföngum vegna kostnaðar. Bæta þarf gönguleið frá bílastæði á Gróuhól á Hellnum og niður að fjörunni. Fyrirhugað er að fara í lúpínuhreinsun og annað almennt viðhald á svæðinu.</p>
Vöktun	<p>Vöktun á göngustígum á vegum Umhverfisstofnunar hófst sumarið 2007. Gera þarf áætlun um hana og fylgja vel eftir.</p>
Annað	<p>Almenn fræðsluskilti vantar bæði á Arnarstapa og Hellnum, sérstaklega um sögu svæðisins. Setja þarf varanlegt skilti við Ásgrímsbrunn, en hann var grafinn upp sumarið 2002. Setja þarf upp fræðsluskilti um fjörudýr en á svæðinu er m.a. fágæt fló. Merkja þarf Miðgötu, en hún er alveg ómerkt. Gestastofa er á Hellnum og útsýnispallar eru á svæðinu.</p>

Friðlýst

Auglýsing nr. 164/2009 í Stjórnartíðindum B.

Stærð km

2,5 km²

Stærð ha

247,1

Lokunarákvæði

Óheimilt er að beita búpeningi innan friðlýsta svæðisins.

Landvarsla

Umsjónarmaður fór 5 sinnum um svæðið sumarið 2014.

Skógræktin sér um landvörslu á svæðinu samkv. samningi

Skógrækt ríkisins (skógarvörður á Vesturlandi) sér um daglegt eftirlit, umsjón og rekstur friðlandsins. Ef erindi kunna að koma upp vegna landvörslu ber skógarverði að leita til Umhverfisstofnunar.

Samningur

Skógrækt ríkisins hefur umsjón með svæðinu en Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd friðlýsingarinnar. Samningur gerður 29.janúar 2009.

Gildistími er 10 ár.

Fræðsluáætlun

Upplýsingarskilti var sett upp 2012

Skilti

Merkjaskilti eru við mörk svæðisins með nafni og bann merkjum, upplýsingaskilti er í miðju svæðisins. Skiltin voru sett niður 2012.

Stígar

Gamall vegur liggur í gegnum svæðið hann er illfær nema á jeppa en sótt hefur verið um styrk í styrkvegaskjóð til úrbóta. Engir göngustígar hafa verið lagðir.

Öryggi

Ekki til nein sérstök öryggisáætlun en til er eldvarnaráætlun fyrir hreppinn.

Sjálfbóðaliðar

Engir sjálfbóðaliðar 2014.

Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar: viðhald svæðis og fjarlægging lúpínu

Framkvæmdir

2014: Engar framkvæmdir

2012: Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar unnu við viðhald á svæðinu, fjarlægðu lúpínu o.fl.

Válistategundir

Flókakræða vex í skóginum en hún vex ekki annarstaðar á Íslandi.

Rannsóknir

Nei

Vesturland

Bárðarlaug	Náttúruvætti
-------------------	---------------------

Friðlýst	Auglýsing nr. 445/1980 í Stjórnartíðindum B. Náttúruvætti.	
Stærð km	0,4 km ²	Stærð ha 43,6
Lokunarákvæði	Umferð vélknúinna ökutækja er bönnuð.	
Landvarsla	Landverðir þjóðgarðsins Snæfellsjökuls sjá um landvörslu á svæðinu.	
Fræðsluáætlun	Bæklingur um <i>Þjóðgarðinn Snæfellsjökul og friðlönd í nágrenninu</i> kom út sumarið 2009. Sameiginlegt aðkomuskilti með friðlandinu á ströndinni. Umhverfisstofnun áætlað að setja upp skilti árið 2015.	
Skilti	Sameiginlegt aðkomuskilti með friðlandinu á ströndinni er við Bárðarlaug. Vegvísar.	
Stígar	Gönguleið um svæðið var stikuð 2003.	
Framkvæmdir	Engar framkvæmdir 2014 fyrir utan það að skilti voru máluð.	
Annað	Æskilegt er að koma upp fræðsluskiltum með upplýsingum um friðlýsinguna. Við Bárðarlaug er skilti um Arnarstapa-Hellna en ekkert sérstakt um Bárðarlaug.	

Friðlýst	Auglýsing nr. 348/1986 í Stjórnartíðindum B.		
Stærð km	6,4 km ²	Stærð ha	644,9
Landvarsla	Landvörður, staðsettur á Brjánslæk, fór þrjár vikur til fjórum sinnum í viku í eftirlit að Dynjanda 4. júní til 19. ágúst, sumarlandvarsla tveim vikum lengur en árið 2013. Sérfræðingur Látrastofu fór í eftirlit tvisvar til fjórum sinnum í mánuði frá apríl til loka október. Ísafjarðarbær hefur umsjón og eftirlit með klósettum og tjaldsvæði. Sérfræðingur hefur umsjón með þurrsalerni.		
Samningur	Unnið er að gerð samnings milli Ísafjarðabæjar og UST um samstarf um umsjón salerna og tjaldsvæðis.		
Fræðsluáætlun	Umhverfisstofnun áætlað að setja upp upplýsingaskilti vor 2015. Skiltin farin í framleiðslu. Samtals átta skilti með nöfnum fossanna voru endurnýjuð 2013 og hluti af þeim komin upp, skipt út fyrir gömlu skiltin þegar þau eru ónýtt. Svæði á heimasíðu UST um náttúruvættið var uppfært 2013.		
Skilti	Skilti eru á svæðinu á vegum Ferðamálastofu og Vegagerðarinnar. Skilti eru við fossaröðina þar sem heiti einstakra fossa koma fram. Ný skilti eru í vinnslu og verða sett upp 2015.		
Stígar	Göngustígar liggja frá bílastæði að fossinum Dynjanda. Stígar út frá aðalstíg liggja að öðrum fossum í Dynjandisá. Byggja þarf upp stíga frá aðalstíg með malarefni. Stígar út frá aðalstíg í mjög slæmu ástandi vegna fjölda ferðamanna.		
Öryggi	Unnið að hönnun útsýnispalla, hönnuður er Landform.		
Sjálfbóðaliðar	Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar unnu í 1 viku við viðhald á göngustígum, lagfæringu á steintröppum og vatnsrásum. www.icv.is		
Framkvæmdir	Sjálfbóðaliðar unnu í 5 daga í viðhaldi á göngustíg, lagfærðu og bættu við steintröppum og lagfærðu og breikkuðu stíg á kafla. Haldið var áfram að afmarka göngustíga með reipi og loka svæðum sem hafa orðið fyrir miklum átroðningi. Grillaðstaða var hlaðin úr náttúrugrjóti 2013 á tjaldsvæði. Kristín Elíasdóttir vann verkið og verður það klárað vor 2015. Náttúrustofa Vestfjarða gerði fornleifakönnun í sumar 2013 í friðlandinu, skýrsla er komin út. Deiliskipulag fyrir svæðið samþykkt í vor 2014. Vegagerðin lagfærði afleggjara að Dynjanda og bar efni í bílastæði 2013. Efni var fengið úr fjörunni í Dynjandisvogi. Gengið var frá efnistökusvæði. Búið að koma fyrir þurrsalerni sem verður opið þegar vatnssalarni eru lokuð. Sett var upp skilti merk rúttæði og leiðbeinandi skilti hvernig skuli leggja í bílastæði. Framkvæmdir á næsta ári: - Áframhaldandi hönnun á svæðinu. Samið við Landform. - Göngustígur frá bílastæði að Hrísvaðsfossi gerður aðgengilegum hreyfihömluðum, útsýnispallur við Hrísvaðsfoss komið fyrir. - Bætt aðstaða fyrir rusl. Umgjörð um sorptunnur verður hlaðin úr náttúrugrjóti. Kristín Elíasdóttir vinnur verkið. - Takmarka á akstur inn á tjaldstæði með því að setja upp hindranir. - Áframhaldandi uppbygging og viðhald á göngustígum. Sjálfbóðaliðar UST.		
Vöktun	Sérfræðingur Látrastofu fer með vöktun á ástandi göngustíga og gróðurs á svæðinu með því að taka myndir í byrjun og lok ferðamannatímans.		
Rannsóknir	Hafdís Sturlaugsdóttir og Cristian Gallo. 2008. Gróður við Dynjandisvog. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 12-08. http://nave.is/dynjandi_grodur%20yfirf.pdf		

Annað

Svæðið var tekið af appelsínugula listanum yfir svæði í hættu árið 2012. Í ár var svæðið sett aftur á appelsínugulan lista þar sem aukning á ferðamönnum er meiri en gert var ráð fyrir og álag á svæðinu í samræmi við það. Átak sem farið var í til þess að stýra umferð um svæðið með því að loka aflögu stígum, afmarka og byggja upp göngstíga og loka svæðum sem voru illa farin vegna átroðnings, hafa skilað góðum árangri. Gróður hefur náð sér vel á strik á svæðum sem voru undir miklu álagi. Halda verður áfram uppbyggingu á innviðum til að viðhalda góðu ástandi svæðisins.

	Hornstrandir	Friðland
Friðlýst	Auglýsing nr. 332/1985 í Stjórnartíðindum B. Fyrst lýst friðland 27. febrúar 1975.	
Stærð km	589,1 km ²	Stærð ha 58.915,0
Lokunarákvaði	Frá 15. apríl til 15. júní þarf að tilkynna Umhverfisstofnun um ferðalög á svæðinu. Reglan hefur verið ítrekuð í skiltum innan svæðis.	
Landvarsla	Sumarið 2014 störfuðu þrjú landverðir í alls 6 vikur í friðlandinu og sérfræðingur friðlandsins í 12 vikur. Þá störfuðu erlendir sjálfbóðaliðar í friðlandinu í 20 daga og skiluðu 120 dagsverkum. Einn sjálfbóðaliði starfaði til viðbótar og var alls 7 vikur í friðlandinu. Sérfræðingur var fengin til þess að leiðbeina sjálfbóðaliðum og skilaði 18 dagsverkum. Á veturna starfar sérfræðingur friðlandsins á skrifstofu Hornstranda á Ísafirði. Heildarvinnuvikur í friðlandinu 2014 voru 44.	
Samningur	Engir sérsamningar eru um rekstur friðlandsins. Hinsvegar er fjölmargir samstarfsaðilar, þó ekki séu formlegir samstarfssamningar til staðar utan samnings Umhverfisstofnunar og Náttúrustofa. Hefur sá samstarfssamningur virkað vel í friðlandinu með aðkomu að fjölda verkefna.	
Fræðsluáætlun	Engin bein formleg fræðsla er innan friðlandsins, en mikil óbein fræðsla, þ.e. maður á mann. Þá er sérfræðingur oft fengin til að halda kynningar og fyrirlestra um friðlandið yfir vetrartímann.	
Skilti	Á flestum áætlunarstöðum báta og við tjaldsvæði eru ný skilti. Endurnýjað skilti í Veiðileysufirði (fyrra skemmt vegna veðurs).	
Stígar	Viðhald og endurbætur á stígum um og við Hesteyri og í Veiðileysufirði.	
Öryggi	Landverðir ganga með handtalstöðvar (VHF) og öflug talstöðvar eru á Hesteyri og í Hornvík. Þá er talstöð í eigu friðlandsins staðsett á Upplýsingamiðstöð ferðamanna á Ísafirði og dagleg samskipti við hana vegna ferðamanna. Tveir gervihnattasímar eru á svæðinu, annar í Hornvík og hinn hjá sérfræðingi (göngusími). Magnari fyrir GSM síma er á Hesteyri. Friðlandið er yfirfarið á vorin og m.a. leitað að ummerkjum eftir hvítabirni. Öflugt samstarf er við ferðapjóna svæðisins og upplýsingamiðstöðvar í fjórðungnum um stýringu ferðamanna um svæðið, ekki síst við erfiðar aðstæður (sumarbrætur). Ferðamenn eru skráðir inn og út af svæðinu og einnig eru þeir skráðir í Hornvík og á Hesteyri (innan svæðis). Öryggisáætlun hefur ekki verið sett fram, en stöðugt er safnað efni í hana og verður áætlun unnin samhliða verndaráætlunargerð.	
Sjálfbóðaliðar	Sjálfbóðaliði starfaði hluta úr sumrinu á Hesteyri og tveir hópar sjálfbóðaliða störfuðu að göngustígaverkefni á Hesteyri og í Veiðileysufirði. Alls skiluðu sjálfbóðaliðar 120 dagsverkum í friðlandinu sumarið 2014.	
Framkvæmdir	Lagfærður var göngustígur umhverfis Hesteyri, uppganga frá bryggju löguð til, lagfært í göngustígum í og ofan Hesteyrarskarðs o.fl. Göngustígur frá botni Veiðileysufjarðar og langleiðina í Hafnarskarð var lagfærður, ekki síst drekaður og ræsi lagfærð. Flestir kamrar innan friðlandsins voru fúavarðir. Grjóthreinsað var í mörgum göngustígum svo og tjaldsvæði yfirfarin og hreinsuð. Farin var ruslaferð í samstarfi við fjölmarga aðila á norðanverðum Vestfjörðum ásamt fjölda sjálfbóðaliða. Hreinsaðar voru fjörur í Kjaransvík, Hlöðuvík og Hælavík, alls 5 tonn, mest plast.	
Alþjóðasamningar	Samkvæmt Bernarsamningnum ber að stýra veiðum á stuttnefju.	
Válistategundir	Stuttnefja (VU).	
Vöktun	Á vegum Umhverfisstofnunar er fylgst með fjölda ferðamanna, aðkomuleiðum í friðlandið og ferðahegðun, þ.e. sumarhúsafólk, göngumenn o.s.frv. Stefnt er að vöktun á mófuglum í samstarfi við Náttúrustofu Vestfjarða. Æskilegt er að vakta stofna refa og minka. Einnig að vakta nytjar sem leyfðar eru á svæðinu. Náttúrustofa Vestfjarða hefur fylgst með skordýralífi í Fljótavík og af og til eru framkvæmdar gróðurlendismælingar. Mellrakkasetrið í Súðavík sinnir rannsóknnum og vöktun á ref á hluta svæðisins og er m.a. reynt að meta afkomu í stofninum. Landverðir hafa tekið þátt í vöktunarverkefnum í samstarfi við Náttúrustofuna (NV). Þá fylgjast þeir með náttúrufari, ástandi göngustíga og annað slíkt og skrá í landvarðarskýrslur, þó ekki sé um stöðuga vakt að ræða. Náttúrustofan rannsakar afkomu ritunnar í Hælavíkurbjargi og kom eina ferð 2014 vegna þess verkefnis.	
Rannsóknir	Talsvert er sótt í rannsóknir innan friðlandsins á ári hverju. Hluti þeirra er nefndur í vöktunarkaflanum. Háskolanemar hafa unnið að rannsóknnum og verkefnum tengdum friðlandinu. Eitt verkefni varðandi náttúruferðamennsku í friðlandinu var lokið á haustdögum	

2014.

Annað

Gönguferðamönnum fjölgaði talsvert sumarið 2013 og hafa ekki verið eins margir um langt skeið. Einnig er stöðug fjölgun í dagsferðum, ekki síst á Hesteyri. Á Hesteyri er farið að sjá á göngustígum og þarf að fara í úrbætur þar. Hinsvegar er landið í einkaeign og er brýnt að samkomulag náist um framtíð ferðapjónustu á þeim stað áður en farið er í framkvæmdir. Álag á tjaldsvæði og göngustíga hefur aukist allnokkuð og fer sífellt meiri tími í viðhald þeirra.

Friðlýst	Auglýsing nr. 103/1975 í Stjórnartíðindum B. Náttúruvætti.
Stærð km	2,7 km ² Stærð ha 272,0
Lokunarákvæði	Almenningi er heimil för um gilið með leyfi ábúenda á Brjánslæk eða í fylgd með landverði.
Landvarsla	Landvörður var á svæðinu frá 4. júní - 19. ágúst 2014. Sérfræðingur á Patreksfirði er með eftirlit utan landvarðatímans.
Samningur	Unnið er að samningi við ábúendur á Brjánslæk um umsjón og rekstur gestastofu um Surtarbrandsgil ásamt samstarfi um eftirlit með náttúruvættinu.
Fræðsluáætlun	Í sumar voru skipulagðar ferðir í gilið með landverði 5 sinnum í viku, þriðjudaga, miðvikudaga, fimmtudaga, laugardaga og sunnudaga kl. 13:00 Unnið er að hönnun gestastofu um Surtarbrandsgil sem áætlað er að opna sumarið 2015.
Skilti	Fjögur skilti: Upplýsingaskilti með loftmynd af svæðinu. Tvö fræðsluskilti, annað við bílastæði og hitt í gilinu. Upplýsingaskilti með upplýsingum um ferðir í Surtarbrandsgil. Einnig eru skilti á gönguhliðum með upplýsingar um lokunarákvæði.
Stígar	Gönguleið liggur frá bílastæði við Flakkara (miðasala í Baldur) í Surtarbrandsgil. Efri hluti leiðarinnar er stikuð, annars staðar er fylgt vegslóða.
Öryggi	Í berginu slútir bergið víða fram og er hættu á hruni úr því til staðar.
Sjálfbóðaliðar	Í einn dag sumarið 2014, viðhald á göngustíg í gilinu.
Framkvæmdir	Girðing var endurnýjuð og hið afmarkaða svæði í gilinu stækkað til verndunar sumarið 2011. Þrjú gönguhlið voru sett upp 2012 og skilti á tveimur þeirra með leiðbeiningum um aðgengi. Upplýsingaskilti sem var sett upp 2010 var fært að Flakkara. Fræðsluskilti ásamt upplýsingaskilti um skipulagðar ferðir í gilið var sett upp 2012. Sýningakassar með sýnishornum af steingervingum voru einnig settir upp við Flakkara og í gilinu 2012. Stétt við Upplýsingaskilti var hellulögð með náttúrusteini 2012. Hellulögð stétt, með náttúrulegum hellum, var sett við Flakkara árið 2012. Göngustígur var yfirfarinn og lagfærður, m.a. færður frá árbakkanum þar sem hættuástand var farið að skapast 2012. Göngustíg í gilinu þarf að lagfæra árlega þar sem mikið vatn og jarðvegur rennur úr hlíðum gilsins og á göngustíginn. Framundan: Unnið er að hönnun gestastofu um Surtarbrandsgil sem áætlað er að opna sumarið 2015 í samstarfi við ábúendur. Skipta þarf út hliðum sem sett voru upp 2012 þar sem þau eru ekki fjárheldin. Jóhann á Brjánslæk sér um það.
Vöktun	Sérfræðingur vaktar breytingar á gilinu þar sem mikið er um hrun í leysingum.
Rannsóknir	Thomas Denk, Friðgeir Grímsson, Zlatko Kvacek. 2005. The Miocene floras of Iceland and their significance for late Cainozoic North Atlantic biogeography. http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/j.1095-8339.2005.00441.x/full#f115-118
Annað	Svæðið fór af rauðum lista á appelsínugulan lista yfir svæði í hættu vegna ágangs ferðamanna árið 2012. Talsvert rask er í Surtarbrandsgili af náttúrulegum ástæðum. Gera þarf úttekt á ástandi og verndargildi svæðisins. Náttúruupplifun, jarðfræði og mannvistarminjar gera svæðið mjög áhugavert. Gera þarf verndaráætlun. Tekist hefur að mestu leyti að koma í veg fyrir eyðileggingu í gilinu af völdum ferðamanna. Eftirlit hefur verið eft og er nú landvörður með aðsetur á Brjánslæk yfir sumartímann. Enn eru vísbendingar um að ferðamenn taki með sér steingervinga þó í litlu magni sé.

Friðlýst Auglýsing nr. 96/1975 í Stjórnartíðindum B. Friðland.

Stærð km 200,0 km² **Stærð ha** 20.003,7

Landvarsla Landvörður var á svæðinu 4. júní - 19. ágúst 2014. Sérfræðingur á Patreksfirði er með eftirlit á svæðinu utan landvarðatíma. Landvörður er með aðsetur á Brjánslæk.

Samningur Samningur var gerður við Hótel Flókalund um afnot af ruslagámi við hótelið 2012.

Fræðsluáætlun Samkvæmt fræðsluáætlæn UST átti að setja upp skilti 2013. Veruleg þörf er á upplýsinga- og fræðsluskiltum í friðlandinu. Einnig þarf að endurnýja aðkomuskilti sem eru frá tíð Náttúruverndar ríkisins.

Bæklingur um friðlandið er gamall og þarf að uppfæra. Hann er einungis til á íslensku.

Mikil þörf er á fræðslu og upplýsingarskiltum í friðlandinu:

- Upplýsingaskilti um friðlandið
- Gönguleiðaskilti
- Fræðsluskilti við Gíslahelli
- Fræðsluskilti við Smiðjutóft
- Skilti við innkomu í friðlandið
- Skilti með upplýsingum um Vatnsdal og Vatnsdalsvatn

Skilti Þrjú skilti frá Náttúruvernd ríkisins við innkomu í friðlandið. Fimm tréskilti sem vísa á gönguleiðir.

Stígar Níu gönguleiðir eru stikaðar í friðlandinu. Margar þeirra þarf að grisja árlega. Fjögur áningarborð voru sett upp innan friðlandsins árið 2010. Stígar eru almennt ekki undir miklu álagi. Huga þarf að uppbyggingu stíga meðfram Vatnsdalsvatni og að Helluvatni þar sem stígur liggur upp mikinn bratta.

Sjálfbóðaliðar Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar unnu í 1 viku í viðhaldi á göngustígum við tjaldsvæði og í Hörgnesi. Myndir á www.facebook.com/ICV.IS

Framkvæmdir Hótel Flókalundur hefur fengið leyfi til tækkunar á gistirými og matsal. Endurbætur á Hellulaug sem eigendur Hótel Flókalundar hafa unnið að frá 2012 var lokið 2013. Endurbætur voru gerðar á vegi meðfram Vatnsdalsvatni 2013 og er hann nú fær öllum fólksbílum.

Á næsta ári þarf að halda áfram viðhaldi á göngustígum sem víða eru torfærir. Stefnt er á að flytja upphaf gönguleiðar í Lambagil nær Þingmannaá þar sem ekkert bílastæði er við núverandi leið. Þá mun stígurinn liggja í gegnum mýrlendi en ætlunin er að nota timbur grenitrjáa sem höggvin voru í nágrenninu til að byggja brýr.

Skortur er á útskotum og bílastæðum við vinsælar gönguleiðir í Vatnsfirði. Semja þarf við vegagerðina um hönnun og gerð bílastæða. Sérstaklega vantar bílastæði við gönguleið á Lómfell.

Alþjóðasamningar Fjörðurinn hefur alþjóðlegt gildi fyrir votlendisfugla samkvæmt Ramsar samningi.

Válistategundir Arnarpar hefur undanfarin ár verpt í Vatnsfirði. Himbrimi verpir innarlega við Vatnsdalsvatn. Himbrimi verpir í friðlandinu. Talið er líklegt að fáلكi verpi í friðlandinu.

Vöktun Landvörður fylgdist með dýralífi á svæðinu og ástandi göngustíga. Ní fylgdist með arnarpari og merktu unga sem parið kom upp í sumar.

Rannsóknir Christina Maki. 2012. Seasonal variation of water source and geochemistry in northwest Iceland watershed. Plymouth State University. (sjá PowerPoint á S.drifi og mastersverkefni geymt á Látrastofu).

Hafdís Sturludóttir. 2010. Frágangur á námu í Vatnsfirði. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr12-10. <http://nave.is/Fragangur%20namu%20i%20Vatnsfirdi.pdf>

Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson. Athuganir á hugsanlegum fuglaskoðunarstöðum á Vestfjörðum. 2010. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 18-10. <http://nave.is/fuglasko%F0unarsv%>

Margrét Hallmundsdóttir. 2009. Fornleifarannsóknir í Hörgsnesi. Gagnaskýrsla. Unnið fyrir Vegagerðina. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 05-09. <http://nave.is/Fornleifarannsokn%20a%20Horgsnesi%20NV%20nr.%205-09.pdf>

Annað

Hluti friðlandsins fellur innan verndarsvæðis Breiðafjarðar sbr. lög nr. 54/1995. Hótel, tvö tjaldsvæði og greiðasala er innan friðlandsins. Gera þarf úttekt á ástandi og verndargildi svæðisins. Talsvert álag ferðamanna er á svæðinu í Vatnsfirði.

Fiskeldi er í friðlandinu og frágangur á leiðslum og vinnusvæði er óviðunandi. Þrýsta þarf á sveitafélagið að gera athugasemdir við frágang og rusl á svæðinu.

Veiðifélagið Fluga og Net er með veiðihús í friðlandinu. Frágangur á rotþró er óviðunandi og hefur heilbrigðiseftirlitið gert athugasemdir við það. Leigusamningur við Flugu og Net rann út 2012. Ábúendur á Brjánslæk áforma að endurnýja samninginn. Veiðifélagið, í samvinnu við ábúendur, hefur verið með fiskirækt í Vatnsdalsá undanfarin ár. Fylgjast þarf með að sótt verði um leyfi til UST fyrir áframhaldandi fiskirækt.

Grenitré utan við trjálundina tvo, ofan Hótelsins og við Þingmannaá, voru söguð niður og fjarlægð. Grisja þarf trjálundina þar sem mörg tré brotnuðu undan snjópunga veturinn 2012-2013.

Norðurland vestra

Guðlaugstungur og Álfgeirstungur	Friðland
---	-----------------

Auglýsing nr. 1150/2005 í Stjórnartíðindum B. Friðland.

Friðlýst

Stærð km

398,2 km²

Stærð ha

39.819,9

Lokunarákvæði

Umferð almennings er bönnuð um norðurhluta Guðlaugstungna frá 1. maí til 20. júní hvert ár til að vernda varpsvæði heiðargæsarinnar. Veiði í ám og vötnum er óheimil án sérstaks leyfis í samræmi við lög og reglur Veiðifélags Blöndu og Svartár. Notkun skotvopna er bönnuð á svæðinu nema til refa- og minkaveiða og eyðingar á dýrum sem valda tjóni í samræmi við verndaráætlun og lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994. Hrossabeit er bönnuð nema í viðurkenndum áningarhólfum. Óheimilt er að vera með lausa hunda í friðlandinu.

Landvarsla

Engin landvarsla er á svæðinu. Landvörður fór eina tveggja daga ferð í Guðlaugstungur sumarið 2014. Gisti í tjaldi.

Skilti

Árið 2010 voru sett upp af Umhverfisstofnun þrjú aðkomu- og fræðsluskilti við þær leiðir er liggja inn í friðlandið. Ástand metið gott sumarið 2014.

Framkvæmdir

Engar

Alþjóðasamningar

Á IV viðauka Bernarsamningsins, rústamýrar, einhverjar þær víðáttumestu á hálendi Íslands.

Válistategundir

Fjallkrækill (LR) og fléttan, Lecinophysma finmarckicum (LR).

Vöktun

Æskilegt að auka vöktun, t. d. á heiðagæsum. Þá þarf að vakta rústasvæði og leggja mat á hrossabeit á svæðinu.

Rannsóknir

Engar 2014 sem vitað er um.

Annað

Talsverð þörf fyrir aukið eftirlit bæði vetur og sumar með þeirri fjölþættu umferð sem er um svæðið. Lokunarákvæði eru ekki virt en vitað er til þess að fólk (veiðimenn) sé á ferð um svæðið með byssur og veiðistangir á þeim tíma sem umferð almennings er bönnuð. Einnig er vitað til þess að skotveiði fari fram innan friðlandsins á gæsveiðitímabilinu. Mikið af skothylkjum hefur fundist innan friðlandsins. Hestaumferð hefur aukist undanfarin ár og er farið að sjá á, ekki síst beitarhólfum við Stöngukvíslarskála.

Friðlýst

Auglýsing nr. 521/1975 í Stjórnartíðindum B.

Stærð km

0,1 km²

Stærð ha

10,7

Lokunarákvæði

20. apríl - 20. júní er umferð um eyrna takmörkuð vegna varps, einkum gæsa, engin gæludýr eru leyfð, bannað er að kveikja eld í eyrni, fara um á vélknúnum ökutækjum eða nota skotvopn. Hrútey var friðuð fyrir búfé árið 1933.

Landvarsla

Engin formleg landvarsla. Sveitarfélagið fylgist með svæðinu reglulega.

Samningur

Enginn formlegur samningur hefur verið gerður. Til stendur að vinna skipulag fyrir eyrna á næstu árum og verður samráð haft við Umhverfisstofnun.

Fræðsluáætlun

Sveitarfélagið ráðgerir að bæta fræðslu um fugla. Nemendur HÍ hafa skoðað flóru eyjarinnar -

Skilti

Skilti á vegum Blönduósbæjar og Skóg A-Hún. Góð upplýsingaskilti: upplýsingar um fugla og sögu eyjarinnar voru sett upp fyrir rúmum 10 árum síðan og eru í ágætu ástandi ennþá.

Stígar

Stígar á vegum Blönduósbæjar og Skóg. A-Hún. Gott ástand göngustíga. Göngubrú út í eyrna er komin til ára sinna (smíðuð 1988) og viðhaldsfrek. Góðar gönguleiðir, enda þótt álag sé talsvert og fari vaxandi.

Uppbygging svo sem stígar, brýr, borð, bekkir og merkingar hafa verið á vegum Skóg. A-Hún. og sveitarfélagsins.

Öryggi

Aðgengi hefur verið bætt og gönguleiðir lagfærðar með aukið öryggi gesta í huga. Til stendur að skipta út núverandi brú í eyrna.

Framkvæmdir

Sumarið 2014 var unnið við brú út í ána, handrið máluð o.fl. Lagfærð aðkomuleið landmegin og borið ofaníburðuir lagður í hluta stíga.

Vöktun

Fylgst er með merktum gæsum í eyrni.

Rannsóknir

Náttúrufræðirannsóknir vantar á fuglalífi eyjarinnar, ekki síst á umfangi og stærð gæsastofnsins og meta þarf hvort friða þurfi eyjuna yfir varptíma eða hvort óhætt sé að draga úr takmörkun ferða á varptíma.

Annað

Tjaldsvæði er nálægt sem veitir upplýsingar um svæðið. Svæðið er friðuð fyrir beit og vel gróið. Mest umferð ferðamanna um svæðið er frá 20. júní-20. sept. Æskilegt væri að auka aðgengi fatlaðra. Trjágróður hefur verið grisjaður og tekin jólatré. Gönguleið hefur verið byggð upp allt frá ósum Blöndu og til eyjarinnar og er hún tengd við önnur útivistarsvæði.

	Hveravellir	Náttúruvætti
Friðlýst	Hveravellir voru friðlýstir sem náttúruvætti 1960 og var friðlýsingin endurskoðuð árið 1975	
Stærð km	5,3 km ²	Stærð ha 534,1
Landvarsla	Landvarsla var 8 vikur sumarið 2014, sem er skerðing frá fyrra ári. Tveir landverðir skiptu með sér einni stöðu; hjónin Guðmundur V. Rafnsson og Svanhildur Snæbjörnsdóttir	
Fræðsluáætlun	Sett var upp nýtt aðkomuskilti árið 2011. Árið 2012 var sett upp skilti þar sem fólk er beðið um að skilja ekki eftir sig rusl á svæðinu. Sumarið 2013 voru flestir hverir merktir með fræstum stálskiltum, sem felld eru í timburgöngupalla. Að mati landvarða þarf að auka upplýsingagjöf til ferðamanna á svæðinu. Í dag er það að stærstum hluta í höndum rekstraraðila svæðisins. Landverðir reyndu að vera sýnilegir í sínum vel merktu fötum á álagstímum til að geta svarað spurningum og veitt aðstoð eins og hægt var. En móttaka, frekar en önnur aðstaða landvarða er engin, skilti eru fá og gefa litlar upplýsingar og engum bæklingum er til að dreifa um svæðið. Það má auðveldlega laga.	
Skilti	Sett var upp aðkomu- og fræðsluskilti sumarið 2011. Í lok árs 2013 var ekið á það (í snjó) og þarfnast það því endurnýjunar á komandi sumri. Skilti um ruslahirðu, á íslensku og ensku, er á svæðinu.	
Stígar	Stígakerfi á svæðinu hefur verið fullgert. Gönguleiðir í umsjá landvarða á Hveravöllum eru fjórar, og allar byrja þær á sama stað við Gamla skála, við inngang á hverasvæði.	
Öryggi	Hálendisgæsla Svf. Landsbjargar er staðsett á Kili, og er samstarf milli hennar og landvarða afar gott. Öryggisbönd eru meðfram timburgöngupöllum sem varna gestum frá því að fara of nálægt hverunum.	
Framkvæmdir	Landvörður lagfærði fræðslu- og upplýsingaskiltið sem næst stendur gamla skálanum, en á það hafði verið ekið veturinn á undan. Skiltið er laskað og þarf að endurnýja, en stólpa má nota áfram.	
Annað	Svæðið er komið af válistum Umhverfisstofunar yfir svæði í hættu vegna ágangs, eftir að það því hefur verið hlúð.	

	Kattarauga	Náttúruvætti
Friðlýst	Auglýsing nr. 522/1975 í Stjórnartíðindum B. Náttúruvætti	
Stærð km	0,0 km ²	Stærð ha 0,1
Lokunarákvæði	Engin. Umferð um hólmana sjálfa er bönnuð og óheimilt er að tjalda. Þá er umferð vélknúinna ökutækja óheimil.	
Landvarsla	Engin landvarsla er á svæðinu.	
Samningur	Enginn formlegur samningur hefur verið gerður.	
Fræðsluáætlun	Engin.	
Skilti	Ekki til staðar, en er á teikniborðinu. Skilti var á staðnum og undirstöður eru til staðar. Þá er lítið tréskilti með korti af svæðinu og þarfnast það endurbóta (sjá mynd). Vegagerðaskilti bendir á tjörnina.	
Stígar	Engir skipulagðir, slóði er umhverfis tjörnina og þarf að bæta hann á komandi árum (styrkja).	
Framkvæmdir	Engar 2014.	
Vöktun	Ekki til staðar.	
Rannsóknir	Engar sem vitað er um.	
Annað	Svæðið hefur verið heimsótt á vordögum 2014 og úttekt hefur verið gerð á því.	

	Miklavatn	Friðland
Friðlýst	Auglýsing nr. 29/1977 í Stjórnartíðindum B. Friðland.	
Stærð km	14,8 km ²	Stærð ha 1.484,5
Lokunarákvæði	Vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið frá 15. maí til 1. júlí. Þá má ekki má nota vélknúin tæki í friðlandinu nema í sambandi við hefðbundna nýtingu þess (beit, heyskap, veiði). Hraðbátar eru bannaðir á vötnunum.	
Landvarsla	Ekki var landvarsla á svæðinu 2014.	
Samningur	Enginn formlegur samningur hefur verið gerður.	
Fræðsluáætlun	Fræðsluskilti til staðar.	
Skilti	Tvö skilti eru á friðlýsta svæðinu (endurnýjuð 2010). Fleiri skilti með upplýsingum í næsta nágrenni eru í jaðri svæðanna, áður en komið er inn í þau. Aðkomuskilti og fræðsluskilti við Áshildarholtsvatn, Garðsvatn, sunnanvert Hegranes og tjarnirnar við flugvöllinn.	
Stígar	Engir vegslóðar liggja að vatninu.	
Framkvæmdir	Engar framkvæmdir voru á svæðinu 2014.	
Vöktun	Fuglatalningar af og til.	
Rannsóknir	Náttúrustofa Norðurlands vestra S: 453 7999.	
Annað	Svæðin voru kynnt nokkuð vel erlendis sumarið 2010 en ábúendur á bænum Hofsstöðum eru farnir af stað í markaðssetningu í tengslum við fuglatengda ferðaþjónustu. Um 2000 eintökum af bæklingi um fuglíf sem gefinn var út fyrir nokkrum árum síðan var dreift af Náttúrustofu Norðurlands vestra.	

Friðlýst

Auglýsing nr. 444/1980 í Stjórnartíðindum B. Fólkvangur.

Stærð km

0,2 km²

Stærð ha

22,5

Lokunarákvæði

Óheimilt er að beita búfé í fólkvanginum. Meðferð skotvopna er bönnuð á svæðinu. Umferð hvers konar ökutækja er óheimil á svæðinu.

Landvarsla

Engin landvarsla. Verkstjóri sveitafélagsins lítur eftir svæðinu.

Samningur

Engin formlegur samningur er til um friðlandið en til stendur að gera hann sem fyrst.

Fræðsluáætlun

Upplýsingaskilti eru við tvær helstu aðkomuleiðir inn á Höfðann. Skiltin eru með korti sem á eru merktar gönguleiðir og örnefni ásamt umgengnisreglum. Átta fræðsluskilti með gönguleiðum, á þeim eru jafnframt upplýsingar um helstu fuglategundir og plöntur. Gefinn hefur verið út fallegur bæklingur um Spákonufellshöfða. Í honum er að finna ýmiss konar fróðleik um Skagaströnd og Höfðann, gróðurfar, jarðfræði og fuglalíf. Birt er loftmynd og inn á hana merktar gönguleiðir og örnefni. Bæklingurinn var fyrst gefinn út vorið 2008, en síðan reglulega endurútgefinn og er nú til á íslensku, ensku og þýsku. Á höfðanum er auk þess útsýnisskifa.

Skilti

Skilti sett upp sem hvetja ferðamenn til þess að fjarlægja rusl úr fjörum við höfðann.

Stígar

Göngustígar eru um allan Höfðann og fólk hvatt til að nýta sér þá. Gönguleiðirnar eru flestar stuttar og henta fyrir alla fjölskylduna. Borð og bekki er að finna meðfram gönguleiðum.

Öryggi

Gönguleiðum er viðhaldið og reglulegt eftirlit með höfðanum.

Framkvæmdir

Sett voru upp skilti sem hvetja gesti til þess að hreinsa rusl úr fjörum og móttaka fyrir það sumarið 2014. Gönguleiðum og stikum haldið við og slegið við stígana. Þá er áttak í gangi varðandi lúpínueyðingu í höfðanum.

Vöktun

Engin bein vöktun, hins vegar er svæðið þekkt meðal bæjarbúa og ábendingar koma um það sem aflaga fer. Markmið sveitarfélagsins Skagastrandar er að vernda fugla- og plöntulíf í Spákonufellshöfða með því að stýra ferðamönnum um ákveðin svæði og hvetja þá til að fara ekki af göngustígum. Æðarvarp á svæðinu, en fjöldi varppara er mismunandi milli ára. Starfsmenn Sveitarfélagsins Skagastrandar fylgjast með Höfðanum. Heimamenn nýta sér hann mikið til útvistar og þeir fylgjast grannt með aðstæðum.

Rannsóknir

Engar rannsóknir fóru fram á svæðinu árið 2014. Sveitafélagið er í samtökunum Wild North og hafa farið fram rannsóknir á vegum þeirra samtaka, en fátt til og óvissa um niðurstöður.

Annað

Á vefsíðu sveitarfélagsins www.skagastrond.is/umhverfi má fá bæklinginn um Spákonufellshöfða á pdf formi.

Norðurland eystra

Böggvisstaðafjall	Fólkvangur
--------------------------	-------------------

Fyrst friðlýst 1994. Endurnýjun 31 janúar 2011 nr. 265 í stjórnartíðindum B.

Friðlýst	Fyrst friðlýst 1994. Endurnýjun 31 janúar 2011 nr. 265 í stjórnartíðindum B.		
Stærð km	2,9 km ²	Stærð ha	292,7
Lokunarákvæði	<p>Akstur er óheimill utan vega innan fólkvangsins, jafnvel á snævi þakinni og frosinni jörð. Snjótroðarar eru þó undanskildir. Eingöngu er heimilt að hafa hunda í fólkvanginum séu þeir í fylgd ábyrgs aðila og undir tryggri stjórn. Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir. Til verndar gróðri er notkun berjatína óheimil á svæðinu. Óheimilt er að beita búpeningi. Öll meðferð skotvopna er bönnuð. Umsjónaraðili fólkvangsins getur þó veitt heimild til að veiða refi og minka ef sérstök ástæða þykir fyrir hendi, en ætíð í samræmi við lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994 og verndaráætlun.</p>		
Samningur	Umsjón og rekstur í höndum Dalvíkurbyggðar skv. samningi við Umhverfisstofnun staðfestum af umhverfisráðherra 31 janúar 2011.		
Skilti	Engin skilti en til stendur að setja upp skilti um fólkvanginn á bílplaninu.		
Stígar	Lengd stíga um 2,5 km.		
Öryggi	Öryggismálum er sinnt á skíðasvæði Dalvíkinga.		
Framkvæmdir	<p>2014: Upplýsingar bárust ekki.</p> <p>2013: Gengið var frá nýrri innkomu í reitinn "Bögg" með torfhleðslu og nýtt skilti er í vinnslu. Grisjað var í Bögg, fura og lerki</p> <p>Stígar um skógræktarsvæðið voru lagfærðir og malbornir fjölfarnari stígar en í mjórri stíga var sett kurl.</p> <p>Plantað var út 6800 skógarplöntum í suðurhluta fólkvangsins á svæði sem skilgreint er sem skógrækt/útivistarsvæði.</p> <p>2012 Stækkaður skógarreitir í fólkvanginum.</p>		
Annað	Verið er að vinna að deiliskipulagi fyrir svæðið. Bæta þyrfti helstu gönguleiðir til að gera svæðið aðgengilegra fyrir sem flesta.		

Friðlýst

Auglýsing í Stjórnartíðindum B.

Stærð km

4,9 km²

Stærð ha

485,1

Lokunarákvæði

Dýraveiðar eru óheimilar innan marka náttúruvættisins, öðrum en landeigendum. Landeigendum er heimil meindýraeyðing innan marka náttúruvættisins. Akstur utan vega og merktra slóða er bannaður nema sérstaklega standi á. [Umhverfisstofnun] getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði vegna framkvæmda á svæðinu. Leyfi umsjónarnefndar þarf til þess að fara með skipulagðar hestaferðir um svæðið. Skylt er að ganga vel um náttúruvættið og hvorki má raska jarðmyndunum né gróðri.

Landvarsla

Sumarið 2014 sá Vatnajökulsþjóðgarður í Jökulsárgljúfrum um eftirlit á svæðinu eins og fyrri sumur. Farið var í daglegar eftirlitsferðir á svæðið á háannatíma (júní til ágúst). Vegna umbrota í Holuhrauni var komið á daglegri vöktun og viðveru landvarða við Dettifoss 26. ágúst, þar sem landverðir gáfu upplýsingar til ferðamanna en voru einnig viðbúnir að rýma svæðið ef til þess kæmi. Þessari vöktun var fram haldið til 20. október þegar vegur lokaðist vegna snjóá.

Samningur

Umsjónarsamningur milli Umhverfisstofnunar og Vatnajökulsþjóðgarðs.

Fræðsluáætlun

Fræðsluskilti og upplýsingagjöf starfsmanna þjóðgarðsins. Engar skipulagðar gönguferðir.

Bæklingur um Jökulsárgljúfur, með korti - útgefið af Vatnajökulsþjóðgarði.

Skilti

Upplýsingaskilti, hallandi, á bílastæði og við útsýnispall hjá Dettifossi. Vegprestar.

Stígur

Stígur liggur frá bílastæði að Dettifossi, frá Dettifossi að Selfossi og frá bílastæði norður að Hafragilsfossi. Landverðir sáu um að endurnýja stikur á öllum þessum leiðum. Ástand stíga er almennt gott en þó eru kaflar sem farið hafa frekar illa þetta árið. Má þar nefna part úr leið að Selfossi, þar er stígurinn orðinn þrjú breiður, bæði sökum bleytu og einnig vegna tilhneingingar fólks til þess að vilja ganga hlið við hlið. Þetta stendur til að lagfæra. Aðeins hefur borið á að nýjir stígur séu að myndast en það þarf að skoða sérstaklega, með tilliti til þess hvort eigi að loka þeim eða merkja þá sem nýjar leiðir.

Öryggi

Forvarna- og viðbragðsáætlun VJP liggur til grundvallar. Fleiri slys urðu á gönguleiðum en verið hefur. Samantekt á þeim birtist í ársskýrslu norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs.

Sjálfbóðaliðar

Engir sjálfbóðaliðar þetta árið.

Framkvæmdir

Vegprestur norðaustan af salernishúsi var færður á greinilegri stað en hann hafði áður verið, þ.e. a.s. við upphaf stígs sem liggur norður að Hafragilsfossi.

Rannsóknir

Í upphafi sumars var settur upp bílateljari á afleggjaranum niður að bílastæði við Dettifoss. Þetta er fimmta árið sem teljarinn er uppi. Með þessu er hægt að meta fjölda ferðamanna sem heimsækja svæðið og þar með fá mjög mikilvægar upplýsingar sem hjálpa til við rekstur og umsjón svæðisins.

Frá árinu 2010 hefur heimsóknum ferðamanna í náttúruvættið fækkað úr 90 í 60 þúsund á meðan umferð eykst til muna um uppbyggðan veg að Dettifossi vestan ár.

Annað

Náttúruvættið Dettifoss, Selfoss, Hafragilsfoss er með þekktari og vinsælli ferðamannastöðum á Íslandi. Mikil umferð ferðamanna um svæðið krefst þess að metnaður og fjármagn sé til staðar til að sinna viðhaldi og úrbótum. Æskilegt er að aðkomuleiðir verði bættar, ráðist verði í úrbætur á stígum og gera þarf betur í skiltamálum. Leið 864 um Hólssand mun áfram verða helsta ferðaleiðin í Öxarfjörð þar til lokið verður við nýjan Dettifossveg, vestan ár, en fyrirhugað er að vegurinn verði kláraður í lok árs 2015. Með tilkomu nýja vegarins er líkur á því að heimsóknum í náttúruvættið fari fækkandi. Engu að síður er brýnt að svæðinu sé sinnt á fullnægjandi hátt.

Friðlýst	Friðlýst 22. júní 2011
Stærð km	4,2 km ² Stærð ha 423,5
Lokunarákvæði	Óheimilt er að hafa næturstað innan hins friðlýsta svæðis. Notkun skotvopna er bönnuð á svæðinu. Umferð vélknúinna ökutækja er óheimil í náttúruvættinu þ.m.t. vélsleða, undanskilin er umferð hreyfihamlaðra á rafknúnum hjólastólum eða sambærilegra hjálpartækja. Óheimilt er að spilla gróðri í Dimmuborgum nema um sé að ræða gróður sem spillir útsýni að jarðmyndunum á svæðinu, Óheimilt er að trufla dýralíf af ásetningi innan marka náttúruvættisins. Þá er beit búpenings óheimil í náttúruvættinu. Ræktun og dreifing framandi plöntutegunda er óheimil innan marka náttúruvættisins. Vegna eldhættu eru reykingar óheimilar á víðavangi innan marka náttúruvættisins. Óheimilt er að hafa hunda í náttúruvættinu nema með sérstöku leyfi umsjónaraðila.
Landvarsla	Landvarsla fellur undir starfsstöð Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit, Landgræðslan leggur til starfsmenn til verklegra framkvæmda.
Samningur	Á milli Umhverfisstofnunar og Landgræðslan um umsjón og rekstur náttúruvættisins. staðfest dags. 22.júní. 2011 og gildir í 5 ár.
Fræðsluáætlun	Fræðsluupplýsingar á skiltum, fræðslugöngur landvarða. 285 gestir gengu með landvörðum um Dimmuborgir á tímabilinu frá 8. júlí til 20 ágúst. Gengið var daglega klukkan 15:00.
Skilti	Um 20 skilti hafa verið sett upp en eru ekki GPS staðsett. Sum skiltin eru að verða léleg og þarfnast endurnýjunar.
Stígar	Búið er að malbika um 240 metra af stígum Dimmuborga og um 260 metrar tilbúnir til malbikunar. Samtals eru göngustígar um 6,4 km og allir GPS mældir. Göngustígar skiptast í fimm gönguleiðir. Stóri hringur, Litli hringur og Kirkjuhringur eru breiðir stígar þar sem hægt er að keyra um, með smá fyrirhöfn þó. Mjög mikið álag er á þessum stígum. og þá sérstaklega Stóra hring. Krókastígur er ögn torfær leið um miðjar borgirnar og Mellandahringur er einstígi suðaustur í landgræðslusvæði borganna. Einnig liggur göngustígur úr Dimmuborgum að Reykjahlíð og úr Dimmuborgum í Höfða við Mývatn. Nauðsynlegt er að vinna áfram í bótum á svæðinu vegna gífurlegrar aðsóknar á svæðið. Farþegar skemmtiferðaskipa sem leggja að í Akureyrarhöfn koma, margir hverjir í Dimmuborgir, og skapast af þeirri umferð miklir álagstoppar. Koma þarf á samstarfi milli Umhverfisstofnunar og Landgræðslu annars vegar og
Öryggi	Öryggi hefur batnað verulega eftir framkvæmdir síðustu ára.
Sjálfbóðaliðar	Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar unnu 155 klukkustundið í Dimmuborgum. Helsta verkefni var lagfæring á Krókastíg en svæðið sem stígurinn fer um hafði látið verulega á sjá.
Framkvæmdir	Endurbætur voru unnar á stígum í Dimmuborgum, upplýsingaskiltum var viðhaldið o.fl. í borgunum. Auk þess er búið að byggja sérstakt salernishús við þjónustumiðstöðina. Vegagerðin endurbætti veg að Dimmuborgum verulega.
Vöktun	Náttúrufræðistofnun Íslands vaktar náttúru svæðisins, lífríki og jarðmyndanir í samstarfi við Náttúrustofu Norðausturlands Landgræðsla ríkisins sér um vöktun og nauðsynlegar framkvæmdir vegna sandflutnings og upplásturs.

Friðlýst	Auglýsing nr. 272/1974 í Stjórnartíðindum B. Friðland.		
Stærð km	163,6 km ²	Stærð ha	16.361,0
Lokunarákvaði	Óheimilt er að skerða gróður, skaða dýralíf eða spilla vatni. Ekki má fara með hesta utan merktra akvega á svæðinu og bannað er að beita þeim. Við friðlýstum rústum má enginn hrófla. Notkun skotvopna er bönnuð.		
Landvarsla	Á fyrirkomulagi landvörslu varð breyting árið 2013 með samstarfsslitum Vatnajökulsþjóðgarðs og Ferðafélags Akureyrar. Þar með voru skilin að störf landvarða og skálavarða, sem fram að því hafði verið sinnt af sömu starfsmönnum. Landverðir höfðu aðsetur í Dreka en skálaverðir í Herðubreiðarlindum (og Dreka). Landverðir fóru að jafnaði í Herðubreiðarlindir annan til þriðja hvern dag. Sama hætti var fram haldið 2014. Skálaverðir FFA voru í Herðubreiðarlindum frá 15. júní til 17. ágúst. Landvarsla var í Ódáðahrauni frá 18. júní til 26. september með tveggja vikna hléi í lok ágúst-byrjun september vegna lokunar Almannavarna vegna jarðhræringa í Bárðarbungu. Fjöldi landvarðavikna var 33,4 sen var niðurskurður um 11 vikur frá árinu áður. Þann 19. ágúst var vegi 88 um Herðubreiðarlindir lokað vegna almannavarnaástands sökum jarðhræringa í Bárðarbungu. Vegurinn var ekki opnaður aftur vegna hættu á flóðum ef gos yrði undir jökli, heldur var umferð beint um veg 910, um Krepputungu austan Jökulsár.		
Samningur	UST og Vatnajökulsþjóðgarður, 9. júní 2008		
Fræðsluáætlun	Vegna takmarkaðrar viðveru landvarða var ekki um reglubundnar fræðsluferðir að ræða. Ein fræðsluganga var auglýst um verslunarmannahelgi, laugardaginn 3. ágúst kl. 13. Þema göngunnar var líf í auðninni og saga Fjalla-Eyvindar og mættu 2 gestir. Á vegum Vatnajökulsþjóðgarðs var árið 2011 gefinn út bæklingurinn „Askja-Kverkfjöll“ um hálendið norðan Vatnajökuls. Þar er auk Öskju og Kverkfjalla gerð skil svæðanna í Herðubreiðarlindum og Hvannalindum. Um er að ræða upplýsingar um náttúruvar, sögu og ferðaupplýsingar. Kort í bæklingnum eru tvö, göngukort í mælikvarða 1:100 000 og vegakort í kvarðanum 1:250 000. Með útgáfu bæklingins var hætt sölu á bæklingi Náttúruverndar ríkisins frá 1999 um Herðubreiðarlindir og Öskju. Annar bæklingur sem fjallar um svæðið er „Öskjuvegur“, útgefandi Ferðafélag Akureyrar (1999).		
Skilti	Við aðkomuleiðir eru skilti með grunnupplýsingum um svæðið og mörk friðlands. Heimagerð leiðbeiningaskilti eru við vöð á svæðinu. Við bílastæði við Þorsteinsskála er kort af merktum gönguleiðum. Við Eyvindarkofa er fræðsluskilti með upplýsingum um Fjalla-Eyvind. Á einni gönguleiðinni eru á sumrin sett upp lítil fræðsluskilti um jarðfræðifyribæri í Ódáðahrauni. Við Þorsteinsskála eru á sumrin sett upp lítil fræðsluskilti við blóm og annan gróður. Þörf er á endurnýjun á upplýsinga- og varúðarskiltis við uppgöngu á Herðubreið. Fjöldmörg tækifæri eru til þemabundinnar fræðslu í skiltaformi í Herðubreiðarlindum.		
Stígar	Viðhald á gönguleiðum var með hefðbundnum hætti, stikur lagfærðar. Tákmyndir fyrir gönguleiðamerkingar voru framleiddar en tókst ekki að koma upp vegna starfsmannaekkle.		
Öryggi	Forvarna- og viðbragðsáætlun VJP liggur til grundvallar. Áhættumat á gönguleið að Herðubreið á stefnuskrá VJP.		
Sjálfbóðaliðar	Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar unnu að því að afmá för eftir utanvegaakstur og settu upp táknmyndastaur við mörk friðlandsins hjá Gljúfrasmíð. www.icv.is		
Framkvæmdir	Almennt viðhald og stikun á gönguleiðum.		
Vöktun	Vatnajökulsþjóðgarður tók þátt í Sóleyjar-verkefni Líffræðistofnunar HÍ, samtaka sveitarfélaga og Landgræðslu. Verkefnið felur í sér athuganir á breytingu blómgunartíma með tilliti til langtímaáhrifa loftslagsbreytinga á plöntur og gróður á Íslandi. Tegundir til athugunar í Herðubreiðarlindum eru lambgras og músareyra, tuttugu einstaklingar af hvorri tegund. Tvisvar í viku var blómgunarstig þeirra skráð af landvörðum. Þetta árið opnuðu vegir seint og þess vegna hófst landvarsla ekki fyrr en 18. júní, þá var mestallt útsprungið og orðið of seint að hefja vöktun.		

Rannsóknir

Rannsóknnum fyrri ára var fram haldið, meðal annars GPS mælingum Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands (JHÍ) og mælingum Háskólans í Cambridge og JHÍ á þrálátri smáskjálftavirkni (sjá nánar í ársskýrslu Vatnajökulsþjóðgarðs 2014).

Enn skal ítrekað sú þörf sem er á upplýsingum um gæsavarp í Herðubreiðarlindum og áhrif mögulegrar umferðar á varpið. Náttúrustofa Norðausturlands hefur sýnt þeim rannsóknnum áhuga og Vatnajökulsþjóðgarður lýst yfir vilja til þátttöku í þeim rannsóknum.

Hraun í Öxnadal**Fólkvangur****Friðlýst**

Auglýsing nr. 534/2007 í Stjórnartíðindum B. Fólkvangur.

Stærð km

22,9 km²

Stærð ha

2.286,3

Lokunarákvæði

Öll meðferð skotvopna er bönnuð í fólkvanginum, en umsjónarnefnd fólkvangsins getur veitt heimild til að veiða refi og minka. Umferð vélknúinna ökutækja í fólkvanginum er óheimil. Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf.

Samningur

Umsjón og rekstur fólkvangsins skal vera í höndum 3 manna umsjónarnefndar sem skipuð er einum fulltrúa Hörgárbyggðar, einum fulltrúa Hrauns í Öxnadal og einum fulltrúa Umhverfisstofnunar, samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun.

Fræðsluáætlun

Gönguleiðabæklingur var gefinn út árið 2007, hann er nú uppurinn. Þörf er á heildarendurskoðun bæklingsins og endurútgáfu.

Stígar

Lítið er um merkta stíga á svæðinu en gefinn var út gönguleiðabæklingur og kort yfir svæðið 2007. Í honum er lýst 14 mismunandi gönguleiðum um fólkvanginn. Á köflum eru hægt að fylgja fjárstígum um svæðið.

Annað

Þörf er á hreinsun svæðisins auk þess að stíka helstu gönguleiðir, lagfæra girðingar og setja upp upplýsingaskilti fyrir gesti svæðisins.

	Hverastrytur á botni Eyjafjarðar.	Náttúruvætti
Friðlýst	Náttúruvætti	
Stærð km	0,1 km ²	Stærð ha 12,1
Lokunarákvæði	Óheimilt er að stunda togveiðar, netalagnir og línuveiðar við náttúruvættið og á jaðarsvæði þess. Köfun við strýturnar ber að tilkynna hafnaryfirvöldum á Akureyri áður en kafað er. Óheimilt er að kasta akkeri innan náttúruvættisins. Óheimilt er að setja hvers konar festingar eða merki við hverastryturnar.	
Landvarsla	Umsjónaraðili fer með umsjón og eftirlit á svæðinu.	
Samningur	Samningur Umhverfisstofnunar við Erlend Bogason, staðfestur af umhverfisráðherra frá 9. september 2013. Samningur gildir til 02.09.2016	
Fræðsluáætlun	Búið er að útbúa herbergi með neðansjávarmyndum ásamt brotum út strýtunum sem notað er til að fræða kafara áður en kafað er. Einnig hefur verið gefin út bók sem heitir The Hydrothermal Chimneys – Eyjafjörður Underwater ásamt video myndum.	
Skilti	Tvö upplýsingaskilti eru uppi annað við útsýnispall í Vaðlaheiði og hitt á Hjalteyri í tengslum við Arnarnesstrytur. Endurnýja þarf skilti í Vaðlaheiði. Koma þarf upp fræðsluskiltum við helstu aðkomuleiðir kafara að strýtunum.	
Öryggi	Öryggisáætlun hefur verið gerð í samráði við Slökkvilið Akureyrar fyrir kafara sem sækja svæðið. Búið er að koma fyrir bóli til að leggja bátum að við strýturnar m.a til öryggis fyrir kafara. Tilkynningarskylda er til hafnaryfirvalda á Akureyri um köfun við strýturnar. Merkingar eru við strýturnar þannig að friðaða svæðið er mjög sýnilegt.	
Framkvæmdir	Upplýsingarskilti á Hjalteyri endurnýjað, skipt um ból og leiðibönd fyrir kafara.	
Vöktun	Umsjónaraðili sinnir almennri vöktun á svæðinu, þ.e. fylgist með breytingum á náttúrufari og öðru áþreifyanlegum breytingum.	
Rannsóknir	Árið 2012 komu bandarískir vísindamenn sem fengu leyfi til rannsókna. Einnig hafa Sesselja Ómarsdóttir og Eydís Einarsdóttir unnið með undirrituðum við rannsóknir. Undirritaður hefur einnig tekið og safnað macro myndum bæði með ljósmyndavél og HD kvikmyndavél. Umhverfisstofnun veitti að höfðu samráði við samráðsnefnd Arnarnesstrýta ásamt álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands leyfi til neðansjávarrannsókna við náttúruvættið júní-júlí 2011. Dr.Mark R Patterson frá Scool of Marine science fór fyrir rannsóknarhópi í þeim tilgangi að rannsaka vistkerfi í og við stýturnar.Svæðið var myndað og ýmis gildi mæld m.a pH- gildi, hitastig og H2S, lífræðileg sýnataka. sjávargróður og skoðun innihalds maga í lífverum við stýturnar. Einnig var mælt útstreymi og gastegundir frá strýtunum. Ströngum ákvæðum um umgengni í friðlýsingu svæðisins var beitt við leyfisveitingu. Eftirlit við köfun var af hálfu Erlends Bogasonar . Samkvæmt ákvæðum í útþefnu levfi hefur Umhverfisstofnun rétt til allra þagna sem tengjast	
Annað	Hverastryturnar eru á u. þ. b. 65 m dýpi og eru 25, 33 og 45 metra háar. Aðeins litill hluti friðaða svæðisins hefur verið rannsakaður, en það sem hefur komið í ljós er mikil fjölbreytni dýra og plöntulífs á harða botninum á og við strýturnar.	

**Hverastrytur norður af Arnarneshöfum
(Arnarnesstrytur)****Náttúruvætti****Friðlýst**

Náttúruvætti.

Stærð km1,0 km²**Stærð ha**

101,3

Lokunarákvæði

Allar veiðar eru bannaðar innan marka náttúruvættisins. Óheimilt er að hrófla við jarðmyndunum eða öðrum náttúruminum á og við strýturnar og innan náttúruvættisins.

Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á svæðinu eru óheimilar nema til komi leyfi Umhverfisstofnunar og sveitarstjórnar Arnarneshrepps. Öll efnistaka í nágrenni við strýturnar og innan marka náttúruvættisins er óheimil. Þá er eldi sjávarfangs óheimilt innan marka verndarsvæðisins.

Óheimilt er að kasta akkeri innan marka náttúruvættisins og einnig er óheimilt að setja hvers konar festingar eða merki við hverastryturnar.

Landvarsla

Umsjónaraðili fer með umsjón og eftirlit á svæðinu.

Samningur

Samningur Umhverfisstofnunar við Erlend Bogason, staðfestur af umhverfisráðherra frá 9. september 2013.

Samningur gildir til 02.09.2016

Fræðsluáætlun

Búið er að útbúa herbergi með neðansjávarmyndum ásamt brotum út strýtunum sem notað er til að fræða kafara áður en kafað er. Einnig hefur verið gefin út bók sem heitir The Hydrothermal Chimneys – Eyjafjörður Underwater ásamt video myndum.

Skilti

Uppi eru tvö upplýsingaskilti sem eru sameiginleg fyrir Arnarnesstrytur og Ystuvíkurstrytur. Annað þeirra er við útsýnispall í Vaðlaheiði og hitt á Hjalteyri. Skiltið í Vaðlaheiði þarfnast endurnýjunar. Koma þarf upp fræðsluskiltum við helstu aðkomuleiðir kafara að strýtunum.

Öryggi

Öryggisáætlun hefur verið gerð í samráði við Slökkvilið Akureyrar fyrir kafara sem sækja svæðið.

Búið er að koma fyrir bóli til að leggja bátum að við strýturnar m.a til öryggis fyrir kafara.

Tilkynningarskylda er til hafnaryfirvalda á Akureyri um köfun við strýturnar.

Merkingar eru við strýturnar þannig að friðaða svæðið er mjög sýnilegt.

Framkvæmdir

Upplýsingaskilti um strýturnar við Hjalteyri var endurnýjað, skipt um ból og leiðbönd fyrir kafara.

Vöktun

Umsjónaraðili sinnir almennri vöktun á svæðinu, þ.e. fylgist með breytingum á náttúrufari og öðru áþreifyanlegum breytingum.

Rannsóknir

Árið 2012 komu bandarískir vísindamenn sem fengu leyfi til rannsókna. Einnig hafa Sesselja Ómarsdóttir og Eydís Einarsdóttir unnið með undirirtuðum við rannsóknir. Undirritaður hefur einnig tekið og safnað macro myndum bæði með ljósmyndavél og HD kvikmyndavél.

Umhverfisstofnun veitti að höfðu samráði við samráðsnefnd Arnarnesstryta ásamt álitum Náttúrufræðistofnunar Íslands leyfi til neðansjávarrannsókna við náttúruvættið júní-júlí 2011.

Dr. Mark R Patterson frá Scool of Marine science fór fyrir rannsóknarhópi í þeim tilgangi að rannsaka vistkerfi í og við strýturnar. Svæðið var myndað og ýmis gildi mæld m.a pH- gildi, hitastig og H₂S, lífræðileg sýnataka. sjávargróður og skoðun innihalds maga í lífverum við strýturnar. Einnig var mælt útstreymi og gastegundir frá strýtunum.

Ströngum ákvæðum um umgengni í friðlýsingu svæðisins var beitt við leyfisveitingu. Eftirlit við köfun var af hálfu Erlends Bogasonar .

Annað

Aðeins litill hluti friðaða svæðisins hefur verið rannsakaður, en í ljós hefur komið mikil fjölbreytni dýra og plöntulífs á harða botninum á og við strýturnar.

Samkvæmt botnkorti gert með fjölgeislamæli sjást ca. 10 stærri strýtur á friðaða svæðinu.

Strýturnar ná grynnst á 15 metra dýpi og dýpst niður á 45 metra dýpi. Við köfun hefur komið í ljós fjöldi lítilla strýta sem ekki sjást á botnkorti eða dýptamæli og eru einnig innan friðaða svæðisins.

Almennt ástand á svæðinu er gott og þær framkvæmdir sem þarf að fara í eru áætlaðar minniháttar. Það þarf að skifta út legufærum og setja út nýja belgi. Á meðan legufærið við stóru Strýtuna heldur er ekki séð fram á stórar framkvæmdir.

	Hverfjall (Hverfell)	Náttúruvætti
Friðlýst	Friðlýst 22. Júní 2011	
Stærð km	3,1 km ²	Stærð ha 312,7
Lokunarákvæði	<p>Óheimilt er að ganga um utanverðar hlíðar fjallsins nema á merktum gönguleiðum. Óheimilt er að hafa lausa hunda í náttúruvættinu, nema nytjahunda að störfum. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í náttúruvættinu. Óheimilt er að spilla gróðri í náttúruvættinu og óheimilt er að trufla dýralíf af ásetningi innan marka náttúruvættisins.</p> <p>Ræktun og dreifing framandi plöntutegunda er óheimil innan marka náttúruvættisins. Notkun skotvopna er bönnuð á svæðinu nema til minka- og refaveiða eða á grundvelli 5. og 7. tl. 7. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994. Óheimilt er að hafa næturstað innan hins friðlýsta svæðis. Óheimilt að urða eða henda rusli innan náttúruvættisins</p>	
Landvarsla	Umhverfisstofnun hefur umsjón og eftirlit með náttúruvættinu. Landvarsla fellur undir Mývatnssvæðið.	
Samningur	Friðlýsingin mun verða endurmetin að 10 árum liðnum frá gildistöku með tilliti til sérstakra aðstæðna á svæðinu, árangurs verndarráðstafana og framkvæmdar friðlýsingarinnar að öðru leyti.	
Fræðsluáætlun	Á áætlun er að setja upp upplýsinga- og fræðsluskilti fyrir Hverfjall árið 2015 þar sem fram koma umgengnisreglur.	
Skilti	Aðkomuskilti er vestan við gígninn.	
Stígar	Miserfiðar gönguleiðir liggja um svæðið.	
Sjálfbóðaliðar	Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar 56 stundir við afmörkun gönguleiða og að afmá aflagðar gönguleiðir í hlíðunum. Myndir á www.facebook.com/ICV.IS	
Framkvæmdir	<p>Sumarið 2014 var unnið við að afmá gamla stíga og vatnsrásir sunnan til í gígnum. Náttúruáletrarnir ofan í gígnum voru reglulega fjarlægðar. Gönguleiðin upp á fjallið að norðaustan var afmörkuð með spottagirðingu.</p> <p>Framkvæmdir við salernishús hófust með lagningu háspennustrengs, borun fyrir köldu vatni og uppsteypu sökkuls. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki vorið 2015.</p>	
Vöktun	<p>Samkvæmt samningi vaktar Náttúrufræðistofnun Íslands náttúru , lífríki og viðkvæmar jarðmyndanir svæðisins í samstarfi við Náttúrustofu Norðausturlands.</p> <p>Gert er ráð fyrir í friðlýsingarskilmálum gígsins, að verndaráætlun verði tilbúin eigi síðar en 1. júní 2015.</p>	
Annað	<p>Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir að fólk gangi upp á gígninn utan merktra slóða. Náttúruáletrarnir hafa verið stundaðar í gígnum á árum áður, en sumarið 2008 tóku starfsmenn Umhverfisstofnunar sig til og fjarlægðu það allt. Síðan þá hafa um 20 vinnustundir á ári farið í að fjarlægja þær áletrarnir sem bæst hafa við. Nauðsynlegt er að láta gesti vita að áletrarnir í náttúru Íslands séu óheimilar.</p>	

Friðlýst

Auglýsing nr. 71/1976 í Stjórnartíðindum B.

Stærð km1,1 km²**Stærð ha**

114,8

Lokunarákvæði

Umferð fólks er takmörkuð á hluta svæðisins á varptíma fugla, frá 1. maí til 1. júlí ár hvert.

Landvarsla

Umsjón á vegum Garðyrkjudeildar Akureyrarbæjar.

Samningur

Samningur Umhverfisstofnunar og Akureyrarkaupstaðar undirritaður í mars 2014.

Fræðsluáætlun

Stórt skilti við aðkomu - lág skilti með upplýsingum um fugla og gróður í burðaliðum.

Upplýsingar á vef Akureyrarkaupstaðar www.akureyri.is og www.visitakureyri.is**Skilti**

Skilti er á svæðinu sem sett var upp af sveitarfélaginu. Eins er skilti frá Náttúruverndarráði og Ferðamálaráði.

10 skilti er segja frá gróðurfari, landslagi og stríðsminjum o.fl.

Stígar

Lengd stíga er 4,8 km

Sjálfbóðaliðar

Sjálfbóðaliðar veraldarvina komu að göngustígagerð.

Framkvæmdir

10 Tákmyndir voru sett upp og 1 km göngustígur lagður.

VöktunVöktun á fuglalífi - frá 1998. Skýrsla á fimm ára fresti. Fylgst með breytingum á fulgalífi. Skýrslur aðgengilegar á netinu. akureyri.is- stjórnkerfið - deildir og yfirstjórn - framkvæmdadeild - umhverfismál -**Annað**

Fylgst með ástandi, s.s. lúpínu og kerfils.

	Mývatn og Laxá	Sérlög
Friðlýst	Upphaflega með lögum um verndun Mývatns og Laxar í Suður-Pingeyjarsýslu nr. 36/1974. Nú með lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu nr. 97/2004. Reglugerð um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu nr. 665/2012.	
Stærð km	153,2 km ²	Stærð ha 15.323,1
Lokunarákvæði	<p>Óheimilt er að skilja rusl eftir á víðavangi eða urða rusl á svæðinu.</p> <p>Skylt er að fylgja göngustígum á verndarsvæðinu eins og unnt er, þar sem þeir hafa verið lagðir eða stikaðir.</p> <p>Gestum svæðisins er óheimilt að hafa náttstað á verndarsvæðinu, hvort sem er undir berum himni, í tjaldi, hjólhýsi eða bíl, nema á tjaldsvæðum sem til þess eru ætluð og merkt. Heimilt er að takmarka frekar dvöl gesta ef þörf krefur. Slíkar takmarkanir skal auglýsa sérstaklega á vefsíðu Umhverfisstofnunar og með skilti eða sambærilegri merkingu á viðkomandi svæði. Umráðamenn landareigna á svæðinu geta þó ætíð heimilað tjöldun á eigin landi.</p> <p>Þeim sem fara um verndarsvæðið ber að fara að fyrirmælum umsjónaraðila svæðisins um umgengni og háttsemi og að kynna sér reglur þær sem gilda á svæðinu. Skulu reglur svæðisins vera aðgengilegar almenningi, s.s. á vefsíðu Umhverfisstofnunar, í bæklingi stofnunarinnar og í gestastofu svæðisins.</p> <p>Óheimilt er að skjóta endur á verndarsvæðinu og gildir bannið jafnt um allar tegundir.</p> <p>Leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir skipulögðum hópferðum á hestum á verndarsvæðinu utan skipulagðra reiðleiða og getur stofnunin sett skilyrði um ferðamáta til að tryggja að ekki verði sniðill á landlagi og gróðurlandi eða truflun á dýralífi</p>	
Landvarsla	<p>Umhverfisstofnun heldur úti heilsárs stöðugildi sérfræðings í Mývatnssveit og hefur svo verið frá árinu 2006.</p> <p>Árið 2014 sinntu fimm einstaklingar landvörslu á svæðinu í alls 62 vikur sem náði yfir tímabilið frá 1. apríl til 20. desember.</p> <p>Landverðir sinna auk verndarsvæðis Mývatns og Laxár öllum friðlýstum svæðum í Mývatnssveit, þ.e. Hverfjall, Dimmuborgir, Seljahjallagil og Skútustaðagigar.</p>	
Fræðsluáætlun	<p>Gestastofa er starfrækt að Hraunvegi 8 þar sem landverðir tóku á móti um 90.000 gestum sumarið 2014. Um 40% af starfi landvarða á svæðinu er varið í fræðslu í Gestastofu.</p> <p>Fræðslugöngur voru farnar í Dimmuborgum á tímabilinu 8. júlí til 20. ágúst. Gengið var hvern dag klukkan 15:00 og voru þátttakendur 285.</p> <p>Landverðir eru ávalt til tals í eftirlitsferðum og hefur það forvarnar- og fræðslugildi.</p> <p>Bæklingur um Mývatn og Laxá er til á íslensku og ensku en þarfnast endurskoðunar.</p>	
Skilti	<p>Upplýsingaskilti er við gestastofu, fuglaskilti er við Kálfaströnd, upplýsingaskilti við Skútustaðagíga auk vegvísa og minni bráðabirgðarskilti og táknmynda sem víða eru notuð.</p>	
Stígar	<p>Fjölmargar gönguleiðir hafa verið merktar bæði innan og utan friðlandsins.</p>	
Öryggi	<p>Öryggi svæðisins viðhaldið í almennum eftirlitsferðum landvarða.</p>	
Sjálfbóðaliðar	<p>Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar með aðstoð sjálfbóðaliða frá Seeds unnu víða um sveitina sumarið 2014. Miklar endurbætur voru unnar á gönguleið á Vindbelgjarfjalli, við Strípa sunnan Höfða og við Klasa á Kálfaströnd.</p> <p>Í heildina unnu 5 hópar í alls 9 vikur sem skiluðu 947 vinnustundum á öllum friðlýstum svæðum í Mývatnssveit. Myndir á www.facebook.com/ICV.IS</p>	
Framkvæmdir	<p>Miklar endurbætur voru unnar á gönguleið við Kálfaströnd að Klösum þar sem 120 metrar gönguleiðarinnar voru breikkaðir og lagðir mól. Stefnt er að áframhaldandi endurbótum á leiðinni þegar fjármagn fæst til.</p> <p>Endurbætur á gönguleið á Vindbelgjarfjall. Önnur smærri verkefni við endurbætur og afmörkun gönguleiða.</p> <p>Unnið var markvisst af eyðingu skógarkerfils og lúpínu.</p>	
Alþjóðasamningar	<p>Mývatn og Laxásvæðið er Ramsar-svæði, 20.000 ha</p>	
Válistategundir	<p>Plöntur og fléttur á verndarsvæði Mývatns og Laxár með verndargildi 7-10.</p> <p>10 Fulgensia bracteata (drangatýra) Höfði 1989, Kálfaströnd 1997.</p>	

9 (EN) *Umbilicaria hirsuta* (músanafli) Helluvað 1998, Laxá við Hólkot 2007.
 9 *Umbilicaria vellea* (hamranafli) Laxá við Hólkot 2007.
 9 (CR) *Phaeophyscia constipata* (strípamóra), Reykjalíð 1969 og 1972, Kálfastrandarstrípar 2006.
 9 *Aspicilia supertegens* (randskorpa) Revkiahlíð 1956.

Vöktun

Vöktun er á vegum Náttúruvæðingarnastöðvarinnar við Mývatn, Ramý. Fylgst er reglulega með fjölmörgum þáttum í lífríki Mývatns. Náttúruvæðingarnastöðin við Mývatn stendur fyrir reglulegri vöktun flestallra stofna vatnafugla og fiska (frá 1975) og einnig á átuskilyrðum í vatninu (mý frá 1977, krabbadýr frá 1989), svo og plöntu- og dýrasvífi og efnasamsetningu lindarvatns og vatnshita. Í Laxá er fylgst með ástandi bitmýsstofnsins og fuglastofna. Vöktun silungs (bleikju og urriða) í Mývatni er unnin af Veiðimálastofnun skv. samningi við rannsóknastöðina. Veiðimálastofnun heldur auk þess utan um skráningu á veiði í ám og vötnum á svæðinu í samvinnu við veiðifélögin. Í Laxá er fylgst með seiðabéttleika og lax- og silungsveiði (Veiðimálastofnun í samvinnu við veiðifélög). Veiðimálastofnun fylgist einnig með veiði og seiðabéttleika í hliðarám Laxár (Reykjadalsá og Reykjakvísl).

Rannsóknir

Ramý hefur yfirumsjón með rannsóknum í Mývatnssveit.

Annað

Verndaráætlun fyrir Mývatn og Laxá 2011-2016 er í gildi Svæðið er á rauðum lista Umhverfisstofnunar. Mikill ágangur er vegna ferðamanna og ásókn í uppbyggingu fyrir ferðaþjónustu. Fyrirhuguð Bjarnarflagsvirkjun gæti haft áhrif á lífríki svæðisins.

Seljahjallagil, Bláhvammur, Þrengslaborgir og nágrenni í Skútustaðahreppi

Náttúruvætti

Friðlýst

Friðlýst 28. febrúar 2012

Stærð km

18,8 km²

Stærð ha

1.880,7

Lokunarákvæði

Almenningi er heimil för um náttúruvættið, en fylgja skal merktum stígum og leiðum í samræmi við fyrirmæli hverju sinni. Óheimilt er að keyra eftir vegslóða inn í Seljahjallagil. Notkun skotvopna er bönnuð innan marka náttúruvættisins nema annars vegar við veiðar á ref og mink og hins vegar við skotveiðar landeigenda. Óheimilt er að hafa lausa hunda í náttúruvættinu. Þó er heimilt að hafa þarfahunda, minkahunda, dýrhunda og sporhunda lausa í náttúruvættinu þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanns, í samræmi við samþykkt Skútustaðahrepps um hunda- og kattahald í Skútustaðahreppi. Óheimilt er að tjalda innan marka náttúruvættisins, þ.m.t. gisting í tjaldvögun, fellihýsum, hjólhýsum og húsbílum. Einnig er óheimilt að urða, brenna eða henda rusli innan náttúruvættisins.

Landvarsla

Landvörslu er sinnt úr Mývatnssveit. Farið var í nokkrar eftirlitsferðir á svæðið sumarið 2014.

Skilti

Aðkomuskilti væntanlegt.

Stígar

Stikuð gönguleið sem fylgir að mestu gömlum troðningum.

Öryggi

Mikil hætta á hruni inni í stuðlabergsgilinu. Hætta á falli ofan í gilið ef komið er að því að ofan.

Sjálfbóðaliðar

Sjálfbóðaliðar unnu 68 tíma á svæðinu í ágúst 2014 - sjá nánar undir framkvæmdum. Myndir á www.facebook.com/ICV.IS

Framkvæmdir

Gönguleið var stikuð frá bílastæði á Seljahjalla inn að eldborginni í gilinu miðju. Lokun á vegslóða inn gilið af Seljahjalla var bætt og bílastæði þar afmarkað.

	Skútustaðagígar	Náttúruvætti
Friðlýst	Náttúruvætti.	
Stærð km	0,7 km ²	Stærð ha 69,9
Lokunarákvæði	<p>Gjalltaka og mannvirkjagerð öll er bönnuð og hvers konar jarðrask, er breytir eða veldur skemmdum á útliti gíganna.</p> <p>Nytjar graslendis milli gíga eru leyfðar, sem hingað til, en þó þannig, að búvélar valdi ekki spjöllum á gígum.</p> <p>Frekari ræktun og gerð nýrra ökuslóða er háð leyfi Umhverfisstofnunar.</p> <p>Bannað er að tjalda á eða í gígum.</p> <p>Gangandi fólk er heimil för um svæðið utan ræktaðs lands eftir merktum stígum, en öllum er skylt að ganga vel um og snyrtilega.</p>	
Landvarsla	<p>Landverðir unnu um 110 tíma við Skútustaðagígum sumarið 2014.</p> <p>Starfið fólst mest stýringu umferðar gangandi vegfarenda um svæðið auk upplýsingagjafar.</p> <p>Einnig var unnið í bættu aðgengi um svæðið, varðveislu verndargildis og öryggi ferðamanna.</p>	
Fræðsluáætlun	Engin skipulögð fræðsla var við Skútustaðagíga sumarið 2014 en landverðir höfðu viðveru á svæðinu og gat fólk leitað til þeirra. Sú þjónusta var þó vannýtt af ferðamönnum.	
Skilti	Við innkomuna við Hræðuhver og vestan Stakhólstjarnar eru fræðsluskilti frá 2004. Önnur skilti eru farin að láta verulega á sjá en á þeim eru kort sem vísa veginn um svæðið.	
Stígar	<p>Sumarið 2014 var farið í miklar framkvæmdir við stíga svæðisins. Gúmmímottur milli Rófugerðishóla voru fjarlægðar, legu stígarins breytt og komið fyrir eco-grid efni yfir túnið. Malarstígur var bættur og hækkaður upp eftir þörfum og telst tilbúinn undir lagningu fasts yfirborðs.</p> <p>Sjálfbóðaliðar unnu á tjarnarhring, sem liggur umhverfis Stakhólstjörn. Þar var brú lyft upp úr sandi og bætt trjákurli í gönguleið sem liggur um votlendi.</p>	
Öryggi	Allar gönguleiðir í Skútustaðagígum eru vel merktar að sumri til. Á veturna fennir meirihluti göngustikna í kaf og þarf því að sinna auknu eftirliti á svæðinu.	
Sjálfbóðaliðar	Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar unnu í 48 stundir á svæðinu við lagfærinfæringar á göngustígum og upprætingu á njóla. Myndir á www.facebook.com/ICV.IS	
Framkvæmdir	Hönnun og smíði útsýnispalls á Hræðuhver. Breyting á legu og efnislögn á göngustígum um Rófur.	
Alþjóðasamningar	Skútustaðagígar eru innan Ramsar-svæðisins.	
Válistategundir	Flórgoði, Gargönd, Himbrimi, Húsönd	
Rannsóknir	Náttúruvannsóknarstöðin við Mývatn sér um rannsóknir á svæðinu.	

Friðlýst	Auglýsing í Stjórnartíðindum B. Friðland. Fyrst friðlýst 1972		
Stærð km	5,3 km ²	Stærð ha	528,7
Lokunarákvæði	<p>Bannað er að breyta landslagi á svæðinu eða farvegi Svarfaðardalsár. Óheimilt er að gera nokkur mannvirki á svæðinu. Gildir þetta um hvers konar byggingar, skurði og vegi. Girðingar á friðlandinu má aðeins reisa með samþykki umsjónarnefndar friðlandsins. Skulu þær þannig gerðar, að þær hindri ekki umferð gangandi fólks um svæðið (hlið eða tröppur yfir girðinguna). Friðlandið má aðeins nytja á sama hátt og tíðkast hefur, svo sem til slæгна, beitar og veiði í ánni. Malarnám og sandnám verði heimilað áfram þar sem það nú fer fram, en verði háð eftirliti umsjónarnefndar friðlandsins. Bannað er að granda fuglum á friðlandinu. Eigi má heldur skemma hreiður þeirra eða taka egg úr þeim.</p> <p>Öllum, sem um landið fara, ber að varast að skerða gróður á því. Umferð vélknúinna ökutækja um svæðið er aðeins leyfð sé hún í tengslum við leyfilegar nytjar landsins. Umhverfisstofnun getur veitt undanþágu frá reglum þessum.</p>		
Samningur	Formlegur umsjónarsamningur hefur verið gerður milli Umhverfisstofnunar og Dalvíkurbyggðar dags. 21. febrúar 2014.		
Fræðsluáætlun	Fræðsluskilti, náttúrusetrið á Húsabakka		
Skilti	Árið 2010 voru sett upp 30 skilti með blóma- og plöntumyndum meðfram göngustíg í Hríshöfða. Umhverfisstofnun setti upp tvö upplýsinga- og fræðsluskilti. Árið 2012 var fyrirhugað að ljúka við uppsetningu skilta, annars vegar á gönguleiðinni í Hríshöfða og hins vegar við Tjarnartjörn. Um er að ræða 70 lítil skilti á hvorri leið með upplýsingum um blóm, fugla, jarðfræði og sögulegar minjar. Einnig er fyrirhugað að setja upp stór upphafsskilti við hvora leið. Auk þess er stefnt að því að gera útskot á þjóðveginum við Hrísatjörn og setja þar upp merkingar og aðstöðu til fuglaskoðunar ekki síst með tilliti til fatlaðra.		
Stígar	Göngu- og reiðstígar eru á svæðinu. 2 km stígur við Tjarnartjörn. 4 km stígur við Hrísatjörn.		
Sjálfbóðaliðar	Fimm sjálfbóðaliðar frá Umhverfisstofnun unnu í 5 daga í friðlandinu. Unnu í stígum og upprætingu lúpínu. Myndir á www.facebook.com/ICV.IS		
Framkvæmdir	Sjálfbóðaliðar unnu nokkuð við stíga við Húsabakka og tvo daga við að uppræta lúpínu við Hrísatjörn. Sett voru niður nokkur skilti og stígum breytt lítillega. Unnið í göngustíg meðfram Svarfaðardalsá.		
Vöktun	Vöktun á vatnafuglum og skordýrum á vegum Náttúruvannsóknarstöðvarinnar við Mývatn.		
Rannsóknir	Rannsóknir á vatnafuglum og skordýrum á vegum Náttúruvannsóknarstöðvarinnar við Mývatn.		
Annað	Umhverfisnefnd er virk hvað varðar eftirlit með svæðinu. Nemendur Dalvíkurskóla eru með svæðið „í fóstri“ og sjá um viðhald á merkingum og ruslatínslu. Árið 2011 var sett upp sýningin „Friðland fuglanna“ á Húsabakka. Sýningin fjallar um fugla í náttúru og menningu Íslands á nýstárlegan hátt á barnvænum nótum. Sýningin er eins konar gestastofa Friðlands Svarfdæla. Fuglaskoðunarferðir árlega í tengslum við gönguviku og stundum oftar.		

	Vestmannsvatn	Friðland
Friðlýst	Friðland.	
Stærð km	5,6 km ²	Stærð ha 562,9
Lokunarákvæði	<p>Í auglýsingu: Ekki má breyta landslagi á svæðinu og gildir það einnig um strendur vatna og tjarna, vatnsfarvegi og vatnsborð. Mannvirkjagerð og hvers konar jarðrask er óheimilt á friðlandinu. Öll meðferð skotvopna er stranglega bönnuð nema til eyðingar meindýra. Bannað er eð granda fuglum eða skemma hreiður þeirra. Eggjataka er aðeins heimil ábúendum í samræmi við fuglafriðunarlög. Við bergmyndunum (hrauni, gjallhólum) má ekki hrófla og varast ber alla skerðingu á melhólum og hryggjum.</p> <p>Takmarkanir veiðifélags: Takmarkanir á laxveiðitíma, ekki má veiða alla daga vikunnar, einnig ákvæði varðandi möskvastærð. Stangveiði leyfð frá júní til september. Öll umferð vélknúinna öku- eða siglingatækja utan vega er því aðeins leyfileg að hún sé í sambandi við eðlilega nýtingu (sbr. 3. gr.) Notkun hraðbáta á vötnunum er bönnuð</p>	
Landvarsla	Engin landvarsla er á svæðinu en starfsmaður Umhverfisstofnunar á Mývatni hefur fylgst lítilliga með svæðinu.	
Fræðsluáætlun	Umhverfisstofnun áætla að setja upp skilti árið 2015.	
Stígar	Reiðleið liggur í gegnum friðlandið að austan.	
Válistategundir	Flórgoði, skeiðönd, gargönd, grágæs, himbrimi og hrafnstönd.	
Vöktun	<p>Rannsóknir á vegum Veiðimálastofnunar og RAMÝ, í Reykjadalssá og Eyvindarlæk. Um 1980 fóru fram rannsóknir á Vestmannsvatni. Lax hefur átt undir högg að sækja í Reykjadalssá, urriði hefur verið að sækja á. Netaveiði hefur verið stunduð í Vestmannsvatni, (urriði og bleikja) og smá laxveiði. Fylgjast þarf með efnamengun í Reykjadalssá, frá iðnaði og landbúnaði, vöktun og/eða rannsóknir æskilegar.</p> <p>Náttúrustofa Norðausturlands vaktar vatnafugla á Vestmannsvatni árlega. Vöktunin fellst í talningum á vatnafuglum að vori og síðsumars til að meta varpárangur.</p>	
Annað	Skipulagðar minkaveiðar í gildrum á veturna. Mikið fuglalíf og góð silungsveiði á seinni árum. Álag á hestaslóð, sem er þó vel troðin, talsverður rykmökkur, talsvert álag á svæðið vegna hestamanna, sem fara meðfram vatni. Einnig fara mótorhjólamenn um reiðslóðina. Slatti af forhlöðum hefur fundist við vatnið sunnanvert, sem bendir til nokkurrar skotveiði innan verndarsvæðisins sem er þó bönnuð. Skoða þarf beitarálag í skóginum og meta hvort það þurfi að takmarka hana til að skógurinn geti endurnýjað sig.	

Austurland

Álfaborg	Fólkvangur
-----------------	-------------------

Friðlýst	Stj.tíð. B, nr. 71/1976.		
Stærð km	0,9 km ²	Stærð ha	8,9
Lokunarákvæði	<ol style="list-style-type: none"> 1. Gangandi fólk er þar heimil för enda gangi menn snyrtilega um og varist að skerða gróður og raska jarðmyndunum. 2. Óheimilt er að beita búpeningi innan fólkvangsins sem verður girtur fjárheldri girðingu innan árs frá gildistöku þessarar friðlýsingar. 3. Umferð hvers konar ökutækja er óheimil. 4. Breytingar á landi, mannvirkjagerð og jarðrask er bannað nema eftir skipulagi sem Umhverfisstofnun hefur samþykkt. 5. Heimilt er að planta á svæðið trjágróðri að ráði kunnáttumanna en þó ekki í sjálfa Álfaborgina þar sem haldið skal náttúrlegum gróðri. 		
Landvarsla	Engin landvarsla		
Stígar	Stígur var afmarkað á sínum tíma		

Blábjörg á Berufjarðarströnd	Náttúruvætti
-------------------------------------	---------------------

Friðlýst	Umhverfisráðherra hefur ákveðið að tillögu sveitarfélagsins Djúpavogshrepps og með samþykki landeiganda jarðarinnar Fagrahvamms að friðlýsa Blábjörg á Berufjarðarströnd í Djúpavogshreppi sem náttúruvætti, skv. 2. tölul. 1. mgr. 53. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.		
Stærð km	0,0 km ²	Stærð ha	1,5
Lokunarákvæði	<p>Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í náttúruvættinu. Óheimilt er að klífa Blábjörgin.</p> <p>Lausaganga hunda er óheimil í náttúruvættinu í samræmi við samþykkt Djúpavogshrepps um hundahald í Djúpavogshreppi.</p> <p>Óheimilt er að spilla gróðri í náttúruvættinu og trufla dýralíf af ásetningi innan marka náttúruvættisins.</p> <p>Óheimilt er að hafa næturstað innan hins friðlýsta svæðis. Einnig er óheimilt að urða, brenna eða henda úrgangi innan náttúruvættisins.</p> <p>Ræktun og dreifing framandi plöntutegunda er óheimil innan marka náttúruvættisins í samræmi við reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu framandi plöntutegunda, nr. 583/2000.</p>		
Landvarsla	Landeigendur hafa umsjón á svæðinu		
Samningur	Samningur milli Umhverfisstofnunar og Landeigendur		
Skilti	Skiltagerð til fróðleiks er fyrirhugað.		
Stígar	Gert er ráð fyrir að gera stíg niður í fjöruna við Blábjörgin.		
Framkvæmdir	Engar framkvæmdir hafa átt sér stað eftir friðlýsinguna 2012.		
Annað	<p>Bílastar fara illa með mjúkan svörðinn sem þeir leggja á.</p> <p>Grasrótin er líka á blettum að gefa sig undan fótum ferðalanga.</p> <p>Umgengni um svæðið hefur verið vonum frammar, minna um rusl eftir ferðamenn en oft áður.</p> <p>Annars ástand svæðisins er að mestu eins og skaparinn skilaði því.</p>		

Díma í Lóni		Náttúruvætti	
Friðlýst	Auglýsing nr. 523/1975 í Stjórnartíðindum B. Náttúruvætti.		
Stærð km	0,1 km ²	Stærð ha	6,4
Lokunarákvæði	Akstur bannaður og umferð með hesta.		
Landvarsla	Engin.		
Samningur	Enginn formlegur samningur hefur verið gerður.		
Fræðsluáætlun	Skilti sett upp 2012 (í samstarfi við Kára í Vatnajökulspjóðgarði)		
Skilti	Sett upp 2012		
Framkvæmdir	Skilti 2012		

Háalda		Náttúruvætti	
Friðlýst	Stjórnartíðindi B, nr. 519/1975. Náttúruvætti.		
Stærð km	0,0 km ²	Stærð ha	4,9
Samningur	Enginn formlegur samningur hefur verið gerður. Í friðlýsingunni stendur að Stofnunin felur náttúruverndarnefnd Austur-Skaftafellssýslu að hafa eftirlit með hinu friðlýsta svæði. Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð		
Fræðsluáætlun	Áætlað er að setja upp fræðsluskilti árið 2015.		
Skilti	Lítið upplýsingaskilti frá Náttúruverndarráði er við bílastæðið en það er orðið gamalt og skemmt. Skilti sem vísar á athyglisverðan stað er við þjóðveginn.		
Stígar	Óskipulagðir troðningar eru á svæðinu.		

Friðlýst

Auglýsing nr. 266 10. febrúar 2011 í Stjórnartíðindum B. Búsvæði.

Stærð km1,5 km²**Stærð ha**

148,0

Lokunarákvæði

Umferð vélknúinna ökutækja er óheimil á verndarsvæðinu.

Svæðinu hefur verið lokað fyrir búpeningi en hreindýr fara hinsvegar um svæðið í töluverðum mæli og erfitt að sporna við ágangi þeirra.

Landvarsla

Engin landvarsla er á svæðinu.

Mjög lítil umferð er um svæðið og aðeins fært gangandi.

Samningur

Umsjón og rekstur hins friðlýsta svæðis á Hálsum skal vera í höndum Djúpavogshrepps

samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun dags 13.1. 2011, staðfestur af umhverfisráðherra.

Fræðsluáætlun

Engin fræðsluáætlun verið gerð

Skilti

Ekkert skilti er á svæðinu.

Stígar

Engir stígar eru á svæðinu, en þó er merkt fáfarin gönguleið og stikuð í nágrenni upp á svokallað Hálsfjall.

Vöktun

Ekki mikil þörf á markvissri vöktun þar sem umferð er mjög lítil um svæðið.

Rannsóknir

Erling Ólafsson hjá Náttúrufræðistofnun.

Annað

Ástand gott, stöðugt og óbreytt

Friðlýst	Auglýsing nr. 525/1975 í Stjórnartíðindum B. Náttúruvætti.
Stærð km	0,0 km ² Stærð ha 0,9
Lokunarákvæði	1. Aðeins gangandi fólk er þar heimil för í lögmætum tilgangi. 2. Hvergi má raska þar bergmyndunum og stranglega er bannað að hrófla við silfurbergi og flytja það út af svæðinu. 3. Hvers kyns jarðrask er bannað nema sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar komi til.
Landvarsla	Engin landvarsla en sveitarfélagið Fjarðabyggð fer með umsjón svæðisins.
Samningur	Fjarðabyggð og Umhverfisstofnun hafa unnið drög að umsjónarsamningi sem stefnt er að að skrifa undir sem fyrst.
Fræðsluáætlun	Bæta þarf fræðslu á bæði íslensku og erlendum málum.
Skilti	Umhverfisstofnun lét hanna skilti og sem hefur svo sett á upp við námugöngin. Önnur slík skilti vantar við námuopið. Brýnt er fyrir fólk að taka ekki silfurberg með sér út af svæðinu og fólk bent á að það ferðist á eigin ábyrgð. Einnig verður settur upp vegvísir á göngustíg.
Stígar	Stígur liggur upp að námunni sem þarf að laga. Fulltrúar Umhverfisstofnunar ásamt Náttúrustofu Austurlands og Fjarðarbyggð hafa tekið stíginn út og til stendur að fara í lagfæringar á honum næsta vor.
Öryggi	Umhverfisstofnun lét vinna öryggisúttekt fyrir Helgustaðanámu af verkfræðistofunni Eflu. Þar koma fram margar ábendingar um atriði sem þarf að laga og hafa í huga vegna öryggismála á svæðinu.
Framkvæmdir	Sveitarfélagið hefur látið vinna deiliskipulag fyrir svæðið. Gert er ráð fyrir að fara í framkvæmdir á göngustíg o.fl. Ásamt því að fara í öryggisráðstafanir við námu og göng árið 2015.
Rannsóknir	Öryggisúttekt 2011.
Annað	Svæðið flokkast á rauðan lista Umhverfisstofnunar vegna mikils álags og þarfnast aðgerða. Svæðið var sett á rauðan lista Umhverfisstofnunar árið 2010 sem eitt þeirra tíu svæða sem stofnunin telur hætt við að missi verndargildi sitt. Svæðið var enn á rauðum lista stofnunarinnar árið 2013. Stefnt er að því að miklar úrbætur verði gerðar á sumrinu 2015. Svæðið er mikið sótt af íslenskum og erlendum ferðamönnum. Bæta þarf fræðslu á bæði íslensku og erlendum málum. Fréttir um steinatöku ferðamanna færast sífellt í aukana.

Friðlýst

Auglýsing nr. 393/1973 í Stjórnartíðindum B. Fólkvangur og friðland.

Stærð km

0,3 km²

Stærð ha

318,0

Lokunarákvaði

Vegna æðarvarps er umferð gangandi manna takmörkuð frá 15. apríl – 15. júlí um Leirhöfða, nágrenni við Hrutatanga og svæðið í Borgarhvammi.

Landvarsla

Engin landvarsla

Samningur

Unnið er að því að gera umsjónarsamning milli Umhverfisstofnunar og Fjarðarbyggðar.

Fræðsluáætlun

Umhverfisstofnun áætlað að setja upp aðkomu- og fræðsluskilti árið 2015. Náttúrustofa Austurlands (NA) hefur séð um gagnasöfnun og útgáfu bæklinga um friðlandið sem Fjarðarbyggð kostaði og gaf út.

Skilti

Náttúrustofa Austurlands hefur sett upp fræðsluskilti í friðlandinu. Fræðsluskilti eru endurnýjuð ár hvert af NA ef þörf er á.

Stígar

Gránubás - Hellrar - Borgasandur: Úr Básunum er gangfært suður í Gránubás. Áfram er gengt um Hellra og yfir í Borgarhvammi suðvestan undir Ytri-Hólmaborg. Gæta þarf varúðar á leiðinni, einkum ef hált er.

Úr Borgarhvammi má halda upp á Innri-Hólmaborg eða ganga öðruhvorum megin við hana í Urðarhvammi eða í Urðarskarð.

Skeleyri: Auðvelt er að ganga út á Skeleyri og er best að fara út með ströndinni frá bílastæði við gömlu sorphaugana.

Ytri-Hólmaborg:

Hægt er að ganga á Ytri-Hólmaborg og er sáemileg leið á hana upp að austan

Hólmar - Leiðarhöfði: Hægt er að ganga úr Urðarhvammi eða frá þjóðveginum sunnan í

Sjálfbóðaliðar

Fimm sjálfbóðaliðar frá Umhverfisstofnun hafa unnið í eina viku að stígagerð í Hólmanesinu. Fyrir nokkrum árum var lagður stígur frá bílastæðinu á Hólmahálsi og niður í Urðarskarð. Þessi vaski hópur hélt stígagerðinni áfram frá Urðarskarði og í átt að Baulhúsum. Þau gerð u.þ.b. 100m langan einbreiðan stíg, gerðu þrep og vatnsrásir þar sem þurfti. Síðan undir lok vikunnar fengu þau aðstoð 17 sjálfbóðaliðar frá Veraldarvinir við að bera efni í stíginn þar sem aðstæður eru erfiðar og allt efni þurft að bera í fötum. Þá báru þau einnig efni í eldri stíg. Sjá myndir: www.facebook.com/ICV.IS

Framkvæmdir

Áframhaldandi framkvæmdir við áningastað, hlaðinn var veggur við útsýnisstað og ruslatunnuskýli sett upp. Sjálfbóðaliðar gerðu nýjan stíg og endurbættu eldri stíg inn á svæðinu.

Válistategundir

Hrafn (VU) verpir á svæðinu.

Vöktun

NA heldur úti rannsóknarreitum vegna umhverfisvöktunar í tengslum við álverið á Reyðarfirði.

Rannsóknir

NA gerði úttekt á náttúrufari í friðlandinu og næsta nágrenni sem að hluta til var kostað af Vegagerðinni vegna breytingar á veglínu.

Annað

Unnið hefur verið í því að laga bílastæði ofan við Hólmanesið eftir að vegurinn var breikkaður. Setja þarf merkingar á bílastæði til að beina fólki að stígnum sem nýbúið er að gera. Breyting á vegi hefur valdið auknu aðgengi. Hægt að komast niður í nes sem eykur álag á svæðinu. Vottur af lúpínu Eskifjarðarmegin. Lítil áningastaður er á plani, þar verða væntanlega upplýsingar um svæðið. Gamla veginum er haldið við sem reiðgötu og hjólastíg.

	Ingólfshöfði	Friðland
Friðlýst	Friðland	
Stærð km	1,2 km ²	Stærð ha 120,2
Lokunarákvæði	Akstur er bannaður í höfðanum án sérstaks leyfis umsjónaraðila, svo og meðferð skotvopna.	
Landvarsla	Engin formleg landvarsla er í Ingólfshöfða. Ferðapjónustuaðilar í Hofsnesi fara skipulagðar ferðir með ferðamenn og líta til með svæðinu.	
Samningur	Enginn formlegur samningur er til, en í friðlýstingarskilmála kemur fram að Umhverfisstofnun geti falið umboð sitt þriggja manna umsjónarnefnd.	
Fræðsluáætlun	Á áætlun er að koma upp fræðsluskilti í Ingólfshöfða.	
Skilti	Ekkert skilti er við eða í Ingólfshöfða. Á bílastæði við Hofsnæs er skilti við upphaf leiðar úti höfðann. Á því eru fyrst og fremst sögulegar upplýsingar. Brýnt er að setja upp aðkomuskilti þar sem að fólk á einkabílum kemur að friðlandinu. Að sögn ferðapjónustuaðilans í Hofsnesi er nokkuð um að fólk keyri inn í friðlandið og upp að vita án þess að það viti að það sé staðsett inni á friðlandi.	
Stígar	Ekki hefur verið farið í stígagerð. Að sögn ferðapjónustuaðila, þá komu troðningar í landið eftir hestaferðir sem farnar voru, en hefur nú verið afstýrt. Eihverjar kindagötur eru í höfðanum og gengur fólk eftir þeim.	
Öryggi	Viti er í eygni, sem og neyðarskýli. Einnig er þar radióviti á vegum ISAVIA.	
Framkvæmdir	Ferðapjónustuaðilar eru með í bígerð að koma upp þurrsalerni við upphaf leiðar út í höfðann. Eins og er er einn kamar á bílastæðinu.	
Alþjóðasamningar	Stormsvala hefur verið alfriðuð hér á landi frá 1954. Samkvæmt Bernarsamningnum ber að friða stormsvölu í Evrópu og vernda búsvæði hennar sérstaklega. Strandtittlingur er friðaður, en einu þekktu varpstaðir hans á Íslandi eru Papey og Ingólfshöfði. Samkvæmt Bernarsamningi þarfnast strandtittlingur friðunar í Evrópu.	
Válistategundir	Stuttnefju (VU), hefur fækkað, meira en 20% fækkun á 10 árum. Stormsvala (VU), fáir varpstaðir. Sjósvala (VU), fáir varpstaðir. Strandtittlingur (CR), lítill stofn.	
Vöktun	Hálf dán Björnsson á Kvískerjum, og Björn og Brynjar frá www.fuglar.is á Höfn hafa staðið að merkingu skúmsunga flest ár. Arnþór Garðarsson hefur stundað talningar á svartfugli á vegum N.Í	
Rannsóknir	Erpur Snær frá lundarannsóknastofu Vestmannaeyja hefur undanfarið ár rannsakað lundavarpíð.	
Annað	Svæðið var á appelsínugula lista Umhverfisstofnunar árið 2010 yfir þau svæði sem þarf að fylgjast sérstaklega með að tapi ekki verndargildi sínu, en komst út af þeim lista 2012.	

	Kringilsárrani	Friðland
Friðlýst	Friðland. Fyrst friðlýst 1975.	
Stærð km	63,7 km ²	Stærð ha 6.372,3
Lokunarákvæði	Hreindýraveiðar bannaðar.	
	Umferð vélknúinna farartækja um svæðið er óheimil nema með leyfi Vatnajökulsþjóðgarðs. Allt jarðrask er þar bannað, svo og að skerða gróður eða trufla dýralíf.	
Landvarsla	Það stóð til að þjóðgarðsvörður og/eða landvörður úr Snæfelli heimsóttu Kringilsárrana í ár en vegna sumaranna og seinkunar á opnun inn í Snæfell var sú ferð aldrei farin.	
Samningur	Gerður hefur verið umsjónarsamningur við Vatnajökulsþjóðgarð um umsjón friðlandsins.	
Fræðsluáætlun	Skýrslur frá Landgræðsla og Náttúrustofa Austurland.	
Framkvæmdir	Landgræðsla Ríkisins hefur lagt mikla vinnu í að koma í veg fyrir að fokefni frá Háslóni eyði gróðri á svæðinu. Umhverfisstofnun hefur fundað með Landsvirkjun og Landgræðslu ríkisins varðandi áfoksaðgerðir í friðlandinu.	
Válistategundir	Heiðagæsaathuganir á Snæfellsöræfum 2013. Egilsstaðir, febrúar 2014. http://na.is/images/stories/utgefing/2013-2014/NA-140132-LV-2014-030%20Heidagaes_Karahnjukar_2013_NA.pdf	
Vöktun	Náttúrufræðistofnun Íslands og NA fylgjast með hreindýrum og heiðargæsum. NA er með gróðurreiti í Kringilsárrana sem eru hluti af langtíma vöktunarverkefni þar sem fylgst er með hugsanlegum breytingum á gróðurfari vegna Háslóns. Sjá: http://www.na.is/ og http://www.ni.is/	
Rannsóknir	Að beiðni Landsvirkjunar gerði Fornleifadeild Byggingasafns Skagfirðinga fornleifarannsókn á leitarmannakofa við Kringilsá í Kringilsárrana á Brúaröræfum. Tóftin er að hverfa í set úr Háslóni enda liggur hún undir yfirborði lónsins þegar vatnsstaða er hæst. Minjarnar voru ekki í upphaflegri skráningu fornleifa vegna umhverfismats virkjunar við Kárahnjúka en Páll Pálsson frá Aðalbóli fann tóftina á vettvangi árið 2002. Landgræðslan hefur unnið skýrslu fyrir Landsvirkjun um ástand gróðurs í Rananum og mun hún birtast á vef Landsvirkjunar fljótlega ásamt öðrum skýrslum um áhrif virkunarframkvæmda á samfélag, umhverfi og efnahag á Austurlandi, sjá hér: http://www.sjalbbaerni.is/austurlandsverkefnid/sjalbbaernimaelingar/Landgræðslan hefur einnig unnið skýrslu fyrir Umhverfisstofnun vegna landbrots við strönd Háslóns, skýrslan er óbirt. Yfirlit yfir skýrslur sem Landgræðslan hefur unnið í tengslum við svæðið: 1. Elín Fjóra Þórarinsdóttir og Guðrún Schmidt (2013a). Mat á áfoki við strönd Kringilsárrana. Landgræðsla ríkisins LR-2013/25.	
Annað	Nýtt kort af rýrnun víðerna vegna virkunarframkvæmda á Snæfellsöræfum það má finna hér http://www.sjalbbaerni.is/media/visar/austurland/umhverfi/Karahnjukar_viderni_130214.pdf Upplifun þjóðgarðsvarðar var, sem fyrr, að gróður í Rananum væri almennt í hnignun og einnig sést vel hversu landbrot er mikið á og við strönd lónsins. Þjóðgarðsvörður gekk árið 2013 suður Ranann að Töðuhraukum, mikið af fínu efni lá á ströndinni og ekki þarf mikinn vind til að finna jökulleirinn þyrlist upp og valdi óþægindum fyrir fólk og dýr á svæðinu. Svæðið er á appelsínugula lista Umhverfisstofnunar yfir þau svæði sem þarf að fylgjast sérstaklega með að tapi ekki verndargildi sínu. Þjóðgarðsvörður ásamt starfsfólki frá Landgræðslunni, Umhverfisstofnun, verkfræðistofu og Landsvirkjun heimsótti svæðið í fyrra. Tilgangur ferðarinnar var að kanna aðstæður í Rananum, m.a. ástand gróðurs við fokgirðingar og landbrot vegna Háslóns, sem er óneitanlega mikið. Áfok var innan fokgirðinga og ku það var í fyrsta sinn að slíkt magn sést innan við girðingarnar. Sumstaðar virtust girðingar vera of nálægt lónsbakkanum. Ljóst er að það Kringilsárrana er undir miklum áhrifum frá lóninu og mikilvægt	

að unnið sé að heftingu frekara rofs við ströndina. Mikið var um rofdíla og rofmyndun í Rananum. Rofdílar opnasta á mót suðri (í átt að jökli) og eru 20-40 cm rofdílar algengir. Einnig eru stærri rofsvæði inn á milli. Þörf er á að kortleggja jarðvegsrof í Rananum sem og rannsaka ástand gróðurs í Rananum.

Breytingar hafa orðið á mörkum friðlandsins vegna framkvæmda. Erfiðara er nú en áður fyrir ferðafólk að komast í Ranann þar sem kláfurinn á Kringilsá er horfinn undir Háslón en aðgengi að Rananum á bát er auðveldara en áður.

	Lónsöræfi	Friðland
Friðlýst	Auglýsing nr. 31/1977 í Stjórnartíðindum B. Tilheyrir nú Vatnajökulsþjóðgarði.	
Stærð km	293,6 km ²	Stærð ha 29.359,6
Landvarsla	Landvörður í Lónsöræfum sumarið 2014 var Ranveig Einardóttir og var þetta fjórða sumarið hennar. Unnur gegndi starfi landvarðar frá 1. júlí til 25. ágúst.	
Samningur	Samningur hefur verið gerður milli Umhverfisstofnunar og Vatnajökulsþjóðgarðs um umsjón. 2008, ótímabundinn	
Fræðsluáætlun	Nokkur gönguleiðakort eru til af svæðinu. Bæklingur sem Náttúruvernd ríkisins gaf út er orðinn úreltur. Landvörður byður upp á stuttar fræðslugöngur í nágreni skálans, þar sem aðaláherslan var lögð á að segja söguna um byggingu göngubrúarinnar 1953, og fræða fólk um birkið og plönturnar sem vaxa umhverfis skálann. Einnig er sinnt fræðslu til hópa um friðlandið, búsetu í Víðidal og fleira á óformlegan hátt	
Skilti	Við jaðar friðlandsins og innan þess eru nokkur upplýsingaskilti. Við Kollumúlaveg F980 er skilti sem sýnir helstu aðgangsléiðir að Lónsöræfum, bæði gönguleiðir og jeppaslóða. Gamalt skilti frá Náttúruvernd ríkisins er á vegamótum þar sem Kollamúlavegur og slóði að Dímu greinast. Það skilti er úrelt og er nauðsynlegt að endurnýja skiltið. Við bílastæðið á Illakambi eru 5 upplýsingaskilti með upplýsingum um lífríki, jarðfræði og vinsæla staði í Lónsöræfum.	
Stígar	Mikið er um gönguleiðir á svæðinu en sumar leiðir eru aðeins fyrir vana og vel útbúna. Göngubrú er yfir Jökulsá í Lóni í Kollumúla. Eitthvað er um stikaðar gönguleiðir í friðlandinu og eru þær merktar með gulum stikum þó að á einstaka stað finnist gamlar bláar stikur.	
Öryggi	GSM samband er slæmt. Sumarið 2010 var slökkt á NMT sendi sem þjónaði svæðinu. Talstöðin í skálanum er orðin gömul. Tetra samband hefur ekki verið gott en ekki hefur náðst samband í Múlaskála.	
Sjálfbóðaliðar	Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar ásamt landvörður og skálavörður unnu við gönguleiðir, stikun, málun og viðhald á vegvísum. Settir voru upp 4 nýjir vegvísar. 1 við vegamótin við Stórsteina, 1 við vegamótin upp á Múlakoll, og einn við hvor vegamót niður í Víðagil. Farið var yfir gömlu vegvísana. Mikil vinna fór í að endurstika gönguleiðir og berja niður og festa gamlar stikur, eða skipta þeim út fyrir nýjar. Þessar tréstikur tolla mjög illa þar sem kindurnar eru stöðugt að nudda sér utan í þær. Nokkrar leiðir voru endurmálaðar, en málningin tollir illa á sumsstaðar þar sem oft er sand- og grjótfok. Svæðið í kringum Eskifell fékk litla athygli þar sem það tók mjög langan tíma að komast þangað. Nauðsynlegt að skipta út tréstikunum fyrir plaststikur og að landvörður hafi aðgang að fartæki á Illakambi til að geta sinnt vel fremsta hluta svæðisins sem er mest gengna leiðin. Myndir á www.facebook.com/ICV.IS	
Framkvæmdir	Vegagerð kom 10. júlí til að gera við göngubrúna yfir jökulsá, Vorið 2011 keypti Vatnajökulsþjóðgarður Múlakot í Kollumúla sem bústað fyrir landvörð. Sumarin 2011 til 2013 kom hópur sjálfbóðaliða í Kollumúla og aðstoðaði við stígagerð og lagfæringar. tekið var til í kringum Múlakot, settar nýjar dyrahellur og svæðið sléttað fyrir framan kofann ásamt því að steinum var raðað undir húsvegginn.	
Rannsóknir	Athuga þyrfti með beitarþolsrannsóknir en mikið af fé er sleppt í friðlandið. Út frá þeim rannsóknum þyrfti að athuga hvort setja þurfi takmarkanir á þann fjölda fjár sem er beitt í friðlandinu.	
Annað	Skemmdir hafa orðið á gróðri vegna utanvegaaksturs torfæruhjóla og fjórhjóla, þó aðallega utan friðlandsins. Fyrir nokkrum árum var veittur styrkur til einkaaðila til að brúa Víðidalsána. Brúin hefur ekki enn verið byggð, en enn liggja brúarbitar í ánni og mikið magn af byggingarefni er á árbakkanum ásamt ryðguðum og ónýtum verkfærum. Sóst hefur verið eftir fjármagni til Vatnajökulsþjóðgarðs. Kvartað hefur verið undan draslinu í Víðidal. Mikið af brúarbitunum eru ónýtir og þá þarf að fjarlægja.	

Friðlýst

Auglýsing nr. 333/1972 í Stjórnartíðindum B. Fólkvangur.

Stærð km

3,2 km²

Stærð ha

318,4

Lokunarákvæði

Umferð vélknúinna ökutækja um fólkvanginn er stranglega bönnuð. Einnig er bönnuð meðferð skotvopna á svæðinu og undan strönd þess nema til eyðingar meindýra eftir sérstöku leyfi Náttúruverndarnefndar Neskaupstaðar.

Landvarsla

Engin landvarsla er á svæðinu, en Náttúrustofa Austurlands lítur eftir svæðinu.

Samningur

Enginn formlegur samningur hefur verið gerður.

Fræðsluáætlun

Fróðleik um náttúruvar svæðisins hefur verið komið fyrir á lítil skilti meðfram gönguleiðinni.

Skilti

Nýtt skilti sett upp við innganginn á svæðið 2012 og útsýnisskífa kostuð af Norðfirðingafélaginu sett upp

Stígar

Sjálfbóðaliðar unnu við stígagerð árið 2012 en ekki síðan.

Helstu göngustígar eru:

Hagi Auðvelt er öllum að ganga út í Haga. Á aðra hönd er ströndin með stöpum og vogum, þar er víða aðgrunnt og brýtur á boðum og flesjum.

Páskahellir: Stigi liggur niður í hann en ganga má áfram út grýtta fjöruna og upp utan við hellinn.

Páskahellir er skúti sem myndast hefur við sjávarrof.

Hundsvík Frá Páskahelli út að Hundsvík og ofan í víkina. Útsýni yfir Norðfjarðarflóa og til suðvesturs sér inn í Viðfjörð og Hellisfjörð. Fært er áfram út að Nípustapa en gæta skal varúðar þar sem hætta getur verið á grjóthruni við vissar aðstæður.

Um Skálasnið eða Klofasteinagjót: Upp úr Haga um Skálasnið upp á utanverða Neðri-Hálsa eða

Sjálfbóðaliðar

Sjálfbóðaliðar unnu við stígagerð árið 2012.

Framkvæmdir

Viðhald stíga.

Vöktun

Eftirlit með lyngbúa.

Annað

Sveitafélagið hefur kappkostað að halda svæðinu fríu fyrir ágangi framanda tegunda s.s. lúpínu og hefur tekist vel til í friðlandinu.

Ósland	Fólkvangur
---------------	-------------------

Friðlýst	Auglýsing nr. 427/1982 í Stjórnartíðindum B. Fólkvangur.		
Stærð km	0,2 km ²	Stærð ha	16,6
Lokunarákvæði	Umferð vélknúinna farartækja utan vega er óheimil innan marka friðlýsta svæðisins. Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf á svæðinu. Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í fólkvanginum. Öll meðferð skotvopna er bönnuð í fólkvanginum.		
Landvarsla	Engin landvarsla		
Samningur	Gert er ráð fyrir umsjónarsamning samkvæmt friðlýsingu: "Umsjón og rekstur fólkvangsins skal vera í höndum umhverfisnefndar Sveitarfélagsins Horna-fjarðar, samkvæmt samningi Umhverfisstofnunar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar sem umhverfis-ráðherra staðfestir."		
Skilti	Í Óslandinu er að finna upplýsingaskilti um svæðið og þar er hægt að ganga skemmtilegan hring frá tjörninni og virða fyrir sér hið mikla fuglalíf sem þar er.		
Stígar	Vinsælt útivistarsvæði með göngustígum s.s. umhverfis Óslandstjörn. Á hæsta punkti Óslands, Óslandshrauni, er glæsilegt minnismerki um sjómenn.		
Framkvæmdir	<p>Sumarið 2014 fékk sveitarfélagið leyfi frá Umhverfisstofnun til að gera 300 metra framlengingu á göngustíg sem liggur frá þéttbýli yfir í fólkvanginn. Viðbót við göngustíginn var talin vera nauðsynleg vegna fjölgunar gesta í fólkvanginum. Ávinningur þess að afmarka göngustíginn er að gestirnir koma frekar til með að halda sig á stígnum, og einnig á framkvæmdin að bæta aðgengi fyrir fólk á hjólastólum. Að auki er meginhluti göngustígsins nú þegar lagður bundnu slitlagi og því á aðeins eftir að klára lítinn hluta hans.</p> <p>Sumarið 2011 réðst sveitarfélagið í framkvæmdir á sjóvarnargarði á svæðinu án leyfis Umhverfisstofnunar. Framkvæmdir voru stöðvaðar og í kjölfarið veitti Umhverfisstofnun sveitarfélaginu leyfi til framkvæmda með skilyrðum. Sveitarfélagið hefur nú lokið framkvæmdum undir eftirliti Umhverfisstofnunar. Gerð var bakkavörn sem miðar að því að verja austurbakka fólkvangsins fyrir frekara landbroti af völdum ágangs sjávar. Að mati eftirlitsaðila á vegum Umhverfisstofnunar hafa framkvæmdirnar uppfyllt öll skilyrði sem sett voru og ekki raskað verndargildi fólkvangsins með neinum hætti.</p>		
Annað	Mikið landbrot hefur verið innan fólkvangsins undanfarin ár. Nú hefur verið byggður sjóvarnargarður til að verja land. Einhver utanvegaakstur hefur verið í mýrinni austan megin í fólkvanginum en svæðið hefur jafnað sig mikið þó svo að enn sé hægt að sjá einhver ummerki.		

Salthöfði og Salthöfðamýrar	Friðland
------------------------------------	-----------------

Friðlýst	Auglýsing nr. 249/1977 í Stjórnartíðindum B. Friðland.		
Stærð km	2,3 km ²	Stærð ha	230,7
Landvarsla	Engin landvarsla hefur verið á svæðinu.		
Samningur	Enginn formlegur samningur hefur verið gerður um umsjón.		
Fræðsluáætlun	Umhverfisstofnun áætlað að setja upp aðkomu- og fræðsluskilti árið 2015.		
Skilti	Engin skilti eru á svæðinu.		
Stígar	Engir stígar eru á svæðinu.		

Friðlýst	Auglýsing nr. 513/1995 í Stjórnartíðindum B. Friðland.		
Stærð km	0,2 km ²	Stærð ha	196,6
Lokunarákvæði	Óheimilt er að fara í eyna án leyfis ábúanda.		
Landvarsla	Engin landvarsla er á svæðinu.		
Samningur	Enginn umsjónarsamningur		
Fræðsluáætlun	Áætlað er að setja upp fræðsluskilti árið 2015.		
Skilti	Engin skilti eru fyrir svæðið.		
Stígar	Engir.		
Öryggi	Engin áætlun, enda ekki ferðamannastaður.		
Framkvæmdir	Engar .		
Alþjóðasamningar	Stormsvala hefur verið alfriðuð hér á landi frá 1954. Samkvæmt Bernarsamningnum ber að friða stormsvölu í Evrópu og vernda búsvæði hennar sérstaklega.		
Válistategundir	Stormsvala (VU).		
Vöktun	Mikið merkt árlega af fuglum (Ólafur Torfason) í eygni í tengslum við Náttúrufræðistofnun Gunnar Hallgrímsson, hjá Náttúrustofu SV lands í samstarfi Fuglatalning, Arnþór Garðarson, HÍ með flugi (reglulega).		
Rannsóknir	Sjá vöktun.		
Annað	Aðgengi í og um eyjuna er bæði erfitt og varasamt.		

Friðlýst	Auglýsing nr. 416/2013 (Fólkvangur) og nr. 417/2013 í Stjórnartíðindum B. Náttúruvætti.
Stærð km	2,0 km ² Stærð ha 210,0
Lokunarákvæði	Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir í fólkvanginum. Óheimilt er að fjarlægja geislasteina út af svæðinu nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að hrófla við menningarminjum eða skemma á annan hátt. Óheimilt er að raska jarðmyndunum, þ.m.t. með hvers konar áletrunum og óheimilt er að hrófla við geislasteinum þar sem þeir koma fram í jarðlögum. Einnig er óheimilt að flytja geislasteina út af svæðinu nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.
Landvarsla	Sumarið í ár var annað sumarið sem landvörður starfar á Teigarhorni. Fyrsti sumarið á vegum Umhverfisstofnunar en í ár á vegum Djúpavogshrepps. Brynja Davíðsdóttir sinnti starfinu.
Samningur	Sjá “Umsjónaraðilar” og á heimasíðu Umhverfisstofnunar.
Fræðsluáætlun	Við áætlanagerð er unnið að fræðslugildi svæðisins í heild. Unnin voru drög að texta fyrir verndar og stjórnunaráætlun Teigarhorns, bæði hvað varðar ferðamennsku, sem og náttúru og dýralíf.
Skilti	Fjögur skilti - verður endurnýjað og bætt við við lok áætlanagerðar.
Stígar	Stígagerð er engin eins og er en verður hafin að lokinni gerð stjórnunaráætlunar og deiliskipulags.
Öryggi	Unnið er að verndar og stjórnunaráætlun og deiliskipulagi.
Sjálfbóðaliðar	Vaskur hópur fimm sjálfbóðaliða frá Umhverfisstofnun vann í viku við að bæta aðgengi ofan í Brunnfjöru og í Hjallstanga. Steintröppur voru lagðar í Hjallstanga sem féllu vel að landinu. Í hlíf Brunnfjöru voru notaðir timburbitar úr gömlu bryggjunni á Djúpavogi, og falla einnig vel inn í landið. Sjálfbóðaliðarnir gistu í tjöldum á tjaldstæðinu á Djúpavogi. Myndir á www.facebook.com/ICV.IS
Framkvæmdir	Viðhald fasteigna, hreinsun á svæðinu, unnið að stígagerð, skilti og fl.
Alþjóðasamningur	Svæðið talið hafa alþjóðlegt verndargildi .
Válistategundir	
Vöktun	Landvörður og umsjónaraðili þegar landvarðar nýtur ekki við. Gamla húsið á Teigarhorni (Weyvadtt húsið) er í vörslu Þjóðminjasafns Íslands. Stefnt er að gerð samnings milli Þjóðminjasafns og Djúpavogshr. sumarið 2013 varðandi vöktun á gamla bænum.
Rannsóknir	Umhverfis- og náttúrufræðingur hefur unnið að staðbundnum rannsóknum.
Annað	Svæðið hefur færst af rauða lista Umhverfisstofnunar yfir á appelsínugulan.

Suðurland

	Álftaversgígar	Náttúruvætti
Friðlýst	Auglýsing nr. 105/1975 í Stjórnartíðindum B. Náttúruvætti	
Stærð km	34,4 km ²	Stærð ha 3.436,1
Lokunarákvæði	Nei	
Landvarsla	Ekki hefur verið landvarsla á svæðinu	
Fræðsluáætlun	Umhverfisstofnun áætlað að setja upp aðkomu- og fræðsluskilti	
Skilti	Fræðsluskilti um Kötlu annars vegar og Þykkvabæjarklaustur hins vegar eru við áningarstað Vegagerðarinnar við ána Skálm.	
Stígar	Stígur er af áningarstað Vegagerðarinnar og Kötlu jarðvangs á Kálkhálsi upp á gervigígginn sem næstur er, en þar er útsýnisskífa.	
Sjálfbóðaliðar	Nei	
Framkvæmdir	Brýnt er að koma upp merkingum. við náttúruvættið Fólk ekur um svæðið án þess að vita um sérstöðu þess og merkar jarðmyndanir, eða að það sé friðlýst. Efla þarf vitneskju og fræðslu um svæðið. Katla Geopark, í samstarfi við Vegagerðina, bætti bílastæðið 2013 og setti upp áningarborð og -bekki á Kálkhálsi við Skálm.	
Annað	Gera þarf úttekt á ástandi og verndargildi svæðisins. Ekkert hefur verið framkvæmt á árinu 2013.	

Friðlýst	Auglýsing nr. 591/2002 í Stjórnartíðindum B. Náttúruvætti.		
Stærð km	0,1 km ²	Stærð ha	8,0
Lokunarákvæði	Vegna verndar jarðmyndana er óheimilt að fara í hellinn án sérstaks leyfis.		
Landvarsla	Árnahellir er vel falinn og ekki er mögulegt að finna hellinn fyrir slysi. Sterkur járnhleri er rétt fyrir innan op hellisins og er hann vel læstur með Assa hengilás. Að auki er hlerinn hulinn með grjóti þannig að ekki er auðvelt að finna hann nema þekkja vel til. Árnahellir verndar sig því sjálfur ef svo má að orði komast. Hellirinn var ekki heimsóttur árið 2013 og því ekki vitað um ástand hans.		
Samningur	Samkvæmt samningi milli Umhverfisstofnunar og Hellarannsóknarfélags Íslands 25 júlí 2002 , ber félaginu að hafa umsjón og eftirlit með friðlýstum hraunhellum og einnig hraunhellum á friðlýstum svæðum ásamt sérstökum jarðmyndunum í hellunum.Samningurinn gildir í 10 ár og		
Skilti	Engin skilti.		
Stígar	Engir stígar.		
Framkvæmdir	Brotist var inn í hellinn í byrjun árs 2013 (ath gæti líka verið lok árs 2012 ekki viss). Var hengilásinn sagaður í sundur. Lokunarbúnaður var því lagfærður.		
Vöktun	Hellarannsóknafélag Íslands hefur umsjón með friðlýstum hraunhellum og hraunhellum á friðlýstum svæðum og veitir einnig faglega ráðgjöf um vernd og friðun hraunhella. Eftir að umsjónarsamningur rann út þarf félagið sérstakt umboð frá Umhverfisstofnun til að gera úttekt á ástandi hellisins.		
Annað	Hellirinn var ekki heimsóttur 2014 og því ekki vitað um ástand hans eða lokunarbúnaðar		

Friðlýst	Auglýsing nr. 446/1987 í Stjórnartíðindum B. Náttúruvætti.		
Stærð km	0,0 km ²	Stærð ha	2,1
Landvarsla	Svæðalandvörður UST á Suðurlandi heimsækir svæðið að lágmarki árlega. Sumarið 2014 var minna af rusli og umgengni almennt betri að sjá í eftirlitsferð. Göngustígar eru að vaðast niður og þarf að hlúa betur að .		
Samningur	Svæðið þarfnast reglubundins eftirlits og viðhalds. Starfsmenn Vatnajökulsþjóðgarðs á Kirkjubæjarklaustri hafa boðist til að líta eftir svæðinu og að stjórna vinnu sjálfbóðaliða Umhverfisstofnunar vegna viðhalds göngustíga um það.		
Fræðsluáætlun	Tvö fræðsluskilti eru við bílastæðið. Fjalla þau um jarðfræði og sagnir svæðisins og eru frá Vegagerðinni og Náttúruverndarráði,		
Skilti	Fræðsluskilti frá Vegagerðinni og Náttúruverndarráði eru á svæðinu.		
Stígar	Göngustígur liggur frá hliði suður með náttúruvættinu og vestur að girðingarhorni. Þeir eru að vaðast niður og þarf að hlúa betur að . Gott bílastæði er á svæðinu. Áningaborð er við bílastæðið, utan verndarsvæðisins.		
Sjálfbóðaliðar	Fimm sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar unnu á svæðinu í sólarhring. Göngustígur var lagfærður.		
Framkvæmdir	Skaftárhreppur hefur látið gera deiliskipulag fyrir svæðið, í samráði við Umhverfisstofnun, og var það samþykkt í maí 2013.		
Annað	Göngustígar þarfnast viðhalds. Ástæða er til að bera áburð á þá staði sem mest mæðir á vegna umferðar ferðamanna, og telur svæðalandvörður að það gæti bætt ástandið til muna. Afar brýnt er að koma upp hreinlætisaðstöðu á svæðinu fyrir þann mikla fjölda ferðamanna sem hefur þarna viðdvöl.		

	Dyrhólaey	Friðland
Friðlýst	Auglýsing nr. 101/1978 í Stjórnartíðindum B. Friðland.	
Stærð km	1,5 km ²	Stærð ha 147,2
Lokunarákvæði	Umhverfisstofnun getur takmarkað ferðir út í Dyrhólaey á varptíma fugla, frá 1. maí til 25. júní.	
Landvarsla	Tveir landverðir störfuðu á varptíma fugla á eyinni, frá 9. september til 25. júní.	
Samningur	Samningur er milli Umhverfisstofnunar og Mýrdalshrepps um umsjón svæðisins var gerður 8.júní 2011.	
Fræðsluáætlun	Fræðsluáætlun er hluti af verndaráætlun. Nokkuð fræðsluskilti eru í friðlandinu.	
Skilti	Tvö fræðslu- og upplýsingaskilti voru sett upp 2011, í Háey og Lágey. Eldra fræðsluskilti um fugla er í eyinni. Síðan hafa bæst við viðvörunarskilti vegna öldugangs í fjörunni, sem og nokkur færánleg skilti vegna fuglavarps. Nýtt skilti vegna lokunar á varptíma fugla var útbúið 2013. Til stendur að bæta viðvörunarskilti vegna hraphættu.	
Stígar	Stígar liggja um svæðið, bæði um Lágey og Háey, og þar á milli og ná ágætlega að stýra umferð ferðamanna.	
Öryggi	Afmarkaðir göngustígar og girðingar auka öryggi ferðamanna á svæðinu. Áhersla er lögð á að stýra ferðum fólks með öruggum leiðum og afmörkunum á hættulegum stöðum.	
Sjálfbóðaliðar	Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar unnu í eina viku, og bættu tröppu úr grjóti. Myndir á www.facebook.com/icv.is	
Framkvæmdir	Vatnstankur við salernisaðstöðuna í gamla fjárhúsinu á Háey var endurnýjaður. Í undirbúningi er bygging nýs salernishúss á Lágey og flutningur bílastæðisins þangað (til vesturs frá núverandi stað). U Gerð hefur veirð tillaga um breytingu á deiliskipulagi Dyrhóleyjar frá 2005. Þar er fjallað um færslu bílastæðis, byggingu nýss salernishúss á Lágey o.fl. Vegagerðin breikkaði og bætti veginn á Lágey á árinu.	
Vöktun	Fuglafræðingur frá Verkís, Arnór Þórir Sigfússin var, eins og árin á undan, fenginn til að gera úttekt á fuglalífi. Ákvörðun um lokun eyinnar á varptíma byggir á henni.	
Annað	Refur sást í eyinni sumarið 2014, en náðist ekki. Svæðið er á appelsínugulum lista UST yfir svæði í hættu, og en var áður á rauðum. Ástand hefur því verið að þróast í rétta átt. Verndaráætlun var undirrituð 29.10.2014.	

Friðlýst	Auglýsing nr. 354/1979 í Stjórnartíðindum B. Friðland.		
Stærð km	446,3 km ²	Stærð ha	44.633,4
Landvarsla	Umhverfisstofnun hefur umsjón með friðlandinu. Sumarið 2014 sinntu tveir landverðir friðlandinu, auk sérfræðings/svæðalandvarðar. Samvinna er við skálaverði Ferðafélags Íslands í Landmannalaugum um upplýsingagjöf til ferðamanna. Sumarlandverðirnir störfuðu samtals 14 vikur, frá 22. júní til 16. ágúst, og sérfræðingur langt fram á haustið, eða fram yfir fjallferð Landmanna.		
Fræðsluáætlun	<p>Landverðir, skálaverðir Ferðafélags Íslands og Hellismanna, auk hálandisgæslu Svf. Landsbjargar, veita ferðamönnum upplýsingar um svæðið.</p> <p>Gömul aðkomuskilti eru við friðlandsmörk, og er eitt þeirra, við Kirkjufellsós, afar illa farið. Annað, sunnan Laufafells, er á röngum stað. Þá skortir skýrari upplýsingar um umgengni á þau skilti. Styrkur til endurnýjunar þeirra fékkst sumarið 2014 og verða þau að líkindum sett upp í byrjun sumarsins 2015.</p> <p>Fræðsluskilti til varnar akstri utan vega eru við Bjallavað og á Sólvangi. Þá er smærra skilti til varnar utanvegaakstri við Kirkjufellsós, og við Bjallalvað.</p> <p>Fræðsluskilti frá Vegagerðinni, um svæðið, er í Landmannalaugum. Þar eru einnig fræðsluskilti um fugla á svæðinu. Viðvörðunarskilti um hættu við íshellana í Hrafninnuskeri eru við þá.</p> <p>Fræðsluskilti um Laugavegin og útbúnað ferðamanna eru utan á skálum Fí í Landmannalaugum.</p>		
Skilti	<p>Gömul aðkomuskilti eru við friðlandsmörk, og er eitt þeirra, við Kirkjufellsós, afar illa farið. Annað, sunnan Laufafells, er á röngum stað. Þá skortir skýrari upplýsingar um umgengni á þau skilti. Því er endurnýjun þeirra mjög aðkallandi.</p> <p>Fræðsluskilti til varnar akstri utan vega eru við Bjallavað og á Sólvangi. Þá er skilti til varnar utanvegaakstri við Kirkjufellsós, og annað óuppsett til í Landmannalaugum.</p> <p>Fræðsluskilti frá Vegagerðinni, um svæðið, er í Landmannalaugum.</p> <p>Fræðsluskilti um fuglalíf er í Landmannalaugum</p> <p>Umferðarskilti Vegagerðarinnar eru mörg hver úr sér gengin og er samtal við Vegagerðina í gangi um endurnýjun þeirra.</p>		
Stígar	<p>Göngustígar innan friðlandsins eru samtals um 73 km, og hefur kjarni leiðanna upphafspunkt í Landmannalaugum. Laugavegurinn er mjög fjölfarinn, en hluti hans, frá Landmannalaugum að Jökultungum, er innan friðlandsins.</p> <p>Þá er "Laugahringurinn" um Laugahraunið afar mikið genginn af daggestum í Landmannalaugum. Hellismenn hafa lagt gönguleiðir um friðlandið, og þarf að fara yfir legu þeirra með þeim.</p>		
Öryggi	<p>Hálandisgæsla Svf. Landsbjargar er öflug á svæðinu. Þá veita landverðir ferðamönnum fræðslu um öryggi á svæðinu. Vöð eru merkt svo sem skynsamlegt þykir, í samstarfi landvarða og hálandisgæslu.</p>		
Sjálfbóðaliðar	<p>Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar voru við störf í fjórar vikur innan Friðlands að Fjallabaki sumarið 2014. Tvær vikur einnig með aðstöð sjálfbóðaliðar frá Seeds. Sinntu þeir standsetningu svæðis í sumarbyrjun, viðhaldi og stikun gönguleiða, lagfæringum eftir akstur utan vega og ýmsu fleiru, í samvinnu við landverði.</p>		
Framkvæmdir	<p>Unnið er að verndaráætlun friðlandsins.</p> <p>Rangárþing ytra vannur að deiliskipulagi fyrir Landmannalaugar og hefur haft samráð við Umhverfisstofnun um það. Samkeppni um hönnun og skipulag í Landmannalaugum, til grundvallar deiliskipulags, var haldin á árinu og er ólokið þegar þetta er skrifað. Verkfræðistofan Verkís var fengin til að gera úttekt á ástandi Laugavegarins innan friðlandsmarka sumarið 2014.</p> <p>Nýtt landvarðahús var sett upp við Landmannahelli í júlí 2014.</p> <p>Sjálfbóðaliðar hlúðu að gönguleiðinni um Laugahraun. Nokkrum steintröppum var bætt við í brekkuna undir Brennisteinsöldu.</p> <p>Einnig var göngustígur á Suðurnám lagfærður, en þar er eftir um vik að koma lagfæringum við vegna gljúps jarðvegs.</p> <p>Talsvert af steinum meðfram vegum voru fjarlægðir/lagfærðir, en talsverð vinna er eftir við það.</p>		

Gönguleiðastikur voru lagfærðar og bætt í eftir föngum.

Mikið þurfti að raka eftir utanvegaakstur, bæði eftir vorumferð í krapa/blautum snjó, og nýrri sumarför.

Drjúg vinna var lögð í lagfæringar á förum eftir akstur utan vega, bæði nýjum og eldri.

Gríðarmikið af rusli var fjarlægt af vegum/slóðum og nágrenni þeirra og mikið lagt upp úr að ná snyrtilegu yfirbragði á svæðinu.

Í ágúst 2014 var settur upp minnisvarði vestan Reykjafjalla, við Laugaveginn, til minningar um vélsleðamann sem lét þar lífið veturinn á undan.

Vöktun

Háskóli Íslands hefur staðið fyrir talningum ferðamanna innan friðlandsins. Þá hefur Ferðafélag Íslands verið með talningar á fjölda ferðamanna í bílum.

Alaskalúpína við Bjallavað er vöktuð - og fjarlægð þegar hún finnst.

Rannsóknir

Úttekt var gerð á ástandi Laugavegarins innan friðlands af verkfræðistofunni Verkís.

Mastersnemi í umhverfis- og auðlindafræði við HÍ rannsakaði áhrif aksturs utan vega (enn í vinnslu)

Rannveig Ólafsdóttir, HÍ, rannsakaði álag á náttúru af völdum ágangs (enn í vinnslu)

Nokkrar jarðfæðirannsóknir hafa einnig verið í gangi á svæðinu, unnar af erlendum jarðfræðingum.

Annað

Svæðið flokkast á rauðan lista Umhverfisstofnunar vegna mikils álags og þarfnast aðgerða. Ljúka þarf skipulagsvinnu svæðisins vegna álags og ágangs ferðamanna.

Utanvegaakstur er alvarlegt vandamál innan friðlandsins.

Vegirnir um Dómadal og Sigöldu í Landmannalaugar voru opnaðir 13. júní 2014 af Vegagerðinni, án samráðs við UST. Svæðið var afar blautt og viðkvæmt á þessum tíma og hefði þurft að jafna sig betur fyrir opnun.

Friðlýst

Svæðið er ekki friðlýst en þar gilda sérstakar umgengnisreglur sem settar voru af nefnd sem starfaði undir menntamálaráðuneyti.

Stærð km

km²

Stærð ha

15,0

Landvarsla

Landvarsla hefur verið á Gullfossi og Geysi frá júní 2014.

2. júní til 16. júní var einn landvörður; Valdimar Kristjánsson

16. júní til 22. júlí voru tveir landverðir; Laufey Erla Jónsdóttir og Hringur Hilmarsson (Valdimar fyrstu dagana á móti Hringi)

22. júlí til 1. október var einn landvörður; Hringur Hilmarsson

Frá 17. október hefur verið einn landvörður; Linda Guðmundsdóttir, og er hún ráðin til ársloka.

Samningur

Sjá undir "gögn"

Fræðsluáætlun

Fræðsluskilti er við innkomu. Nöfn hveranna eru í steinum við hvern og einn þeirra.

Skilti

Nokkur fræðsluskilti eru við inngang inn á svæðið á vegum Umhverfisstofnunar.

Stígar

Stígar liggja um svæðið og leiða gesti þess að hverunum, í hæfilegri fjarlægð.

Öryggi

Öryggi hefur verið bætt með öryggisgirðingum og táknmyndum.

Framkvæmdir

Hugmyndasamkeppi um skipulag og hönnun innviða á Geysissvæðinu var auglýst á árinu 2013.

.....

Stálstaurar, bönd og táknmyndir hafa verið sett upp á svæðinu og gera mikið gagn við stýringu ferðamanna.

Hellulögn reynist vel, en steypa þyrfti með köntum hennar til að halda hellunum í skorðum.

Annað

Svæðið var sett á rauðan lista Umhverfisstofnunar árið 2010 sem eitt þeirra 10 svæða sem stofnunin telur hættu á að missi verndargildi sitt og var enn þeim lista við endurskoðun listans árið 2012. Svæðið er sérstakt á heimsvísu og dregur að sér fjölmarga ferðamenn enda eitt þekktasta hverasvæði jarðarinnar. Á svæðinu gilda sérstakar umgengnisreglur sem settar voru af Geysisnefnd á sínum tíma. Öryggi hefur verið sinnt með öryggisgirðingum og táknmyndum. Skilti sem banna reykingar eru inni á Geysissvæðinu, og hafa þau bætt umgengni til muna. Formlegt landeigendafélag er fyrir svæðið, en ríkið er ekki aðili að því.

	Gullfoss	Friðland
Friðlýst	Auglýsing nr. 141/1979 í Stjórnartíðindum B. Friðland.	
Stærð km	1,5 km ²	Stærð ha 154,9
Lokunarákvæði	Göngustígur á neðra svæði, frá minnismerki um Sigríði frá Brattholti að fossinum, er lokaður yfir veturinn, á meðan ís og snjór eru á svæðinu.	
Landvarsla	Landvarsla hefur verið á Gullfossi og Geysi frá júní 2014. 2. júní til 16. júní var einn landvörður; Valdimar Kristjánsson 16. júní til 22. júlí voru tveir landverðir; Laufey Erla Jónsdóttir og Hringur Hilmarsson (Valdimar fyrstu dagana á móti Hringi) 22. júlí til 1. október var einn landvörður; Hringur Hilmarsson Frá 22. október hefur verið einn landvörður; Linda Guðmundsdóttir, og er hún ráðin til ársloka.	
Fræðsluáætlun	Um svæðið liggur Sigríðarstígur, með fræðslu þeirri sem áður var í Sigríðarstofu, á skiltum.	
Skilti	Öll fræðsluskilti eru komin upp; aðeins viðhaldi sinnt Aðkomuskilti að friðlandinu eru ekki til staðar.	
Stígar	Unnið er að byggingu göngustígapalla, og eru bygging þeirra komin áleiðis. Grundvallast þeir á vinningstillögu hönnunarsamkeppni um Gullfosssvæðið, er lauk árið 2013.	
Öryggi	Öryggisúttekt var gerð af Veðurstofunni snemmsumars, í kjölfar grjóthruns sem varð og slasaði ferðakonu á fæti.	
Framkvæmdir	Unnið var að uppmælingu friðlandsins. Nú á haustdögum er ætlunin að vinna að smíði nýs stiga og útsýnispalls. Sú framkvæmd byggir á vinningstillögu opinnar hugmyndasamkeppni um umhverfi Gullfoss, sem haldin var árið 2012 á vegum Umhverfisstofnunar í samvinnu við Arkitektafélag Íslands.	
Annað	Svæðið er á appelsínugulum lista stofnunarinnar yfir svæði sem eiga á hættu á að tapa verndargildi sínu og þörf er á aðgerðum til að snúa þeirri þróun við.	

Friðlýst	Auglýsing nr. 121/1988 í Stjórnartíðindum B. Friðland.		
Stærð km	42,2 km ²	Stærð ha	4.217,9
Lokunarákvæði	Umhverfisstofnun er heimilt að beita tímabundnum lokunum. Beit búfjár er óheimil.		
Landvarsla	Engin		
Samningur	Enginn		
Fræðsluáætlun	Engin		
Skilti	Gamalt skilti (Náttúruverndarráðs) við mörk friðlandsins. Einnig er skilti á svæðinu á vegum landeiganda, Háskóla Íslands. 2013 var sett upp fræðsluskilti á svæðinu.		
Stígar	Fornar slóðir, frá tímum Hlínar Johnson (eiganda), eru greinilegar á milli Vogsósa og Herdísarvíkurbæjarins eftir gömlum þjóðleiðum.		
Annað	<p>Aukið álag gesta mun verða um svæðið eftir að Suðurstrandavegur opnaði. Þörf er á úrbótum, bílastæði, stígum og fræðsluskiltum.</p> <p>Bent hefur verið á ástand sjóvarna á svæðinu. Ágangur sjávar er mikill og er hættu á að sjórinn muni flæða inn og skemma. Lítils háttar hefur verið lagfært í sjóvörnum en ekki nóg.</p> <p>Viðhald bygginga á svæðinu, sem er í eigu Háskóla Íslands, er bágborið og er hús á svæðinu að grotna niður.</p> <p>Gera þyrfti úttekt á ástandi svæðisins.</p> <p>Svæðið var ekki heimsótt árið 2014 og því ekki vitað um ástand þess. Engar leyfisveitingar vegna framkvæmda eða rannsókna voru afgreiddar vegna svæðisins</p>		

	Jörundur	Náttúruvætti
Friðlýst	Náttúruvætti. Dropasteinar í hellinum höfðu þegar verið friðlýstir með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 120/1974.	
Stærð km	0,1 km ²	Stærð ha 6,5
Lokunarákvæði	Vegna verndar jarðmyndana er óheimilt að fara í hellinn án sérstaks leyfis.	
Landvarsla	Jörundur er vel falinn og ekki er mögulegt að finna hann nema þekkja vel til. Op hans sem er aðeins 40x40 sm. er hulið með grjóti og fellur það vel inn í landslagið. Rétt fyrir innan opið er síðan þrenging upp á 30x30 sm. Í þeirri þrengingu er sterkt hlið með Assa hengilás. Með þessum hætti verndar hellirinn sig að vissu leyti sjálfur.	
Samningur	Samkvæmt samningi milli UST og Hellarannsóknarfélags Íslands 25. júlí 2002 (sem nú er útrunninn), bar félaginu að hafa umsjón og eftirlit með friðlýstum hraunhellum og einnig hraunhellum á friðlýstum svæðum ásamt sérstökum jarðmyndunum í hellinum. Samningurinn	
Framkvæmdir	Sumarið 2010 var skipt um hengilás á hliði hellisins. Ekkert hefur verið um framkvæmdir síðan. Engin skilti eða göngustígar liggja nálægt hellinum.	
Vöktun	Hellarannsóknafélag Íslands hafði umsjón með friðlýstum hraunhellum og hraunhellum á friðlýstum svæðum til ársins 2012, en eftir það hefur samningur þess efnis ekki verið endurnýjaður.	
Annað	Svæðalandvörður hefur ekki komið í hellinn og getur því ekki vitnað um ástand hans.	

	Kirkjugólf	Náttúruvætti
Friðlýst	Auglýsing nr. 426/1987 í Stjórnartíðindum B. Náttúruvætti	
Stærð km	0,0 km ²	Stærð ha 1,0
Lokunarákvæði	Nei	
Landvarsla	Ekki er eiginleg landvarsla á svæðinu en Kári Kristjánsson, sérfræðingur Vatnajökulsþjóðgarðs á vestursvæði, hefur haft auga með því. Auk þess heimsækir svæðalandvörður UST á Suðurlandi svæðið að lágmarki árlega.	
Fræðsluáætlun	Fræðslu- og upplýsingaskilti um náttúruvættið var sett upp á staðnum 2013.	
Skilti	Fræðslu- og upplýsingaskilti var sett upp við svæðið sumarið 2013	
Stígar	Göngustígur er frá bílastæði sem er við Geirlandsveg.	
Annað	Lág stuðlabergsklöpp. Endar stuðlabergsdranganna sem snúa upp úr jörðu eru eggsléttir. Gera þarf úttekt á ástandi svæðisins. Göngustígur frá bifreiðastæði þarfnast lagfæringa.	

<i>Oddaflóð</i>	<i>Friðland</i>
------------------------	------------------------

Friðlýst Auglýsing nr. 634/1994 í Stjórnartíðindum B.Friðland.

Stærð km 5,7 km² **Stærð ha** 568,4

Lokunarákvæði Fuglaveiðar eru bannaðar í friðlandinu.

Landvarsla Svæðalandvörður á Suðurlandi hefur umsjón með svæðinu og heimsækir það af og til.

Fræðsluáætlun Umhverfisstofnun áætlað að setja upp fræðsluskilti árið 2015.

Vöktun Engin skipulögð vöktun er á svæðinu en það hefur þornað töluvert undanfarin ár, líklega vegna þess að áin hefur grafið sig niður.

<i>Pollengi og Tunguey</i>	<i>Friðland</i>
-----------------------------------	------------------------

Friðlýst Auglýsing nr. 457/1994 í Stjórnartíðindum B. Friðland.

Stærð km 6,6 km² **Stærð ha** 657,5

Fræðsluáætlun Umhverfisstofnun áætlað að setja upp aðkomu- og fræðsluskilti.

Skilti Umhverfisstofnun áætlað að setja upp aðkomu- og fræðsluskilti.

Annað Flæðiengi að hluta. Stór hluti alveg undir vatni. Ekki göngufæri út í eyju, nema á ís. Mikið fuglalíf á svæðinu sumarið 2013. Að mati landvarða og heimamanna á svæðinu er ástand þess almennt gott og ekki mikið rask.

Friðlýst	Auglýsing nr. 477/1987 í Stjórnartíðindum B. Náttúruvætti		
Stærð km	1,7 km ²	Stærð ha	165,2
Landvarsla	Sveitarfélagið hefur sinnt eftirliti og viðhaldi innviða		
	Svæðalandvörður UST hefur komið við á svæðinu af og til, tínt rusl og litið eftir svæðinu. Flestar slíkar ferðir voru á vordögum.		
Samningur	Umsjónarsamningur hefur um nokkurt skeið verið í vinnslu við Rangárþing eystra, án þess að frá honum hafi verið gengið.		
Fræðsluáætlun	Fræðsluskilti sem var á svæðinu var sumarið 2014 skipt út á vegum sveitarfélagsins, í samstarfi við Kötlum jarðvang. Ekki var haft samráð við Umhverfisstofnun um uppsetningu þess og þar skortir upplýsingar um friðlýsinguna. Úr því er stefnt að bæta á árinu 2015.		
Skilti	Fræðsluskilti sem var á svæðinu var sumarið 2014 skipt út á vegum sveitarfélagsins, í samstarfi við Kötlum jarðvang. Ekki var haft samráð við Umhverfisstofnun um uppsetningu þess og þar skortir upplýsingar um friðlýsinguna. Úr því er stefnt að bæta á árinu 2015. Skilti frá Ferðafélagi Íslands var einnig fjarlæggt, og nýtt um gönguleiðina yfir Fimmvörðuháls sett upp í stað þess.		
Stígar	Gönguleiðin um Fimmvörðuháls hefst við Skógafoss, og hafa þrep og svo stigi verið lögð upp Kvennabrekkuna, austan fossins. Sveitarfélagið hefur unnið að lokun nokkurra villustíga, en enn má bæta um betur. Aðalstígar frá bílastæði að fossinum eru ágætlega afmarkaðir. Sumarið 2014 var lokið við að endurstika Fimmvörðuhálsleiðina í samstarfi Rangárþings eystra og Björgunarsveitarinnar Dagenningar á Hvolsvelli. Eru stikur nú samstæðar og rammgerðar, en að auki númeraðar, svo að ferðalangar eigi auðveldara með að staðsetja sig, þurfi þeir að kalla eftir hjálp.		
Framkvæmdir	Sveitarfélagið hefur látið setja upp útsýnispall við fossinn. Deiliskipulag fyrir Ytri-Skóga var samþykkt í júní 2013.		
Annað	Skógafoss er mjög vinsæll áningastaður ferðamanna. Upp hafa komið mál tengd utanvegaakstri, en eitthvað er um að fólk aki inn að fossinum. Umhverfisstofnun, sveitarfélag og embætti sýslumanns á Hvolsvelli hafa fundað um málið. Unnið hefur verið í stígakerfi í hlíðum við Skógafoss en á ýmsum stöðum höfðu orðið til villustígar sem þurfti að loka og halda þarf við þeim göngustígum sem eru til staðar. Áburður hefur verið borinn á grasflötina við fossinn, enda verður hún fyrir miklum ágangi ferðamanna. Gott verk hefur verið unnið við stýringu ferðamanna með stígum og leiðböndum, sem þó enn má bæta. Áreyrar Skógaár þola ágang mjög vel og mætti gjarnan beina fólki betur þangað. Svæðalandvörður hefur haft frumkvæði að samtali þar um, og er málið í vinnslu.		

	Surtsey	Friðland
Friðlýst	Friðlýst svæði frá árinu 1965. Auglýsing nr. 50/2006 í Stjórnartíðindum B. Auglýsingu breytt með auglýsingu nr. 468/2011 í Stjórnartíðindum B. Samþykkt á heimsminjaskrá UNESCO í júlí 2008, sem einstakt svæði náttúruminja.	
Stærð km	65,6 km ²	Stærð ha 6.558,9
Lokunarákvæði	Óheimilt er að fara í land í Surtsey og kafa við eyna nema til rannsókna og verkefna sem tengjast þeim og þá með skriflegu leyfi Umhverfisstofnunar. Siglingar í friðlandinu eru heimilar.	
Landvarsla	Sérfræðingur Umhverfisstofnar er með starfstöð í Vestmannaeyjum og sér um eftirlit með Surtsey. Engin landvarsla er í eyinni. Starfsmaður friðlandsins sinnir eftirliti með þeim sem fá leyfi til að stíga á land í Surtsey.	
Fræðsluáætlun	<p>Surtseyjarstofa var opnuð þann 2. júlí 2010. Í gestastofu friðlandsins er að finna sýninguna Jörð úr Ægi þar sem hægt er að fræðast um friðlandið og þær rannsóknir sem þar fara fram. Gestastofan er staðsett að Heiðarvegi 1 í Vestmannaeyjabæ. Vegna fyrirhugaðs flutnings surtseyjarsýningarinnar var opnunartími skertur sumarið 2014. Lokað var um helgar og engir sumarstarfsmenn ráðnir. Helgarstarfsfólki var sagt upp. Um miðjan júlí var gestastofunni lokað á virkum dögum en opnað fyrir hópum eftir samkomulagi. Stefnt er að opnun í Eldheimum 14. nóv. 2014.</p> <p>Sett hefur verið upp fræðslufni um Surtsey á heimasíðu Umhverfisstofnunar undir vefslóðinni www.surtseyjarstofa.is. Fræðslufnið er en sem komið einungis til á íslensku en það þyrfti að þýða yfir á ensku.</p> <p>Bæklingur um friðlandið Surtsey (á íslensku og ensku) var gerður árið 2009. Bæklingurinn var endurprentaður á vormánuðum 2011. Eftir er að uppfæra upplýsingar um heimilisfang Surtseyjarstofu í íslensku útgáfu bæklingins.</p>	
Skilti	Upplýsingaskilti um Surtsey og Vestmannaeyjar var sett upp snemma sumars 2013 Samhliða var skjöldur um heimsminjasvæðið vígður. Utanhúsmörkingum á gestastofu friðlandsins er ólokið.	
Stígar	Ekki til staðar. Þar sem aðgangur að eyjunni er takmarkaður má teljast ólíklegt að þeir verði nokkurn tímann lagðir enda varla þörf á þeim.	
Framkvæmdir	Starfsmenn Veðurstofu skiptu um vindhraðamæli og rafhlöður veðurstöð.	
Alþjóðasamningar	<p>Surtsey var samþykkt á heimsminjaskrá UNESCO í júlí 2008 sem einstakur staður náttúruminja á grundvelli mikilvægi rannsókna og vöktunar á landnámi dýra og plantna ásamt þróun eyjarinnar og framvindu lífríkis Surtseyjar.</p> <p>Hafsvæðið innan friðlandsmarka var tilnefnt sem OSPAR svæði 2013</p>	
Vöktun	Surtseyjarfélagið hefur samræmt og leitast við að efla vísindarannsóknir í Surtsey og innan marka friðlandsins. Náttúrufræðisstofnun hefur stundað rannsóknir og annast reglubundna vöktun á náttúrufari friðlandsins í samvinnu við Hafrannsóknarstofnun, Surtseyjarfélagið og aðrar stofnanir.	
Rannsóknir	Vísad er í vöktunaráætlun Náttúrufræðisstofnunar Íslands.	
Annað	<p>Leiðangrar til Surtseyjar sumarið 2014: Umhverfisstofnun samþykkti umsóknir fimm hópa fyrir landgöngu í Surtsey sumarið 2014. Rannsóknarleiðangur Náttúrufræðisstofnunar og Landbúnaðarháskólans fór til eyjarinnar til að sinna rannsóknarstörfum um miðjan júlí. Dvaldi hópurinn þar í 5 daga en í honum voru tíu manns. Með hópnum komu tveir aðilar frá RÚV til að taka upp myndefni og stoppuðu þeir í 1 sólarhring. Þegar þeir voru sóttir komu 2 aðilar frá Veðurstofunni til að sinna viðhaldi veðurstöðvarinnar. Fóru þeir í land með líffræðingunum. Rannsóknarhópur jarðfræðinga kom strax í kjölfarið. Í honum voru fimm manns sem dvöldu í sex daga. Í ágúst var veitt samþykki fyrir viðhaldsleiðangri á vegum Surtseyjarfélagsins til að sinna viðhaldi Pálsbæjar. Hætt var við þá ferð þar sem ástand skálans reyndis verra en reiknað var með í leiðangri líffræðingar. Stefnt að frekari framkvæmdum síðar.</p> <p>Ekki eins votviðrasamt og sumarið 2013. Veður hamlaði þó starfi jarðfræðingana í 1-2 daga.</p>	

Friðlýst

Auglýsing nr. 850/2011 í Stjórnartíðindum B. Friðland.

Stærð km

0,0 km²

Stærð ha

3,4

Lokunarákvæði

Öðrum en landeigendum er óheimilt að fara í land í Viðey nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar og þá til rannsókna, vöktunar og eftirlits.

Rannsóknir

Anna Sigríður Valdimarsdóttir lauk árið 2010 við BS-verkefni um gróðurfar í Viðey

Annað

Viðey í Þjórsá er sérstök m.a. vegna þeirrar umgerðar sem straumpung áin veitir. Mikilvægi svæðisins felst einnig í möguleika á samanburði t.d. birkisins, sem þar hefur vaxið án teljandi áhrifa mannsins, við birki annarsstaðar í landinu. Í Viðey hafa fundist yfir 70 háplöntutegundir, þar af tvær tegundir sjaldgæfar á landsvísu.

	<i>Þjórsárver</i>	<i>Friðland</i>
Friðlýst	Auglýsing nr. 507/1987 í Stjórnartíðindum B. Friðland. Fyrst friðlýst 1981.	
Stærð km	357,8 km ²	Stærð ha 35.783,9
Lokunarákvæði	Á tímabilinu 1. maí til 10. júní er umferð um varplönd heiðargæsar bönnuð. Flug neðan 3.000 feta hæðar yfir friðlandinu utan jökuls er óheimilt á tímabilinu 10. maí til 10. ágúst.	
Landvarsla	Svæðalandvörður á Suðurlandi fór sumarið 2014 um þann hluta svæðisins sem er austan Þjórsár.	
Fræðsluáætlun	Drög að skilti liggja fyrir en beðið er með að setja það upp þangað til stækkun friðlandsins er frágengin.	
Skilti	Engin. Aðkomu- og fræðsluskilti eru í vinnslu, en beðið er með uppsetningu þeirra þar til ákvörðun hefur verið tekin um stækkun friðlandsins.	
Stígar	Engir formlegir stígar en göngufólk fer yfirleitt um gömlu Þjóðleiðina (reiðleið) um svæðið.	
Öryggi	Skálinn í Nautöldu er öllum opin en hann er með kojum. Kofinn heldur vatni og vindum en vart meira. Símasamband á svæðinu (GSM) er gott.	
Framkvæmdir	Sumarið 2014 var alaskalúpína stungin upp á nokkrum stöðum í Þjórsárverum; í Kvíslaveitum Landsvirkjunar, austan Þjórsár, þ.á.m. við skálann í Þúfuvötnum. Skálagestir þetta sumarið voru skilningsríkari en árið á undan. Það þarf að taka afstöðu til skálans við Nautöldu en hann er orðinn mjög slappur. Farið var með efni í tvo nýja kamra í Þjórsárver síðsumars 2014 og er fyrirhugað að setja þá saman að ári. Jón Björnsson, sérfræðingur UST á Hornströndum, hafði veg og vanda að því. Landhelgisgæslan lagði til flutning efnisins á þyrlu.	
Alþjóðasamningar	Á Ramsar og á Bernarvíðauka III vegna heiðargæsar.	
Vöktun	Ekki stendur yfir skipulögð vöktun í Þjórsárverum en ýmsar rannsóknir á fuglum, vötnum, vistfræði og lífríki svæðisins hafa verið gerðar allt frá 1971. Árið 2009 hófust jarðfræðirannsóknir við Múlajökul. Alaskalúpína var fjarlægð á nokkrum stöðum í Kvíslaveitum Landsvirkjunar, austan Þjórsár, sumarið 2013. Verður svæðið vaktað að lágmarki tvisvar sinnum á sumri m.t.t. hennar og plantan fjarlægð þar sem hún finnst.	
Rannsóknir	Ýmsar rannsóknir á fuglum, vötnum, vistfræði og lífríki svæðisins hafa verið gerðar allt frá 1971. Árið 2009 hófust jarðfræðirannsóknir við Múlajökul.	
Annað	Utanvegaakstur er mikið áhyggjuefni í Þjórsárverum. Framkvæmda er þörf til að sporna við honum. Sumur 2010 og 2011 sá Gísli Már Gíslason sem var í gönguferðum á svæðinu, för eftir fjórhjól og jeppa við Arnarfell og undir austanverðum Arnarfellsmúlum, við sunnan- og austanverða Nautöldu og við Blautukvísl á leið í Setur. Einnig fannst aurlíf af stórum jeppa um mitt Oddkelsver. Búið er að grafa niður fiskikar í áreyrnar við Nauthagajökul, við heita lind við austuranvert Ólafsfell, þar sem jeppamenn baða sig á vetrum og eru myndir af því í bók Jóns Snælands um Lindir á Íslandi, ásamt jeppum bæði við lindina og Nautöldu. Þessar myndir eru teknar að sumarlagi. Þann 16. júlí 2011 kl 14. sást hvít háþekju flugvél fljúga í lágflugi (í u.þ.b. 100 fetum, 30 m) yfir Múlunum og Múlavera framan við Múlajökul. Umhverfisstofnun hefur komið tilmælum til Flugmálastjórnar um að slíkt hátterni sé brot á reglum sem gilda á svæðinu og geti haft neikvæð áhrif á fuglalíf í Þjórsárverum.	

Annað

Breiðafjörður	Sérlög
----------------------	---------------

Friðlýst	Svæðið er verndað með lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.		
Stærð km	2.874,0 km ²	Stærð ha	287.400,0
Fræðsluáætlun	<p>Gefnir hafa verið út tveir bæklingar; Náttúra og saga Breiðafjarðar og Fuglalíf á Breiðafirði á íslensku og ensku.</p> <p>Breiðafjarðarnefnd mun gefa út nýjan bækling 2014 um nytjar og hlunnindi á Breiðafirði.</p> <p>Árið 2011 stóð nefndin að gerð upplýsingaskilta um Breiðafjörð sem sett voru upp í Stykkishólmi, Flatey og á Brjánslæk.</p> <p>Á vefslóðinni breidarfjordur.is er að finna ítarlegar upplýsingar um svæðið í heild sinni ásamt verndaráætlun og lögum er gilda um svæðið.</p>		
Skilti	Árið 2011 stóð nefndin að gerð upplýsingaskilta um Breiðafjörð sem sett voru upp í Stykkishólmi, Flatey og Brjánslæk.		
Annað	<p>Sjá Breiðarfjarðanefnd.</p> <p>Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð var samin af árið 2001. Endurnýjuð verndaráætlun er fyrirhugað fyrir lók 2014.</p>		

	Hvannalindir-Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarðar
Friðlýst	Auglýsing nr. 32/1973 í Stjórnartíðindum B. Friðland.	
Stærð km	51,1 km ²	Stærð ha 5.105,6
Lokunarákvæði	ATH: Hvannalindir falla nú undir Vatnajökulsþjóðgarð sbr. breytingu á reglugerð 608/2008 - sjá 463/2013	
Landvarsla	Landvarsla var í Hvannalindum í sumar, 2013 líkt og önnur sumur og heimsótti þjóðgarðsvörður Hvannalindir nokkru sinnum á árinu. Einnig var hálendisfulltrúi austursvæðis mikið á svæðinu í sumar.	
Samningur	Samningur um umsjón við Vatnajökulsþjóðgarð.	
Fræðsluáætlun	Sumarið 2014 fór landvörður í fræðslugöngur með ferðamenn að Eyvindarrústum og að Kreppuþróng.	
Skilti	Komin eru upp lágstemmd skilti með upplýsingum um landvörslu og tjaldbönn.	
Sjálfbóðaliðar	5 manna hópur vann í afmörkun göngustíga	
Framkvæmdir	Mikið og gott starf var unnið í Hvannalindum og Krepputungu sumrin 2012, 2013 og 2014. Eftirlit og rakstur vegna utan vega aksturs var stór hluti af starfinu í ár sem önnur ár og var megin áherslan lögð á átakssvæðið sem var markað 2011, þó svo að reynt hafi verið að sinna allri tungunni. Kamrarnir tveir voru málaðir, grjóti hlaðið við þá, málning á hellum inn við rústir var endurnýjuð, gönguleið stikuð að Kreppuþróng, skipt um stikur og þær málaðar inn að rústum, nýjar stikur og kaðlar settar umhverfis rústir og fjárhús, slóðar stikaðir og hlaðið meðfram slóðum. Stefnan er sett á að reyna að auka starf sjálfbóðaliða í tungunni næstu árin.	
Vöktun	Landvarslan, s.s. vöktunin, eftirlitið og fræðslan er að aukast í Lindunum.	
Annað	Nærumhverfi Eyvindarrústanna í Hvannalindum hefur látið á sjá síðustu ár. Enn eru töluverðar traðkskemmdir á gróðri umhverfis rústirnar. Ferðamönnum sem heimsækja Hvannalindir fer sennilega hægt fjölgandi og ástæða þykir til að gera viðunandi úrbætur til að vernda gróður og hleðslur. Mikilvægt er að koma upp sjálfvirkri talningu á bílastæði við rústir til að átta sig á fjölda ferðamanna. Áhersla þarf að vera á að sú lausn sem valin verður til að bæta aðstæður við rústir falli að landslagi og verði lítið áberandi í umhverfinu. Ef ráðist er í úrbætur í kringum Eyvindarrústirnar er ljóst að fleiri aðilar þurfa að koma þar að m.a. Umhverfisstofnun, Fornleifavernd ríkisins og Fljótsdalshérað og hafa um það gott samstarf.	

	Vatnajökulsþjóðgarður	Sérlög
Friðlýst	Vatnajökulsþjóðgarður var stofnaður árið 2007 samkvæmt lögum nr. 60/2007. Reglugerð 608/2008.	
Stærð km	12.898,5 km ²	Stærð ha 1.289.846,5
Samningur	Vatnajökulsþjóðgarður er ríkisstofnun og fer umhverfisráðherra með yfirstjórn mála er varða þjóðgarðinn.	
Sjálfbóðaliðar	Þjálfaðir 5 - 10 manna hópar af sjálfbóðaliðunum Umhverfisstofnunar hafa unnið viðar í Vatnajökulsþjóðgarði, í samstarf við þjóðgarðsvörðum og landvörðum á eftirfarandi svæðum: Skaftafell: 11 vikur, Snæfell: 1 vika, Kverkfjöll: 2 vikur, Jökulsárgjúfur 5 vikur, Askja, Drekgil: 2 vikur, Nýidalur: 2 vikur, Lakagigar: 7 vinnudagar, Eldgjá: 2 vikur. Myndir á https://www.facebook.com/vatnajokullnationalpark og á http://www.facebook.com/ICV.IS	
Annað	Sjá Vatnajökulsþjóðgarður	

Friðlýst

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum var stofnaður árið 1930 samkvæmt lögum nr. 59/1928, um friðun Þingvalla. Lög um þjóðgarðinn á Þingvöllum er 47/2004. Reglugerð um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 848/2005.

Stærð km227,9 km²**Stærð ha**

22.788,7

Annað

Sjá Þjóðgarðurinn á Þingvöllum



UMHVERFISSTOFNUN

AKUREYRI Borgum við Norðurslóð 600 Akureyri sími 591 2000	EGILSSTAÐIR Tjarnarbraut 39 700 Egilsstöðum sími 591 2000	ÍSAFJÖRÐUR Mánagötu 2 400 Ísafirði sími 591 2000	MÝVATN Hraunvegji 8 660 Mývatni sími 591 2000	REYKJAVÍK Suðurlandsbraut 24 108 Reykjavík sími 591 2000	SNÆFELLSNES Klettsbúð 7 360 Hellissandi sími 436 6860	PATREKSFJÖRÐUR Aðalstræti 67 450 Patreksfirði sími 591 2000	VESTMANNAEYJAR Strandavegi 50 900 Vestmannaeyjum sími 591 2000
---	---	--	---	--	---	---	--